



## Gamall draumur að rætast

Leikarinn John Rhys-Davies sló í gegn í hlutverki sínu sem dvergurinn Gimli í *The Lord of the Rings*. Hann var staddur á Íslandi á dögunum við tölur á nýrri íslenskri kvikmynd. Í einkaviðtali segir hann frá reynslu sinni sem leikari og ræðir framtíðarverkefni sín. ➔ 24

Súr saga  
Íslandssagan  
sögð með  
fjörlegum  
hætti. ➔ 26




Sósíalistar í Neskaupstað  
Grímur Hákonarson. ➔ 32

MYND: GUNNARFREYR.COM

GLÆSILEG JÓL

TENDRUM LJÓSIN  
Á TRÉNU KL. 14 Í DAG  
DAGSKRÁ Á BLS. 14-15

 SMÁRALIND

Vaxtalaus afborgun af  
**ÖLLUM ÚRUM  
OG SKARTGRIPUM**

  
MICHELSEN  
URSMIDIR

Laugavegi 15 og Kringlunni – www.michelsen.is

## Veður



Hvöss sunnanátt og áfram vætu- samt á sunnan- og vestanverðu landinu en þurr og bjart veður á köflum norðaustanlands. Hiti víða 8 til 13 stig. **SJÁ SIÐU 42**



Slysið varð á Landspítalannum.

## Fékk þungan sjúkling á sig

**DÓMSMÁL** Landsréttur staðfesti í gær dóm Héraðsdóms Reykjavíkur um að íslenska ríkið sé bótaskyld vegna slyss sem hjúkrunarfræðingur varð fyrir við umönnun sjúklings á Landspítalannum.

Slysið varð með þeim hætti að hjúkrunarfræðingurinn, kona, var að aðstoða mjög þungan og veikan einstakling við að klæða sig í sokka. Hann féll af fullum þunga ofan á hjúkrunarfræðinginn, sem sat á hækjum sér. Við þetta meiddist konan í baki. Hún hafði viðvarandi bakverki eftir slysið. Ríkið var dæmt til að greiða 900 þúsund krónur í málskostnað en ekki var í þessu máli tekið á um fjárhæð bótanna. – bg

## Útköll vegna veðurofsans

**BJÖRGUNARSEITIR** Björgunarsveitir á Suðvesturlandi hófu í gærkvöldi farið í þrjú útköll vegna veðurs. Aðgerðastjórnir á höfuðborgarsvæðinu voru í viðbragðsstöðu vegna krappar lægðar sem gekk yfir landshlutann.

Davíð Már Bjarnason, upplýsingafulltrúi Landsbjargar, sagði í samtali við Fréttablaðið í gærkvöldi að í Þorlákshöfn hafi björgunarsveitir verið ræstar út vegna foks á lausamunum, í Reykjanesbæ var útkall vegna þaks sem var að fjúka af húsi og þá óskaði lögreglan í Hafnarfirði eftir aðstoð vegna foks. – bg

## Blakan á íslensku



Þeir Haraldur H. Guðmundsson, Pétur Ingvi Leósson og Gísli Einarsson fögnuðu bæði degi íslenskrar tungu og opnun nýrrar verslunar Nexus í Glæsibæ í gær með því að kynna útgáfu myndasagna um Leðurblókumanninn á íslensku. Blöðin um ofurhetjuna vinsælu verða gefin út undir nafninu Blakan. Fyrsta blaðið verður tuttugu blaðsíða friblað en svo kemur fyrsta stóra blaðið, um eða yfir hundrað síður, í desember. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## 100 milljónir til Jemens

**UTANRÍKISMÁL** Hundrað milljónum verður varið til neyðaraðstoðar í Jemen. Þetta kom fram í tilkynningu sem utanríkisráðuneytið birti á vef sínum í gær. Þar sagði enn fremur að framlagið skiptist jafnt á milli Matvælaáætlunar (WFP) og Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna (UNICEF).

„Neyðin er slík að hver mínúta skiptir máli. Við bregðumst við með auknum stuðningi við stofnanir á vettvangi, annars vegar til að sporna gegn yfirvofandi hungursneyð og hins vegar að úrbótum í vatnsmálum til að verjast útbreiðslu smitsjúkdóma,“ var haft eftir Guðlaugi Þór Þórðarsyni utanríkisráðherra.

Styrjöldin í Jemen hefur haft miklar og neikvæðar afleiðingar fyrir íbúa og er, að því er utanríkisráðuneytið sagði, talið að um 75 prósent íbúa hafi bráða þörf fyrir mannúðaraðstoð. Þá vofir hungursneyð yfir og skæðir sjúkdómar gera vart við sig. – þea

# Dómararnir ræða sín á milli um birtingu dóma

Hvorki blaðamenn né háskólamenn eiga fulltrúa á fundi dómstólasýslunnar um birtingu dóma á netinu. Það kostar 4.500 krónur að sitja fundinn. Fleiri sjónarmið þurfa að heyrast en þröng stéttasjónarmið segir nýdóktor í lögum.

**STJÓRNSÝSLA** Nýdóktor í lögum segir að fleiri sjónarmið en eingöngu þröng stéttasjónarmið lögmannna og dómara þurfi að koma fram um fyrirhugaðar breytingar á reglum um birtingu dóma á netinu.

Dómstólasýslan hefur boðað til málþings um efnið en hvorki fjölmiðlar né fræðasamfélagið eiga þar fulltrúa meðal frummælenda heldur munu dómara af öllum dómstögum, formaður lögmannafélagsins og forstjóri Persónuverndar ræða efnið, ásamt dómsmálaráðherra sem flytur ávarp í upphafi fundar. Greiða þarf 4.500 krónur fyrir að sitja fundinn.

„Það var ákveðið að kynna fyrst þessi frumvarpsdrög í samfélagi lögfræðinga til að ná samtali þar en á síðari stigum eru menn alveg reiðubúnir til að taka þetta fyrir á öorum vettvangi,“ segir Ólöf Finnsdóttir, framkvæmdastjóri dómstólasýslunnar. Hún segir tilkynningu um fundinn verða senda út þegar nær dragi og fjölmiðlafolki sé að sjálfsgögu velkomid að sitja fundinn.

Töluverð umræða hefur orðið að undanfögnu um frumvarpsdrögin og af henni hafa sprottid vanga- veltur um hvort nýjar reglur muni verða til þess að takmarka fréttá- flutning af dómsmálum og störf dómstóla verði þannig ekki eins opin almenningsi og áður.

„Það er full ástæða til að bjóða fleirum að þessu samtali, enda fleiri sjónarmið sem þurfa að komast að í málinu en þröng stéttasjónarmið,“ segir Haukur Logi Karlsson, nýdóktor í lögum við Háskólann í Reykjavík.

Hann segir að auk blaðamanna



Hæstiréttur á sinn fulltrúa meðal frummælenda, Benedikt Bogason, hæsta- réttardómari og stjórnarformann dómstólasýslunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Framsögumenn fundar dómstólasýslunnar

**Sigríður Á. Andersen** dómsmálaráðherra (ávarp).

**Benedikt Bogason** hæstaréttardómari og formaður stjórnar dómstólasýslunnar.

**Sigurður Tómas Magnússon** landsréttardómari og formaður réttarfarsnefndar.

**Ingibjörg Þorsteinsdóttir** héraðsdómari og formaður Dómarafélags Íslands.

**Berglind Svavarsdóttir** lögmáður og formaður Lögmannafélags Íslands.

**Helga Þórisdóttir** forstjóri Persónuverndar.

sem helsta tengiliðs dómskerfisins við almenning hafi akademian einnig sliku upplýsingahlutverki að gegna.

„Fyrir fræðimenn innan lögræð- innar eru dómara ákveðin frumgögn og heftur aðgangur að þeim hefði náttúrulega áhrif á okkar störf,“ segir Haukur. Því vanti ekki ein- göngu fulltrúa fjölmiðla á fundinn heldur einnig fræðasamfélagsins.

Í auglýsingu fundarinnar er velt upp spurningum um hver sé tilgangur birtingar dóma; hvort hún sé ætluð sem hluti refsingar brotamanna og hvort tilgangur frumvarpsins sé að loka alveg fyrir upplýsingar um þá sem fá dóma fyrir afbrot eða hvort því sé aðeins ætlað að loka fyrir nafnbirtingu á netinu í boði dóm- stóllanna.

adalheidur@frettabladid.is

Gefðu góðar minningar  
Jólagjafabréfin komin í sölu!

10.000 = 15.000

20.000 = 30.000

595 1000

Heimsferðir

# STÓRA SERIU HELGIN

Allar seríur og jólaljós, okkar mesta úrval frá upphafi  
Lýkur á sunnudaginn

# 20-40% afsláttur



**20% afsláttur**

FROST ❄️  
**3.192 kr**  
~~3.990 kr~~  
Ljósahringur Curly  
40 cm, 64 LED hlýr hvítur.  
14500951



**20% afsláttur**

FROST ❄️  
**3.192 kr**  
~~3.990 kr~~  
Ljósahringur 26 cm  
26 cm, 100 LED, úti og inni.  
2703522



**20% afsláttur**

FROST ❄️  
**1.990 kr**  
~~2.490 kr~~  
Frostrós í glugga  
2703001/39-40



**Sjáðu verðit!**

**20% afsláttur**

Samtengjanlegar  
LED útiserfúr  
50 ljósa

FROST ❄️  
**3.990 kr**  
~~4.990 kr~~  
Rauð, köld hvít, hlý hvít og marglituð.  
14500290-293



**40% afsláttur**

FROST ❄️  
**1.190 kr**  
~~1.990 kr~~  
Aðventuljós, 7 ljósa  
14500401-2



Maja Ben hjá  
"Ég er komin heim"  
veitir litaráðgjöf

Litaráðgjöf  
í Skútuvogi  
kl. 11-16



**25% afsláttur**

Af allri LADY málningu

TÖLUR VIKUNNAR 11.11.2018 – 17.11.2018

## 5 þúsund

íbúðir tæplega eru á framkvæmdastigi á 32 stöðum í Reykjavík, samkvæmt nýrri greiningu um fasteignamarkaðinn sem Capacent hefur unnið fyrir borgina.



## 100

tilkynningar um innbrot í ökutæki bárust lögreglu í höfuðborgarsvæðinu frá 1. október til 15. nóvember.



## 307

hafa sent inn umsókn um undanþágu til íslensks ríkisborgararéttar til Alþingis. Hefur fjöldi umsókna fjórfaldast á síðustu þremur árum.

## 120 milljóna

króna aukningu er gert ráð fyrir í fjárlagafrumvarpi ársins 2019 til að auka aðstoð við þingflokka og þingmenn. 17 aðstoðarmenn eiga til dæmis að deilast niður á þingflokkan.



## 21

tilkynning um kynferðisbrot barst lögreglu í höfuðborgarsvæðinu í október. 30 prósent fleiri en meðaltal síðustu 6 mánaða.

## 2,13 %

var hlutfall heildarútgjalda til rannsókna og þróunarstarfs á árinu 2017 af vergi landsframléiðlu. Var upphæðin 55,7 milljarðar króna.

## Þrjú í fréttum Gagnrýni, prófsteinn og förgun

### Ari Matthíasson

þjóðleikhusstjóri

vill ekki þjá sig um hin gagnrýndu drög að frumvarpi um sviðslistir. Lýtur gagnrýnin meðal annars að auknum völdum þjóðleikhusstjóra og er vísað til þess að hann verði allt að því einvaldur og þjóðleikhusráð gert nánast valdalaust.



### Jóhanna Sigurðardóttir

fyrirverandi forsætisráðherra

spurði hvort Katrín Jakobsdóttir léti fyrirhugaðar skerðingar til öryrkja yfir sig og sinn flokk ganga. Jóhanna segir málið prófstein á Katrínu og VG.



### Jón Gnarr

fyrirverandi borgarstjóri

lét farga Banksmyndir í eigu sinni. Jón fékk verkið að gjöf þegar hann var borgarstjóri og hékk það uppi á vegg í skrifstofu hans í ráðhúsinu. Eftir að bent var á að hann hefði tekið það með sér heim lét hann eyðileggja það.



## FRÉTTABLAÐIÐ

Vertu fyrst/ur  
að lesa blaðið

Fáðu blað dagsins í tölvupósti kl. 5.00 á morgnana.

Skráðu þig á póstlista Fréttablaðsins á [www.frettabladid.is/nyskraning](http://www.frettabladid.is/nyskraning). Það kostar ekkert.

# Riðlist ekki á náttúrunni eins og rófulausir hundar á lóðatík

Árni B. Stefánsson hellakönnuður segir stjórnvöld þurfa að gripa inn í til að vernda hella fyrir ágangi. Ferðaþjónustan vilji aðeins græða sem mest á náttúrunni og hafni að greiða til hellaverndar. Stjórnvöld þurfi því að gripa inn í málið. Hellinum Arnarkeri var lokað á sunnudag. Ölfus er jákvætt fyrir einkarekstri.

**UMHVERFISMÁL** Hellinum Arnarkeri, sem illa er farinn af sívaxandi ágangi ferðamanna, hefur verið lokað.

„Við sitjum eins og saklausir afdalabændur og leyfum hlutunum að gerast í kring um okkur. Það er kjánalegt að gera ekkert í að verja þessar gersemur sem við erum að státa af,“ segir Árni B. Stefánsson, formaður hellaverndunarnefndar Hellarannsóknarfélags Íslands.

Síðastliðinn sunnudag fjárlægðu fulltrúar Hellarannsóknarfélagsins járnstiga sem þeir höfðu sett ofan í op Arnarkers fyrir átján árum. Var það gert í samráði við landeiganda. Arnarker er á landi í eigu vatnsátöppunarfyrtækis athafnamannsins Jóns Ólafssonar í Ölfusi.

„Stigurinn að hellinum er orðinn eitt drullusvað sem og hellisbotninn sjálfur,“ segir í bókun markaðs- og menningarnefndar Ölfuss. Slysahætta sé við hellinn. Markaðsnefndin segir leyfi fengið frá landeiganda til þess að lagfæra stigin og setja nýjan stiga. Óskað hafi verið eftir styrk í framkvæmdasjóð ferðamannastaða. Þá kveðst nefndin jákvæð gagnvart því að einkaaðilar byggji þar upp þjónustu.

Árni B. Stefánsson segir ástandið við Arnarker langt í frá einsdæmi. Ferðaþjónustufyrirtæki beiti fyrir sig gömlum lögum frá þjóðveldisöld um frjálsa umferð um land.

„Það nær náttúrulega engri átt að selja aðgang að landi annarra án samræðs við þá og eyðileggja fyrir viðkomandi. Það er ekki sanngjarn,“ segir Árni og lýsir slæmri stöðu.

„Hellarnir eru viðkvæmstu náttúrumínjar landsins og þeir hafa orðið fyrir óheyrilegum skaða – af mannavöldum eingöngu. Skreyttu hellarnir eru eins og gjafavöruslur sem er opin til sjálfsafgreiðslu.



Arnarker, um fimm hundruð metra hellir, í landi Hliðarenda í Ölfusi. MYND/GUÐMUNDUR BRYNJAR ÞORSTEINSSON

Það sem ég sé fyrir mér er að ferðamenn og ferðaþjónustufyrirtæki hætti að riðlast á þessu viðkvæma landi okkar eins og rófulaus hundur á lóðatík.

Árni B. Stefánsson, formaður hellaverndunarnefndar



Það hverfur allt sem hægt er að taka,“ útskýrir Árni.

Að sögn Árna þarf að verja hellana en hafa þá samt sýnilega. Ferðaþjónustuaðilar láti sig málið engu varða og stjórnvöld þurfi því að taka á hlutunum. Leggja þurfi á gjöld svo ferðaþjónustan taki þátt í nauðsynlegum fyrirbyggjandi aðgerðum og mótvægisáðgerðum.

„Það sem ég sé fyrir mér er að ferðamenn og ferðaþjónustufyrirtæki hætti að riðlast á þessu viðkvæma landi okkar eins og rófulaus

» Hellarannsóknarfélagið var stofnað 25. nóvember 1989.

hundur á lóðatík,“ segir Árni. „Ég hef með fullri alvöru farið fram á að menn leggi tíu prósent af brúttótekjum af ferðum í valda hella í varnar-, rannsókn- og fræðslusjóð. Þeir segja að það komi ekki til greina; ekki tíu prósent, ekki eitt prósent, ekki nokkurn skapaðan hlut.“ [gar@frettabladid.is](mailto:gar@frettabladid.is)

## RAM 3500 - HÖRKUTÓL SEM ENDIST

ramisland.is



TRYGGÐU ÞÉR NÝJAN RAM 3500 SLT, LARAMIE EÐA LIMITED.  
RAM 3500 VERÐ FRÁ KR. 6.395.000 ÁN VSK.  
KR. 7.929.800 MEÐ VSK.


RAM 3500 LIMITED 40" BREYTTUR

**ÍSABAND**  
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOD

UMBODSADILI RAM TRUCKS Á ÍSLANDI • PVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 534 4433  
WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16



# HELGAR- TILBOÐ



**VIÐ FÖGNUM**  
1 ÁRI Á NÝJUM STAÐ Í DAG

**25% AFSLÁTTUR**  
AF ÖLLUM VÖRUM

next.a.islandi next  
KRINGLUNNI  
S: 556 1200



Það tæki HÍ sjö til tíu ár að mennta fólk í staðinn fyrir þá lífeindafræðinga sem gætu hætt strax. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Fjörutíu prósent félaga yfir sextíu ára aldri

Alvarleg staða blasir við verði ekki gripið til aðgerða til að auka fjölda lífeindafræðinga á landinu. Fyrst var bent á nýliðunarvandann fyrir tæpum áratug en staðan hefur ekkert breyst. Gætu hætt á morgun segir formaður FL.

**KJARAMÁL** Nýliðunarvandi ríkir hjá lífeindafræðingum og nú er svo komið að bregðast þarf við ef ekki á illa að fara. Tæplega fjórtíu prósent, 112 af 289, virkra félagsmanna í Félagi lífeindafræðinga (FL) er yfir sextíu ára aldri. Formaður FL segir að fyrst hafi verið varað við stöðunni fyrir tæpum áratug.

„Vandinn er mjög margbættur, bæði hvað varðar orsakir og lausnir. Langvarandi ráðningabann var hjá ríkinu á ákveðnu tímabili sem olli því að lífeindafræðingar streymdu inn á almenna markaðinn. Heilu árgangana vantar því í störf hjá ríkinu,“ segir Alda M. Hauksdóttir, formaður FL.

Samtímis hafi tækniframfarir verið miklar í geiranum og framlegð hvers starfsmanns aukist í samræmi við það. Það hafi valdið því að ráðamenn hafi látið viðvörunarorð um nýliðunarvanda og skort á mannafla sem vind um eyru þjóta.

„Þó að ríkið nái öllum nýtskrifuðum til sín næstu fimmtán árin væri það enn í halla. Stærstur hluti þeirra sem eru yfir sextugu er í B-deild Lífeyrissjóds starfsmanna

**Þó ríkið nái öllum nýtskrifuðum til sín næstu fimmtán árin væri það enn í halla.**

Alda M. Hauksdóttir, formaður Félags lífeindafræðinga



ríkisins og gætu hætt á morgun ef þeir kysu svo. Það tekur Háskóla Íslands sennilega um sjö til tíu ár að mennta fólk í staðinn,“ segir Alda.

Hvað menntunina varðar eru einnig hindranir. Til að geta hlotið réttindi sem lífeindafræðingur þarf að ljúka starfsnámi sem er ólaunað. Þá vantar rannsóknarstofnunar oft fjármagn til að geta tekið á móti fleiri nemum þar sem ekki eru til nægilega margir leiðbeinendur.

„Ríkið er alls ekki samkeppnishæft um launakjör við almenna markaðinn auk þess sem vinnutími og binding hjá stofnunum er ekki aðlaðandi fyrir yngri kynslóðina. Hún sættir sig ekki við að vinna alla

daga, allar nætur og hátíðisdaga,“ segir Alda.

Verði ekkert að gert blasir við að ráða þurfi erlent starfsfólk. Sá möguleiki er tækur en Alda segir að tungumálaörugleikar og mismunandi menntunarstig milli landa geti haft áhrif. Mikilvægt sé að lífeindafræðingur skilji bæði það sem fram fer á rannsóknarstofunni og sjúkl-inginn sjálfan.

„Það er nauðsynlegt að auka fjármagn til verklegs og klínísks náms lífeindafræðinga svo að að lágmarki fimmtán á ári útskrifist með diplómagráðu. Þá þyrfti einnig að setja hvata í háskólanámið til að liðka fyrir lausninni. Mögulega væri hægt að bjóða nemanda styrk í stað láns sýni hann eðlilega námsframvindu á meðan verið er að mæta brýnustu þörfinni,“ segir Alda.

Einnig leggur hún til að diplómaárið verði styrkhaft og með því myndist hvatning fyrir þá sem lokið hafa BS-prófi til að fara í diplómanámið til að öðlast starfsréttindi sem lífeindafræðingur. Að endingu þurfi að bæta starfskjörin hjá ríkinu. [joil@frettabladid.is](mailto:joil@frettabladid.is)

## Sagðist hafa lagt bíl utan vegar og var sýknaður af ákæru um ölvunarakstur

**DÓMSMÁL** Karlmaður var í Héraðsdómi Vestfjarða á dögnum sýknaður af ákæru um ölvunarakstur þar sem ekki þótti sannað að hann hefði ekið bifreiðinni umrætt sinn.

Atvikidi átti sér stað í mars á þessu ári en þá fékk lögreglan á Vestfjörðum tilkynningu um umferðaróhapp. Þegar lögreglu bar að garði var maðurinn sjáanlega ölvaður og með bíllyklana í hendinni og bifreiðin var vel fyrir utan veg. Maðurinn neitaði hins vegar að hafa ekið henni.

Maðurinn sagðist hafa lagt bifreiðinni á þessum stað fyrr um kvöldið og hún hefði setið þar föst. Hann hefði farið í parti og síðan á hátíðina Aldrei fór ég suður. Hann hefði aðeins farið í bifreiðina til þess



Lögreglan hafði afskipti af mannum vegna gruns um ölvunarakstur. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

að sækja veski sitt. Þá hafi fólk borið að sem boðist hafi til þess að draga bifreiðina.

Umrætt fólk gaf vitnaskýrslu við meðferð málsins fyrir dómi. Þegar fólkidi bar að garði hafi bifreiðin verið úti í skurði og maður undir stýri. Það hafi hringt á lögregluna og rætt við manninn þar til hún kom á staðinn. Þá bar annað fólk vitni um að það hefði séð bifreiðina fara út af.

Sem fyrir segir neitaði maðurinn sök. Dómari málsins mat það svo að framburður vitna hefði verið misvisandi um hvort bifreiðin var í gangi þegar hún var utan vegar. Þar með þótti ekki sannað að maðurinn hefði ekið fullur en vinandamagn í blóði mældist 2,3 prómill.

Sakarkostnaður málsins, rúmar 300 þúsund krónur, greiðist úr ríkissjóði. – jø

**ORKUSTOFNUN**

**Energy in the West Nordics and the Arctic**  
Kynningarfundur  
30. nóvember kl 8:00 – 10:00  
í Orkustofnun

**Dagskrá**

**8:00 Light refreshments**  
**8:30 Opening statement**  
Dr. Guðni A. Jóhannesson, Director General, Orkustofnun

**8:40 Energy in the West Nordics and the Arctic**  
Kevin Johnsen, Adviser, Nordic Energy Research

**9:15 The Carbfix Project**  
Bergur Sigfússon, Senior Geoscientist at OR

**9:30 Alternative Fuels in Ships**  
Sigríður Ragna Sværisdóttir, General Manager at Hafid

**9:45 Alternative Fuels in Vehicles**  
Jón Björn Skúlason, General Manager at Íslensk Nýorka

**10:00 End of Seminar.**  
Chairman of the Seminar, Erla B. Þorgeirsdóttir, Manager - Masterplan - Electricity Generation  
Sjá nánar á: [www.os.is](http://www.os.is)

Orkustofnun - Grensásvegi 9 - 108 Reykjavík - Sími 569-6000 - [www.os.is](http://www.os.is)

**Rauði krossinn**  
Reykjavík - Kvinnadeild

**Jólabasar**  
Kvinnadeildar Rauða krossins

Basarinn verður haldinn laugardaginn 17. nóvember frá kl. 13-16 í húsi Rauða kross Íslands, Efstaleiti 9.

Á boðstólum verða fallegir handunnir munir, þrjónavara, heimabakaðar gómsætar tertur og margt fleira.

Allir eru hjartanlega velkomnir á basarinn og hvattir til að taka með sér gesti og jólabaskapið.

Nánari upplýsingar á [raudikrossinn.is/reykjavik](http://raudikrossinn.is/reykjavik)

Allur ágóði af söluinni rennur óskiptur til Heilahristings. Heilahristingur er verkefni þar sem sjálfbóðaliðar Rauða krossins aðstoða nemendur af erlendum uppruna við heimanám og lestur í notalegu og rölegu umhverfi bókasafna borgarinnar.

# RISA

# TAX

# FREE

# DAGAR

## 15.-19. nóvember

**Taxfree\* af öllum fatnaði,  
öllum skóm, öllum leikföngum,  
öllum heimilisvörum, öllum F&F fatnaði  
og öllum snyrtivörum.**

\*Taxfree jafngildir 19,36% afslætti.

Að sjálfsgöðu fær ríkissjóður 24% vörðisaukaskatt af þessari sölu.



Opið allan sólarhringinn  
Garðabæ og Skeifunni

**HAGKAUP**

*Meira  
svona  
alla daga*

## Samræða við brotapolatálin skipta sköpum

**VÍSINDI** Það getur reynst kærindum kynferðisbrota afar erfitt að fá sent bréf heim þar sem þeim er tjáð að mál þeirra hafi ekki hlotið náð fyrir augum saksóknara og getur valdið öðru áfalli. Lögregluembættið á Norðurlandi eygstra vinnur að betrubótum á kerfinu og tilraunir hafa verið gerðar til að ræða niðurstöðu saksóknara á fundi með brotapolatálin.

Samstarfsverkefni Háskólans á Akureyri og lögreglunnar er sett á laggirnar til að mæta þörfum þolenda kynferðisbrota. Rannsóknarmiðstöð Háskólans hefur unnið að rannsóknum á reynslu kærinda nauðgana af réttarvörsluakerfinu. „Samkvæmt okkar viðmælendum þá virðist það hafa skipt nokkrum máli að fá viðtal um niðurstöðu héraðssaksóknara.

Þeir viðmælendur sem ég ræði við lýsa því að þó að niðurstaða ákærvaldsins hafi ekki verið í takt við vonir þeirra þá hafi verið betra að fá viðtal um niðurstöðuna í stað þess að fá bréf heim þar sem niðurstaðan er sett fram skriflega.“ segir Karen Birna Þorvaldsdóttir, meistaranemi í heilbrigðisvísindum við HA, sem vinnur að rannsókn á stöðu þol-

enda í réttarvörsluakerfinu í samvinnu við lögregluna. „Að mínu mati þarf að breyta verklaginu hvað varðar að senda bréf til þolenda kynferðisofbeldis um niðurstöðu ákærvaldsins, hvort mál verði felld niður eða þau tekin áfram. Hvort þessu verklagi verði fram haldið, að veita viðtal, verður svo að koma í ljós.“ bætir Karen Birna við. –sa



Háskólinn á Akureyri.

## Leiðir mótmæli afkomendanna

**SKIPULAGSMÁL** Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti Íslands, leiðir á morgun mótmæli gegn því „að grafir 600 Reykvikinga verði lagðar undir hótél“, eins og segir í tilkynningu hóps sem kallar sig Vini Víkurgarðs. Eftir ávarp Vigdísar „munu afkomendur nokkurra þeirra sem grafnir eru í garðinum lesa nöfn þeirra 600 manna, kvenna og barna sem þar voru jarðsett 1817 til 1838.“

Þá segir að tilgangurinn sé „að mótmæla því að graffarró hinna jarðsettu sé raskað með byggingu hótels sem á að ná yfir austurhluta garðsins. Í þeim hluta Víkurgarðs munu langflestir hinna 600 hafa verið grafnir á árunum 1817 til 1838.“ – gar



Vigdís Finnbogadóttir.

## Acosta vinnur áfangasigur

**BANDARÍKIN** Dómari skipaði Hvíta húsinu í gær að afhenda Jim Acosta, fréttamanni CNN, blaðamannapassa sinn í Hvíta húsið aftur. Acosta var sviptur passanum nýverið. Hvíta húsið sagði hann hafa stjakað við starfsmanni og birt Sarah Sanders upplýsingafulltrúi myndband sem fjölmiðlar hafa sagt að hafi verið átt við.

CNN fór í mál við Hvíta húsið og fleiri vegna málsins. Úrskurður dómara endurspeglar ekki endanlegan dóm í málinu. Þess í stað ákvað dómarrinn einfaldlega að Acosta skyldi fá passa sinn á meðan dómur hefur ekki verið kveðinn upp. Dómarrinn sagði þó líklegt að ákvörðun Hvíta hússins fæli í sér brot á meðal annars tjáningarfrelsi fréttamannsins.

Acosta fagnaði úrskurðinum og sagði viðstöddum blaðamönnum að snúa aftur til starfa. Sanders kvað Hvíta húsið mundu framfylgja úrskurðinum og endurskoða verklagsreglur til að tryggja sanngjarna blaðamannafundi í framtíðinni. –þea

# Gagnrýna hugmyndir ráðherra sem skerða fé til rannsókna

Svandís Svavarsdóttir hefur lagt fram frumvarp sem veitir visindasiðanefnd heimild til að rukka fyrir rannsóknir í heilbrigðisvísindum. Próffessorar við stóru ríkisháskólana eru afar gagnrýnir á hugmyndir ráðherra sem geri lítið annað en að takmarka það litla fé sem fyrir er til rannsókna hér á landi.

**VÍSINDI** Próffessorar við Háskóla Íslands og Háskólan á Akureyri leggja hart gegn frumvarpi heilbrigðisráðherra sem leggur til að visindasiðanefnd verði veitt heimild til að rukka fyrir umsóknir um rannsóknir í heilbrigðisvísindum. Telja þeir hugmyndir ráðherra ekki í takt við að styrkja vísindi og rannsóknir hér á landi.

Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra hefur lagt fram frumvarp á þingi sem gerir henni kleift að setja reglugerð um gjaldtöku visindasiðanefndar vegna umsókna um leyfi til að hefja visindarannsóknir á heilbrigðissviði. Gjaldtaka á borð við þá sem hér er lögð til visar til framkvæmdar erlendis og mikilvægis þess að á Íslandi starfi öflug visindasiðanefnd sem hefur burði til að takast á við þau verkefni sem henni eru falin samkvæmt lögum.

Sigurður Kristinnsson, próffessor við Háskólan á Akureyri og sérfræðingur í siðfræði rannsókna, segir þetta varhugaverða þróun. Hann segir áhugavert að Norðmenn skuli ekki fara þessa leið og telur of mörgum spurningum ósvarað hvað þessa lagabreytingu varðar.

„Ef gjaldtakan á að standa undir kostnaði er það opin tekki að mínu mati því kostnaður við rekstur visindasiðanefndar getur verið reiknaður á ýmsa vegu og menn vita því ekki alveg hvað það þýðir. Einnig er mér sagt að í Svíþjóð sé gjaldið fimm þúsund sænskar krónur. Það er nóg til að vera hamlandi fyrir rannsóknir og skapa ójafnvægi milli rannsakenda,“ segir Sigurður.

„Einnig þurfum við að velja fyrir okkur hvort það sé heppilegt að koma á viðskiptasambandi milli visindasiðanefndar og rannsakenda þar sem nefndin á að vera sjálfstæð og óháð. En fyrst og



Svandís Svavarsdóttir hefur lagt fram frumvarp á þingi sem gerir henni kleift að setja reglugerð um gjaldtöku visindasiðanefndar vegna umsókna um leyfi til að hefja visindarannsóknir á heilbrigðissviði. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Engilbert Sigurðsson, próffessor í geðlæknisfræði og forseti læknadeildar HÍ.

fremst er hættan sú að þetta fjármagn fari af öðru fé sem öllu jöfnu fer í rannsóknir og vísindi.“



Sigurður Kristinnsson, próffessor við Háskólan á Akureyri.

„Þó að í hópi umsækjenda til VSN séu einnig nokkur öflug fyrirtæki [sem rekin eru í hagnaðar-

skyni] á hverju ári sem munar lítið um að greiða til nefndarinnar, þá telur Læknadeild ekki ásætlanlegt að fara í þessa vegferð á meðan fjármögnun vísinda á heilbrigðissviði stendur jafn illa og raun ber vitni,“ stendur í gagnrýnni umsógn Engilberts Sigurðssonar, próffessors í geðlæknisfræði og forseta læknadeildar Háskóla Íslands. sveinn@frettabladid.is

## Verktakar meta tjón sitt á mörg hundruð milljónir

**SAMGÖNGUR** Hópur fimm undirverktaka hjá Strætó bs. telur sig hafa orðið fyrir og munu verða fyrir verulegu fjárhagslegu tjóni vegna itrekaðs framsals á samningi um ferðaþjónustu fatlaðra hjá Strætó. Verktakarnir telja að framsalið á samningnum úr þrotabúi Prime Tours til Far-vel á dögnum sé bæði ólöglegt og skaðabótaskyld, eins og framsalið sem átti sér stað þegar samningurinn fór frá Kynnisferðum til Prime Tours.

Í yfirlýsingu hópsins, sem samanstendur af AllcelandTours ehf., Birni Páli Angantýssyni, Efstahóli ehf., Erlu Harðardóttur og Ferðaglóðum ehf., segir að ætla megi að tjón þeirra á samningstímanum nemi hundruðum milljónum.

Verktakarnir unnu árið 2015 að hluta mál fyrir kærunefnd útboðs-



Styr hefur staðið um samninga vegna ferðaþjónustu fatlaðra hjá Strætó bs. Viðskiptin með þrotabúi Prime Tours lægðu ekki þar öldur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

mála vegna rammasamnings sem framseldur var frá Kynnisferðum til félags sem síðar átti eftir að heita Prime Tours. Kærunefnd útboðsmála komst að þeirri niðurstöðu að Strætó væri skaðabótaskyld gagnvart kærindum vegna ólöglegs framsals á samningnum.

Þrátt fyrir þær útskýringar skiptastjóra Prime Tours ehf. í Fréttablaðinu að um eðlileg viðskipti með eignir búsin hafi verið að ræða og ekki kennitölufلاك, tala verktakarnir þerum orðum um kennitölufلاك í þessu samhengi.

„Við teljum þetta bera skýrt og augljóst merki um kennitölufلاك sem gerir þetta framsal til Far-vel einnig ólöglegt og skaðabótaskyld,“ segir hópurinn og bendir á að matsmaður hafi þegar metið tjón þeirra á upp-

hafstímabili rammasamningsins á tugi milljóna.

„Á þeim tíma sem rekstur samningsins við Prime Tours ehf. lá niðri kom í ljós að ætla megi að tjón kærinda á samningstímabilinu öllu muni nema 400-700 milljónum vegna hins ólöglega framsals á samningi til Prime Tours ehf. Lögmaður okkar hefur farið yfir þessa útreikninga með okkur og hefur honum verið falið að gripa til allra nauðsynlegra ráðstafana til að meta tjónið sem Strætó bs. hefur valdið okkur og hyggst halda áfram að valda okkur og krefja Strætó um það.“

Verktakarnir segja í yfirlýsingu sinni að þeir telji þó að Strætó sé að baka sér enn hærri skaðabótaskyldu með gjörningnum sem sé „vitaverð soun á almannafé“ og skylaut brot á þeim sem viðsemjendum Strætó. –smj





TOYOTA

ALWAYS A  
BETTER WAY



Verið velkomin í

# PIPARKÖKUAKSTUR

Stórsýning í dag, kl. 12-16

REYNSLUKUSTUR.HAPPDRÆTTI



PIPARKÖKUGETRAUN

Giskaðu á fjöldann og þú gætir unnið 100 þúsund króna gjafakort frá Smáralind og 100 þúsund króna gjafabréf frá Kjötkompaníinu fyrir jólin.

REYNSLUKUSTURS-  
HAPPDRÆTTI

## RAV4 á hátíðlegu verði í Toyota Kaupúni

Ilmurinn úr Kaupúninu verður lokkandi í dag þegar við efnum til stórsýningar með pipruðu ívafi frá kl. 12-16. RAV4 á sérstöku sýningartilboði, aðrir bílar á góðum kjörum og piparkökur eins og þið getið í ykkur látið, að ógleymdri ískaldri mjólkinni. Kíkið við og komið allri fjölskyldunni í jólaskap. Við hlökkum til að sjá ykkur.



Toyota Kaupúni  
Kaupúni 6

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á [www.toyota.is](http://www.toyota.is). Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

## Vara við svindli á „black friday“

Þótt margir geri stórgóð kaup á hinum svokölluðu „black friday“ og „cyber monday“ er vert að hafa í huga að tölvubrjótur auka umsvif sín myndarlega á sama tíma. Þetta sagði Russ Schrader, stjórnandi bandarísku netöryggissamtakanna National Cybersecurity Alliance, við tæknimíðilinn CNet. Þessi umræða „hátið“ er í næstu viku og er því vert að hafa ummæli Schraders í huga, vilji maður versla á netinu.

Netöryggisfyrirtækið Domain-tools birti sams konar umfjöllun þar sem fram kom að tölvuglæpamenn geti búið til snjallforrit utan um ummsa gerviaflætti og lokkað þannig til sín fórnarlömb. — þea

## Villa gaf NASA falskar vonir

Könnunarfarið Opportunity hefur verið í dvala á Mars síðan rykstormur geisaði á plánetunni allri í júní. Stormurinn þakki sólarcellur Opportunity í ryki og gat það því ekki safnað orku. Síðan þá hefur NASA reynt itrekað að ná sambandi við farið en án árangurs.

Það vöknudu því vonir á ný þegar loftnetið DSS-54 nam merki frá Opportunity í vikunni. En vonin slokknaði þegar NASA komst að því að merkið barst í raun ekki frá Opportunity. Farið er því enn í dvala og merkið talið hafa borist frá öðru fari með svipaða tíðni. — þea

# Facebook sagt rúið öllu trausti

Valdafólk bálreitt eftir að NYT greindi frá því að Facebook hefði látið skrifa falsfréttir sem tengdu gagnrýndur miðilsins við eitt helsta skotmark öfgaihaldsmanna. Zuckerberg segist ekki hafa vitað af ráðningunni.

Yfirvöld í Washington, höfuðborg Bandaríkjanna, berja nú á samfélagsmiðlarisanum Facebook og það hvorki í fyrsta né annað skipti. Fáeinir mánuðir eru frá því Mark Zuckerberg, forstjóri og stofnandi Facebook, kom fyrir bandaríska þingjó til að svara spurningum þingmanna um Cambridge Analytica-hneykslið, meðferð persónulegra gagna og aðra meinta misbrestir. Þá kom Sheryl Sandberg framkvæmdastjóri fyrir upplýsingamálanefnd öldungadeildarinnar í september til að svara spurningum um misnotkun á samfélagsmiðlinum í aðdraganda miðkjörtímabilskosninga ársins.

Ósætti valdamanna nú kemur upp eftir að New York Times fjallaði á miðvikudaginn um krisustjórnunaraðferðir stjórnenda fyrirtækisins. Þar kom meðal annars fram að Facebook hafi ráðið fyrirtækið Definers Public Affairs sem hefur stundað andstæðingarannsóknir fyrir Repúblikana. Fyrirtækið skrif- aði falsfréttir og reyndi þannig að tengja gagnrýndur Facebook við auðjofurinn George Soros en sá er reglulega skotmark samsæriskenn- inga öfgaihaldsmanna.

Demókratinn Richard Blumenthal sagði að fregnirnar væru áminning um að það væri ekki lengur hægt að treysta stóru tækni-



Mark Zuckerberg, stofnandi Facebook, hefur átt erfitt ár. NORDICPHOTOS/AFP

fyrirtækjunum. „Við komumst að því að þegar Zuckerberg sagði þjóðinni að það væri „klikkuð hugmynd“ að halda því fram að Rússar væru að hafa óeðlileg afskipti af kosningum vissi hann að hann var að ljúga,“ sagði Blumenthal og hélt áfram:

„Í stað þess að taka ábyrgð á málinu reyndu stjórnendur Facebook

mánuðum saman að leyna upplýsingum og skella skuldinni á aðra. Það sem verra er, í tilraun til að skorast undan ábyrgð réð Facebook eittrað fyrirtæki í vinnu fyrir sig sem reyndi að afvegaleiða almenning og koma óorði á gagnrýndur fyrirtækisins.“

Amy Klobuchar, Blumenthal og

tevir aðrir Demókratar í öldunga- deild, hafa sömuleiðis sent Rod Rosenstein aðstoðardómsmálaráð- herra bréf þar sem þau krefjast þess að dómsmálaráðuneytið stækki rannsókn sína á Cambridge Analytica-hneykslinu. Skoði að auki hvort Facebook eða aðilar samnings- bundnir Facebook hafi beitt sér gegn gagnrýndum, embættis- mönnum sem leituðust við að setja reglur um starfsemi miðilsins eða hafi leynt upplýsingum frá almenn- ingi. Og Soros hefur svo sjálfur kall- að eftir rannsókn.

Facebook hefur svarað umfjöllun NYT af krafti. Zuckerberg sagðist hafa rift samningnum við Definers og birti 4.500 orða framtíðarsýn á verklag ritskoðunar Facebook- innleggja, Zuckerberg og Sand- berg sögðust hvorugt hafa vitað af ráðningu Definers. Síðari punktur- inn er áhugaverður í ljósi þess að í yfirlýsingu frá miðlinum sagði að samstarfið við Definers hefði lengi verið á vitorði fjölmiðla. Það er rétt enda má finna umfjöllun frá til dæmis The Hill frá því í febrúar þar sem fjallað er um samstarfið, þó ekki Soros. Sú staðreynd gerir ummæli Zuckerbergs og Sandberg afar undarleg, enda eru þau æðstu stjórnendur fyrirtækisins.

thorngnyr@frettabladid.is



Við látum framtíðina rætast.

Til afhendingar strax!

Volkswagen Passat GTE

Passat Variant, station útgáfa +100.000 kr.

Tilboðsverð  
4.520.000 kr.  
Listaverð 4.890.000 kr.  
Afstáttur 370.000 kr.



5 ára ábyrgð fylgir fólksbílum HEKLU að uppfylltum ákvæðum ábyrgðarskilmála. Þá er að finna á [www.hekla.is/abyrgd](http://www.hekla.is/abyrgd)

[www.volkswagen.is](http://www.volkswagen.is)



HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · [hekla.is](http://hekla.is)  
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · BVA Egilsstöðum

# May fyllir í tóma ráðherrastóla

Forsætisráðherra Bretlands skipaði fjóra nýja ráðherra. Nýr ráðherra útgöngumála er tiltölulega óþekktur en verður líklega hlíðhollur May. Nýr ráðherra vinnu- og eftirlaunamála er öllu þekktari og umdeildari.

**BRETLAND** Ríkisstjórn Íhaldsflokksins í Bretlandi undir forsæti Theresu May var vafalítið orðin nokkuð tómleg eftir að tveir af æðstu ráðherrum hennar og tveir undirráðherrar sögðu af sér vegna óánægju með nýsamþykkt drög að Brexit-samningi sem kynnt voru í vikunni. May brást við stöðunni í gær og skipaði nýja ráðherra í allar stöðurnar.

Í stað Dominics Raab er þingmaðurinn Stephen Barclay nú orðinn ráðherra útgöngumála. Skipanin kom nokkuð á óvart enda Barclay lítt þekktur í Bretlandi. Hann hafði verið í minna ráðherraembætti og barðist fyrir útgöngu á sínum tíma. Athyglisvert er að Barclay vann áður hjá bankanum Barclays en vert er að nefna að hann tengist ekki bankanum að öðru leyti, þrátt fyrir nafnið.

Svo virið þó sem May hafi gengið tiltölulega illa að fylla sæti Raabs. Breska ríkisútvarpið BBC greindi frá því á vef sínum að umhverfismálaráðherra Michael Gove, einum leiðtoga Brexit-sinna í aðdraganda þjóðaratkvæðagreiðslunnar 2016, hefði verið boðinn stóllinn og sömuleiðis þingmanninum Geoffrey Cox. Þeir eiga hins vegar báðir að hafa hafnað boði forsætisráðherrans.

Amber Rudd var svo skipuð nýr vinnu- og eftirlaunamálaráðherra eftir afsögn Esther McVey. Skipan Rudd er langt frá því að vera óumdeild enda sagði hún af sér fyrr á þessu ári sem innanríkisráðherra



Theresa May, forsætisráðherra Bretlands, er á harðahlaupum þessa dagana vegna útgöngunnar. NORDICPHOTOS/AFP

vegna hins svokallaða Windrush-hneykslis. Málið snerist um ólög-mæta fangelsun og brottflutning 63 einstaklinga, sem margir hverjir voru breskir ríkisborgarar og komu til landsins á áttunda áratugnum.

Verkamaðnaflökksliðar voru óánægðir með skipan Rudd og sagði Jon Trickett, einn skuggaráðherra flokksins, að Rudd hefði gert starfsandann í innanríkisráðuneytinu óberilegan og myndi nú taka við fjandsamlegu vinnu- og eftirlaunamálaráðuneyti. „Það lýsir órvæntingu veikburða forsætisráðherra að skipa

smánaðan fyrverandi ráðherra sem þurfti fyrir ekki svo löngu að segja af sér vegna hneykslis,” sagði Trickett.

Sjálf sagði Rudd að hún væri afar hamingjusöm með tækifærið. Starfið væri mikilvægt og stórt. Aðspurð um mögulegt vantraust á forsætisráðherrann sagði Rudd: „Nú er ekki rétti tíminn til að risa gegn leiðtoga okkar. Við eigum þess í stað að standa saman og hafa það í huga hverjum við eigum að þjóna, það er að segja, öllu landinu. Af og til fæ ég áhyggjur af því að samstarfsmenn minir einblíni of mikið á þingið sjálf.“

Til þess að vantraustskvæða-greiðsla um Theresu May fari fram þurfa 48 þingmenn Íhaldsflokksins að senda hinni svokölluðu 1922-nefnd flokksins bréf þar sem þess er krafist. Það hafa áberandi harðir Brexit-liðar nú þegar gert, til að mynda Jacob Rees-Mogg. Þeim þróskuldi hafði ekki verið náð í gær en samkvæmt BBC hófðu um 20 sagst opinberlega lýsa yfir vantrausti á May. Einn blaðamaður miðilsins sagði á Twitter að hugsanlega næðist 48 manna markíð á mánudag. [thorgnyr@frettabladid.is](mailto:thorgnyr@frettabladid.is)



Tjónið er mikið. NORDICPHOTOS/AFP

## Hundraða er enn saknað

**BANDARÍKIN** Að minnsta kosti 631 er enn saknað í norðurhluta Kaliforníu vegna Camp-skögareldanna sem þar hafa riðið yfir. Tala látinna hækkar hvern einasta dag og stóð í 63 í gær. Að því er kom fram á vef Los Angeles Times í gær hefur ekki tekist að hefta útbreiðslu eldanna nema um fjórutíu prósent svo ljóst er að ástandið er enn alvarlegt. Þá hafa fleiri eldar kviknað í Kaliforníu undanfarna daga.

Eins og áður hefur komið fram varð bærin Paradise einna verst úti í hamförunum. Bærinn í rauninni gjöreyðilagðist og brann til grunna. Brock Long, stjórnandi hamfaravarna Bandaríkjanna, sagði að tilfelli Paradise væri eitt það versta sem hann hefði nokkurn tímann séð og BBC hafði eftir embættismönnum að þörf væri á allsherjarendurþyppinggarstarfi sem gæti tekið fleiri ár að klára.

Til viðbótar við tölu látinna í norðurhluta ríkisins hafa þrjár farist í Woolsey-eldunum sem geisa í Los Angeles- og Ventura-sýslum í suðurhluta ríkisins. Betur hefur tekist að hefta útbreiðslu þeirra en hún hefur þó ekki verið heft nema að 62 prósentum. – þea

# Megi raforkan vera með þér.



Þú stjórnar bílnum þínum með Car-Net.

## Góð ástæða til að skipta um orkugjafa.

Á Volkswagen Passat GTE kemstu flestra þinna ferða á rafmagninu einu saman en í lengri ferðum tekur sparneytin bensínveilin við. Þú þarft aldrei aftur að fara inn í kaldan bíl því að með snjallsímaforritinu Car-Net getur þú kveikt á miðstöð og rúðuhitara hvaðan sem er. Kíktu í sýningarsal okkar á netinu þar sem opið er allan sólarhringinn [www.hekla.is/vefverslun](http://www.hekla.is/vefverslun). Komdu í reynsluakstur og upplifðu snerpuna. Opið í dag milli kl. 12 og 16!



Volkswagen

# Ástand heimsins



1



3



4

1 Hin svokallaða flóttamannalest Hondúra og annarra Mið-Ameríkumanna hélt áfram leið sinni í gær og voru margir komnir að landamærunum við Bandaríkin.

2 Palestínskur mótmælandi hleypur í gegnum tárugas sem fleygt var í átt að honum er hann mótmælti á Gasasvæðinu við landamærin að Israel.

3 Nuon Chea, einn leiðtoga Rauðu Kmeranna í stjórnartíð Póls Pot, var dæmdur í lífstíðarfangelsi fyrir þátt sinn í Þjóðarmorði.  
NORDICPHOTOS/AFP

4 Þessar Róhingjakonur voru fluttar til Kyauktan, suður af Yangon, í Mjanmar í gær eftir að bát þeirra skolaði á land. Þær höfðu verið að reyna að flýja til Malasíu.

5 Salah Khashoggi, sonur myrta blaðamannsins Jamals, faðmar ættingja við minningarathöfn Jamals í sáðiarabísku borginni Jeddah í gær.



2



5




*Láttu þér batna*

**Veldu Panodil® sem hentar þér!**  
Verkjastillandi og hitalækkandi







Panodil filmhúðaðar töflur, Panodil Zapp filmhúðaðar töflur, Panodil Junior mixtúra, dreifa, Panodil Hot mixtúruft, lausn til inntöku, Panodil Brus freyðitöflur. Inniheldur paracetamol. Við vægum verkjum. Hitalækkandi. Til inntöku. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leiðið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á [www.serlyfjaskra.is](http://www.serlyfjaskra.is).



## HEIÐURSVERÐLAUN FYRIR BRAUTRYÐJENDASTARF Í ÞÁGU ÍSLENSKUNNAR

Viðskiptaráð Íslands, Stofnun Árna Magnússonar og Festa – miðstöð um samfélagsábyrgð, afhentu á degi íslenskrar tungu hvatningarverðlaun viðskiptalífsins fyrir eftirtektarverða notkun á íslenskrri tungu. Við erum full stoltis og þakklætis fyrir þann heiður sem okkur var sýndur við þetta tilefni en Mjólkursamsalan hlaut sérstök heiðursverðlaun fyrir brautryðjendastarf í þágu íslenskunnar og fyrir að hefja móðurmálið til vegs og virðingar um áratugaskeið.

Við erum þakklát fyrir þessa viðurkenningu sem verður okkur hvatning til þess að halda áfram á sömu braut.

A festive holiday scene featuring two children and wrapped gifts. The background is a shimmering gold foil. On the left, a young boy with blonde hair, wearing a blue and white striped shirt and a red and blue bow tie, peeks out from behind the foil. On the right, a young girl with dark hair in pigtails, wearing a pink dress and red tights, stands with her hands clasped in front of her mouth, looking excited. In the foreground, three wrapped gifts are visible: one in green paper with a pink ribbon, one in brown paper with a teal ribbon, and one in pink paper with a teal ribbon. The overall mood is joyful and celebratory.

GLÆSILEG JÓL

# TENDRUM LJÓSIN Á TRÉNU KL. 14 Í DAG

## FRÁBÆR SKEMMTIDAGSKRÁ

Leikhópurinn **Lotta** tendrar ljósin og skemmtir

**Jólaálfar** verða á sveimi

**Ískrap** í boði fyrir alla fjölskylduna

**Piparkökumálun** fyrir börnin í boði Kötlu

**Pakkajól Smáralindar** hefjast

**KOMDU OG EIGÐU GLÆSILEGA  
STUND MEÐ OKKUR Í DAG**

OPIÐ TIL KL. 18 Í KVÖLD

## FRÉTTABLAÐIÐ SKOÐUN

## Ábyrgð óábyrgra



Kristín Þorsteinsdóttir  
kristin@frettabladid.is

**T**heresa May hefur kynnt Brexit-samkomulagið fyrir ríkisstjórn sinni. Um er að ræða 585 síðna skjal sem á að verða undirstaða samninga Brets og Evrópusambandsins.

Þegar May stóð fyrir utan dynnar frægu við Downing-stræti númer 10 viðurkenndi hún að ekki væri samkomulagið fullkomlið, en kostirnir væru bara þrjár: að samþykka samninginn, ganga úr Evrópusambandinu samningslaus eða hætta við útgöngu. Af þessu þrennu teldi hún samninginn skásta kostinn.

Theresa May er praktískur pólitikus. Hún varð leiðtogi með því að segja sem allra minnst um Brexit og mæta svo á vettvang eftir að David Cameron hrökklaðist frá. Hennar nálgun á Brexit ber keim af þessu. Hún er bundin af þjóðaratkvæði, og telur hlutverk sitt að klára samning sem veldur sem minnstu tjóni.

Margir kollegar hennar í ríkisstjórn og íhaldsflokknum eru annarrar gerðar. Sýn hinna svokölluðu Brexit-sinna, með spjátrunginn Jacob Rees-Mogg í fararbroddi, er úr takti við veruleikann og virðist eiga rætur í löngu úreltum breskum heimsveldisdraumum. Viðbrögð þessa arms mátti sjá fyrir. Nokkrir tugir þingmanna hafa lýst vantrausti á May, en 48 þingmenn þarf til að knýja fram leiðtogakjöri. Að minnsta kosti fjórir ráðherra hafa sagt af sér, þar á meðal Dominic Raab, ráðherra Brexit-mála.

May hefur misst tuttugu ráðherra úr ríkisstjórn frá því hún tók við völdum. Varla þarf að taka fram að það er met á ekki lengri valdatíma.

Þessar væringar lögðust illa í markaði. Pundið hefur átt sína verstu daga frá þjóðaratkvæðagreiðslunni árið 2016, og gríðarlegar sveiflur hafa orðið á hlutabréfamarkaði. Venjulegt fólk finnur fyrir þessu á ferðum sínum, í verðlagi og algeru frosti á fasteignamarkaði. Þetta er gjaldíð sem almenningur greiðir fyrir óábyrga stjórnmalámenningu.

Raunar hafa þessir sömu ábyrgðarlausu stjórnmalámenningu ekki látið í ljós mikla efnislega gagnrýni á samkomulagið. Helst er að þeir hafi gagnrýnt að Bretland verður áfram í tollabandalagi við Evrópusambandið „þar til betri laus finnst“. Þetta samþykkti May til að koma í veg fyrir að gamaldags landamæri risu milli Írlands og Norðurlandanna.

Samningurinn er sömuleiðis þunnur um það sem mestu skiptir, viðskiptasamband Brets við Evrópusambandið eftir Brexit, en um það fjalla aðeins 7 síður af 585. Enn eitt merkið um að Brexit snýst að stórum hluta um gamaldags sýn á verðina þar sem aukaaðri verða aðalatriði.

Allsinnis óvíst er hvort May tekst að koma samningnum gegnum þingið, eða hvort hún lifir hreinlega af sem forsætisráðherra.

Kannski verður önnur þjóðaratkvæðagreiðsla eftir allt. Til þess þyrfti að kveða við nýjan tón í stjórnmalámenningu, og leiðtogarnir að viðurkenna að betur hefði verið heima settið en af stað farið.

## Gunnar



## Mín skoðun Sif Sigmarsdóttir



## Ósungnar hetjur jólaanna

**R**ithöfundar eru eins og jólasveinarnir. Það hefur lítið spurst til þeirra það sem af er ári. En þegar jólni nálgast hleypa þeir hömum, skipta úr snjöldum náttfötum í jólabúninginn, og halda til byggða. Vígreifir birtast þeir á síðum blaðanna, í sjónvarpinu og á samkomum til bæja og sveita með frumsamda bók undir handleggnum, dælitíð örri af ötta við að það sjáist hvað þeir eru utangátta meðal manna. Þeir segja sögur, fara með gamanmál og reyna að mæla sem flest gáfulegt og láta eins og spekin hafi lostið þá á staðnum en ekki sé um að ræða ummæli sem æfi hafi verið í hugarum vikum saman í veikri von um að einhvern tímunn gæfist tækifæri til að mæla þau af vörum fram. Þeir láta eins og tilvist þeirra snúist um andann en ekki efnið, lista-göjuna en ekki saltið í grautinn, og dómur hinna dauðlegu skipti þá engu því lifði er stutt en listin elif. Bak við hátíðarskrúðann og heimasamað sjálföryggjó fela þeir hins vegar það sem þeir eru í alvörinni að hugsa: „Vill einhver elska 39 ára gamlan rithöfund?“ (Lesist með rödd Egils Ólafssonar við undirleik þursaflokksins.) „Sem hefur ekki atvinnu. Vill einhver elska 39 ára gamlan rithöfund? Sem er ekkert rosalega reglusamur, á íbúð en hvorki bíl né þjófubúningadúkk. Svar óskast sent, merkt einkamál... eða fæst í næstu bókaútgáfu fyrir 4.699 krónur.“

En bak við hvern rithöfund sem stírar bænaraugum af síðum blaðanna með svip sem segir „ég vil ekki þurfa að sækja um vinnu við að steikja hamborgara; af hverju hlustaði ég ekki á þabba sem sagði mér að læra lögfræði?“ (sjá dæmi á blaðsíðu 26 í Fréttablaðinu) stendur hópur af fólki sem sjaldan fær þakki fyrir það þrekvirkni sem það vinnur á degi hverjum.

## Jólágæs, einvigi og drykkjulæti

Nýverið fagnaði breska bókarforlagi John Murray 250 ára afmæli sínu. Af því tilefni kom út bók með bréfum sem forleggjaranum hafa borist frá höfundum sínum í aldanna rás. Bréfin sýna að þótt kápu bókar þrýði aðeins eitt höfundarnafn er bók sjaldan eins manns verk.

Mikið mæddi á þeim sex kynslóðum Murray fjölskyldunnar sem fengust við það vandasama verk að halda mislyndum höfundum góðum í 250 ár. Jane Austen skrifaði útgefandanum og sagði: „mjög vonsvikin yfir... töfum hjá prentaranum“. William Wordsworth hellti sér yfir forleggjarann þegar honum fannst hann ekki svara bréfum sínum nógu hratt og sakaði hann um að telja sig „of mikið fyrimenni til að sinna öðrum en hirð konungs, aðalsmönnum og rithöfundum sem væru í tisku“. David Livingstone var svo óánægður með teikningu af ljóni í bók sinni að hann húðskammaði útgefandanum og sagði að „allir þeir sem vita hvernig ljón litur út munu deyja úr hlátri“. Byron lávarður lét það bitna á útgefandanum þegar hann fékk slæma gagnrýni og bólsótadist yfir „virði almenningssálitsins“ og „yfirleiti Engendinga“. Charles Darwin mislíkaði gagnrýni um Uppruna tegundanna: „Þessir mætu menn halda að þeir geti skrifað bókardóma án þess að vita skapáðan hlut um innihald bókarinnar sem um ræðir.“ William Makepeace Thackeray baðst afsökunar á drykkjulátunum í sér í bréfi. James Hogg kvartaði yfir því að hann væri svo blankur að hann ætti ekki fyrir jólagæs. Sonur Arthurs Conan Doyle, höfundar sagnanna um Sherlock Holmes, var svo reiður yfir ummælum sem bókagagnrýnandi lét falla um föður hans að hann krafðist þess að útgefandanum skipulega einvigi milli sín og gagnrýnandans þar sem málið yrði útklæð.

## Það fellur að og fjarar út

Rithöfundar eru eins og jólasveinarnir. Senn hverfa þeir aftur til fjalla og stjást ekki aftur fyrr en að ári liðnu. Á meðan vinnur starfsfólk forlaga bak við tjöldin að því að tryggja að jólabókaflöðið sé jafnareðanlegt og sjávarföllin – það fellur að og fjarar út óháð durtlungum, dramatik og divu-stælum. Á aðfangadagskvöld, þegar jólabækurnar hafa verið færðar úr gjafapappírnum, er rétt að skála í jólablandi fyrir þessum ósungnu hetjum jólaanna.



Þetta er gjaldíð sem almenningur greiðir fyrir óábyrga stjórnmalámenningu.



Til leigu –  
Laus strax

170 m<sup>2</sup> útsýnis lúxusíbúð á Vatnsstíg 20-22 til leigu.

Tvö stór svefnherbergi. Tvö baðherbergi.

Stórt eldhús og stofa með frábæru útsýni yfir sundin.

Stæði í bilageymslu fylgir. Leigjast með eða án húsgagna.

Einungis traustur leigtaki kemur til greina.

Áhugasamir sendið tölvupóst á vatnsstigur.leiga@gmail.com



# VETRARFJÖR BRIMBORGAR!

GILDIR TIL  
17. NÓVEMBER!

Síðasti  
séns!

AFSLÁTTUR  
+ VETRARDEKK

Opið 12-16 í dag!

Komdu í Vetrarfjör Brimborgar í dag.  
Brimborg býður upp á yfir 500 gerðir bíla,  
frábært verð og framúrskarandi þjónustu.  
– Við eigum rétta bílinn fyrir þig!

ÚRVAL OG ÞJÓNUSTA

ALLT Á EINUM STAÐ



## FORD KA+ ULTIMATE SPORT

1,2i bensín, 85 hð, 5 dyra og 5 gíra

Stóri smábíllinn!

Aukabúnaður í tilboðsbílum: Málmlitur

Verð með málmlit: 1.995.000 kr.

Tilboðsverð: 1.790.000 kr.

- 165.000 kr.  
+ VETRARDEKK



## CITROËN C3 FEEL

1,2 bensín, 110 hð, sjálfskiptur

Sannkölluð Citroën þægindi!

Aukabúnaður: Airbump,

nálægðarskynjari og málmlitur.

Verð með aukabúnaði: 2.850.000 kr.

Tilboðsverð: 2.550.000 kr.

- 300.000 kr.  
+ VETRARDEKK



## MAZDA2 NISEKO

1,5 bensín, 90 hð, sjálfskiptur

Einstök hönnun og akstursupplifun,  
vel búinn bíll.

Verð með málmlit: 2.650.000 kr.

Tilboðsverð: 2.400.000 kr.

- 250.000 kr.  
+ VETRARDEKK



## VOLVO V40CC

D2 Momentum, 120 hð, sjálfskiptur

Volvo V40 Cross Country er hannaður fyrir  
ævintýralegt líf í borg og bæ. Með notendavænni  
tækni og nútímalegri hönnun er valið augljóst.

Verð með aukabúnaði: 4.820.000 kr.

Tilboðsverð: 4.190.000 kr.

- 630.000 kr.  
+ VETRARDEKK



## PEUGEOT 208 ACTIVE

1,2 bensín, 82 hð, beinskíptur

Aukabúnaður: Nálægðarskynjari að aftan.

Verð með aukabúnaði: 2.340.000 kr.

Tilboðsverð: 2.090.000 kr.

- 250.000 kr.  
+ VETRARDEKK



Brimborg Reykjavík  
Bíldshöfða 6

Brimborg Reykjavík  
Bíldshöfða 8

Brimborg Akureyri  
Tryggvabraut 5

brimborg.is

– Komdu í reynsluakstur í dag!



Íslenska liðið hefur æft fyrir lokaleikina í undankeppni EM 2019 síðustu daga. Ísland á enn eftir að vinna leik í undankeppninni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Vill sjá tvo góða hálfleiki

Íslenska kvennalandsliðið í körfubolta mætir Slóvakíu í næstsíðasta leik sínum í undankeppni EM 2019 í dag. Ísland er án sigurs í riðlinum. Landsliðsþjálfarinn vill sjá íslenska liðið spila af krafti allan tímann.

**KÖRFUBOLTI** „Við stefnum á að ná í fyrsta sigurinn í þessum riðli og ég held að við eigum alveg raunhæfa möguleika á því. En til að það gangi eftir þurfum við að eiga toppleik. Við vitum að þetta verður erfitt en með góðum stuðningi ættum við að geta tekið sigur,“ segir Ivar Ásgrímsson, þjálfari íslenska kvennalandsliðsins í körfubolta, í samtali við Fréttablaðið.

Fram undan eru síðustu tveir leikirnir í undankeppni EM 2019 og fara þeir báðir fram í Laugardalshöllinni. Ísland mætir Slóvakíu klukkan 16.00 í dag og klukkan 19.45 á miðvikudaginn tekur Ísland á móti Bosnía. Íslenska liðið hefur tapað öllum fjórum leikjum sínum í

●● Við höfum staðið okkur vel í fyrri hálfleik en síðan hefur fjarað undan okkur í þeim seinni þegar lykilmenn þreystast.

Ivar Ásgrímsson  
landsliðsþjálfari



undankeppninni til þessa með samtals 100 stiga mun. Síðasti leikur var sérstaklega slæmur en þá laut Ísland í lægra haldi fyrir Svartfjallalandi á útivelli, 69-37.

### Þýðir ekki að spila bara fyrri hálfleikinn

„Við erum Íslendingar og trúum því að við getum unnið alla leiki sem við förum í. Ef við spilum hörkuvörn og setjum skotin fyrir utan ofan í getum við staðið í þessum liðum,“ segir Helena Sverrisdóttir í samtali við Fréttablaðið. Helena hefur verið langbesti leikmaður Íslands í undankeppni EM 2019. Hún er með 23,5 stig, 8,0 fráköst og 5,8 stoðsendingar að meðaltali í leik í undankeppninni.

Íslenska liðinu hefur gengið erfiðlega að halda út í undankeppninni og oftar en ekki gefið mikið eftir í seinni hálfleik leikjanna.

„Það þýðir ekki bara að spila fyrri hálfleikinn. Sá seinni er líka hluti af leiknum. Við verðum að undirbúa okkur vel og vera með það bak við eyrað að þegar seinni hálfleikurinn byrjar þurfum við að stiga á bensingjöfina og gefa ekki eftir. Það þarf að koma framlag frá öllum. Það þurfa allir að skila sínu, ekki bara 2-3 leikmenn,“ segir Helena sem leikur sinn 69. landsleik í dag.



Ísland hefur aðeins skorað 228 stig í leikjunum fjórum í undankeppninni, eða 57 stig að meðaltali í leik. Aðeins sex lið hafa skorað minna í undankeppninni.

„Við höfum skoðað slóvakíska liðið gaumgæfilega og vitum hvernig það spilar sína vörn. Við reynum að sækja á þeirra veikleika sem eru ekki mjög margir. Ég tel að við séum með góðan hóp núna og höfum fengið reynslumikla leikmenn aftur inn í hópinn sem er mjög mikilvægt í svona leikjum,“ segir Ivar og bætir við að hópurinn sem hann er með núna sé sá sterkasti sem hann hefur verið með í undankeppninni.

Íslenska liðið hefur jafnan átt ágætis kafla í fyrri hálfleikjum leikjanna í undankeppninni en ekki náð að halda út. Ivar vill sjá breytingu þar á í næstu tveimur leikjum.

„Við höfum staðið okkur vel í fyrri hálfleik en síðan hefur fjarað undan okkur í þeim seinni þegar lykilmenn þreystast. Það hefur mætt mikið á Helenu [Sverrisdóttur] og Hildi [Björgu Kjartansdóttur] en núna er komin meiri reynsla inn í liðið og yngri stelpurnar hafa öðlast meiri reynsla. Það ætti að losna meira um Helenu og Hildi,“ segir Ivar og ítrekar að íslenska liðið verði að halda skipulagi allan tímann, ekki bara í fyrri hálfleik.

„Við höfum verið svolítið fljótari að fara út úr okkar plani um leið og hitt liðið hefur komið með áhlaup. Við höfum sýnt það í fyrri hálfleikjunum að ef við höldum skipulagi erum við í finum málum. En um leið og við setjum hausinn niður erum við fljótari að brotna.“  
ingvithor@frettabladid.is

## Nokkrir hafa sótt um stöðuna

**FÓTBOLTI** Fresturinn til að sækja um starf yfirmanns knattspyrnumála hjá KSÍ rann út á fimmtudaginn. Að sögn Klöru Bjartmarz, framkvæmdastjóra KSÍ, sóttu nokkrir um stöðuna. „Umsóknirnar voru nokkrar. Við eigum eftir að fara yfir þær,“ sagði Klara við Fréttablaðið.

Að sögn Klöru hefur KSÍ ekki sett sér neinn tímaramma hvað ráðninguna varðar. „Í sjálfu sér ekki. Við gefum okkur góðan tíma til að skoða þetta mál,“ sagði Klara. Hún segir erfitt að leggja mat á hvort umsóknirnar hafi verið margar eða fáar enda hafi KSÍ rennt svolítið blint í sjóinn þegar staða yfirmanns knattspyrnumála var auglýst.

„Við höfum aldrei auglýst þessa stöðu áður og vissum ekki út í hvað við vorum að fara. Menntunarkröfurnar eru miklar og ekki margir sem uppfylla þær,“ segir Klara. – íps

## Svava og Þórdís til Kristianstad

**FÓTBOLTI** Svava Rós Guðmundsdóttir, sem lék með norska liðinu Røa á síðustu leiktið, og Þórdís Hrönn Sigfúsdóttir, sem leikið hefur með Stjórnnunni síðustu ár, hafa skrifað undir samning við sænska úrvalsdeildarliðið Kristianstad.

Það var Kristianstadsbladet sem greindi frá þessu í gærkvöldi. Þar verða þær liðsfélagar Sifjar Atladóttur, sem varð í öðru til þriðja sæti í vali á leikmanni ársins fyrir síðustu leiktið, og leika undir stjórn Elisabet Gunnarsdóttur. Kristianstad náði sínum besta árangri frá upphafi á nýliðnu tímabili, en liðið endaði í fjórða sæti deildarinnar. – hó



Árni Steinn er í lykilhutverki í liði Selfyssinga. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Erfitt verkefni biður í Póllandi

**HANDBOLTI** Selfoss mætir Azoty-Puławy í Póllandi í fyrri leik liðanna í 3. umferð EHF-bikars karla í dag. Seinni leikurinn fer fram á Selfossi eftir viku, laugardaginn 24. nóvember. Sigurvegari einvígisins tryggir sér sæti í riðlakeppni EHF-bikarsins.

Azoty-Puławy er í 3. sæti pólsku úrvalsdeildarinnar með 24 stig, niu stigum á eftir topplíði Vive Kielce. Azoty-Puławy komst í riðlakeppni EHF-bikarsins á síðasta tímabili. Pólska liðið lenti í 3. sæti síns riðils með fjögur stig. Þjálfari Azoty-Puławy er Bartosz Jurecki, sem lék lengi á línunni í pólska landsliðinu, m.a. á HM 2007 þar sem Pólverjar fengu silfur. Bogdan Kowalczyk, fyrrverandi landsliðsþjálfari Íslands, þjálfaði Azoty-Puławy um tíma.

Selfoss sló Klaipeda Dragunas frá Lítáen út í 1. umferð EHF-bikarsins, samanlagt 60-55, og í 2. umferðinni unnu Selfyssingar slóvenska liðið Riko Ribnica, samanlagt 59-56. Selfoss er í 2. sæti Olís-deildarinnar eftir átta umferðir en liðið tapaði sínum fyrsta leik fyrir Haukum á mánudaginn var. – íps

**Vatnsheldir  
gæðaskór**

Frá Lytos með innbyggðum broddum í sóla.



Verð 16.995

Stærðir 36-47

**LYTOS**

**skómir þínir**

SMÁRALIND • 2 HÆÐ  
SKORNIRTHINIR.IS



**RENAULT**  
Passion for life

# Nýr Renault CAPTUR

## Einn vinsælasti bíllinn í sínum flokki



### RENAULT CAPTUR

Verð: 2.990.000 kr.

### VEGLEGUR VETRARPAKKI

Með nýjum Renault í nóvember

Fyrsta ábyrgðarskoðun · Keramik lakkhúðun fyrir veturinn

Gæða vetrardekk · Vönduð gúmmímotta í skott

Verðmæti allt að 300.000 KR.

Renault Captur er einn af vinsælustu bílum landsins í sínum stærðarflokki. Þessi sparneytni og snaggarelegi bíll hefur slegið í gegn hjá kaupendum sem vilja bíl sem þægilegt er að stíga inn í, þeir sitja hátt í og sjá vel út um alla glugga.

Renault Captur er fánlegur beinskíptur eða sjálfskíptur með bensín eða dísilvélum sem nota einungis frá 3,7l/100 km\* í blönduðum akstri.

Komdu og reynsluaktu nýjum Captur í dag.



„ÞÚ TANKAR SJALDNAR  
Á RENAULT“

OPIÐ Í DAG FRÁ 12–16

GE bílar  
Reykjanesbæ  
www.gebilar.is  
420 0400

Bilasalan Bílás  
Akranesi  
www.bilas.is  
431 2622

Bilasala Akureyrar  
Akureyn  
www.bilak.is  
461 2533

Bilaverkstæði Austurlands  
Egilsstöðum  
www.bva.is  
470 5070

IB ehf.  
Selfossi  
www.ib.is  
480 8080

BL sölumboð  
Vestmannaeyjum  
481 1313  
www.bl.is  
862 2516

BL ehf  
Sævarhófa 2 / 110 Reykjavík  
525 8000 / www.bl.is





# BRIMBORG OPNAR GLÆSILEGASTA ATVINNUTÆKJAVERKSTÆÐI LANDSINS



**VELTIR** Volvo atvinnutækjasvið Brimborgar



## OPNUNARHÁTÍÐ UM HELGINA FYRIR ALLT GRÆJUFÓLK

Pú elskar græjur! Komdu þá á opunarhátíð glænýrra höfuðstöðva Veltis, Volvo atvinnutækjasviðs Brimborgar, laugardag og sunnudag frá 12-16 að Hádegismóum 8 í Árbæ. Um helgina verður einnig stórsýning á Volvo atvinnubílum og atvinnutækjum.

### Stórglæsileg, vel tækjum búin, Volvo þjónustumiðstöð veitir framúrskarandi þjónustu

Glæsilegt nýtt húsnæði Veltis er sérhannað fyrir þjónustu við Volvo atvinnutæki með það að markmiði að bjóða upp á framúrskarandi þjónustu við viðskiptavinum og þægilega aðkomu. Í húsakynnum er eitt glæsilegasta og best tækjum búna verkstæði landsins ásamt fullkomnu vöruhúsi og bestu mögulegu vinnuástöðu fyrir starfsfólk. Staðsetningin að Hádegismóum 8 er frábær í útjaðri Reykjavíkur þar sem aðgengi frá stofnbrautum er mjög gott og nóg rými utandyra. Skoðuðu glænýja heimasíðu [veltir.is](http://veltir.is)

### Í nýrri þjónustumiðstöð Veltis verður auk Volvo umboðsþjónustu:



Hraðþjónusta við atvinnutæki þar sem boðið verður upp á smurþjónustu, vagna- og bremsuviðgerðir ásamt dekkþjónustu.



Sérhæfð skoðunarstöð fyrir atvinnutæki stór og smá.

**Komdu á opunarhátíð Veltis laugardag og sunnudag frá kl. 12-16 að Hádegismóum 8, Árbæ, 110 Reykjavík**



Volvo atvinnutækjasvið er eitt af viðskiptasviðum Brimborgar og veitir forstöðu umboðum fyrir Volvo og Renault vörubíreiðar á Íslandi ásamt hópfærðabíreiðum frá Volvo Bus, vinnuvélum frá Volvo CE og Volvo Penta bátavélum, rafstöðvum og ljósavélum. Volvo atvinnutækjasviðið heitir nú Veltir og veitir framúrskarandi sölu, viðgerðar- og varahlutþjónustu fyrir Volvo atvinnutæki ásamt því að veita með hraðþjónustudeildinni Veltir Xpress smur-, dekkja-, hemla- og vagnþjónustu.



Öruggur staður til að vera á

# FRÉTTABLAÐIÐ HELGIN

## Falleg og fróðleg

Flóra Íslands eftir Jón Baldur Hlíðberg og Þóru Ellen Þór-hallsdóttur er stórvirki um íslenskar plöntur. Gríðarlega falleg og fróðleg bók sem allit áhuga-fólk um plöntur verður að eignast.



## Hangiskankar í niðursveiflu!

Á þessum árstíma er fátt sem jafnast á við hangiskanka. Í IKEA er hann einmitt alveg eins og hann á að vera með öllu tilheyrandi. Það kann að vera niðursveifla en allir hafa efni á að borða í IKEA.



## Þurfa alltaf að vera jólf?

En talandi um árstímann. Þurfa alltaf að vera jólf? Frá miðjum september til loka desember? Er það ekki full langt? Þórhildur Þorleifsdóttir leikstjóri hafði orð á þessu í vikunni og sagði meðal annars: „Það er ekki skammdegið sem plagar mig – held ég – heldur sú gegndarlaus efnis- og neysluhyggja sem gripur um sig eins og far-sótt eða plága. Jólín eru toguð „fram á við“ til að ballíð geti byrjað nógu snemma.“



## 50 ára

Háteigsskóli heldur upp á 50 ára afmæli sitt í dag á milli 13.00 og 15.00. Velunnarar skólans geta litið inn og hlýtt á kór skólans og þá verður óvænt atriði frá fyrrverandi nemandi á skólanum sýnt í sal skólans kl. 14.30.



# Íslenska er alls konar

**Eiríkur Rögnvaldsson** fékk verðlaun Jónasar Hallgrímssonar. Hann segir framtíð íslenskunnar ráðast á máltökuskeiði. Mikilvægt sé að nýta tæknina skynsamlega.

**E**iríkur Rögnvaldsson, prófessor emeritus, hlaut Verðlaun Jónasars Hallgrímssonar á degi íslenskrar tungu, í gær, föstudaginn 16. nóvember, en þau voru að þessu sinni afhent á Höfn í Hornafirði. Verðlaunin eru veitt ár hvert til einstaklings sem hefur unnið íslensku tungu gagni á ræðu eða riti og stuðlað að eflingu hennar. Eiríkur hefur í fjölmörg ár verið óþreypandi við að vekja athygli á þeirri hættu sem stöðjar að íslensku tungu og hvatt til þess að íslensk máltækni verði eflid.

Eiríkur, sem er fæddur árið 1955, kenni málfræði og málvísindi við Háskóla Íslands og varð prófessor árið 1993. Hann er höfundur og meðhöfundur fjölda bóka, rita og fræðilegra greina um mál og máltækni og hefur unnið fjölmörg verkefni á því sviði.

„Ég er vitanlega mjög ánægður,“ segir Eiríkur um verðlaunin. „Ég lít svo á að í þessu felist viðurkenning á því viðhorfi til málræktar og íslenskunnar sem ég hef reynt að halda á lofti, sem er að mikilvægt sé að berjast fyrir íslenskuna með jákvæðni og umburðarlyndi að vopni en reyna að forðast neikvæðar predikanir.“

*Þú hefur lengi verið í baráttu fyrir því að halda íslenskunni lifandi. Hefurðu séð umtalsverðan árangur á þessum tíma?*

„Það sem ég hef lengst barist fyrir, í tuttugu ár, er að við búum okkur undir það að tölvurnar verði mikilvægur hluti í daglegu lífi okkar og sjáum til þess að íslenska verði gjaldgeng á því sviði. Þannig gætum við notað íslensku í samskiptum við tölvur og nýtt okkur tölvutæknina í vélrænum þýðingum og öðru slíku. Það hefur gengið hægt að gera eitthvað í þessu, en nú er loksins búið að samþykkja og fjármagna aðgerðarætlun um nýja máltækni.“

Þar er sem sagt heilmikið að fara í gang í þeim málum sem ég hef barist lengst fyrir, en aðrar ögranir hafa komið í staðinn. Börn og unglingar eru á kafi á netinu, í snjallsímum og tölvuleikjum. Áreiðið frá þessum tækjum er mikið, fyrst og fremst á ensku. Það er ekkert vit í að reyna að halda tækninni frá börnunum en við þurfum að nýta hana á skynsamlegan hátt. Það er mikilvægt að

## Viðurkenning til skálda í skólum

Verkefnið Skáld í skólum fékk sérstaka viðurkenningu í tilefni af degi íslenskrar tungu, en það hefur verið starfrækt frá árinu 2006 á vegum Höfundamiðstöðvar Ríthöfundasambands Íslands. Þar hefur grunnskólum um allt land boðist að brjóta upp hefðbundna kennslu með heimsóknum frá rithöfundum, handritshöfundum, skáldum og myndasöguhöfundum. Í greinargerð ráðgjafarnefndar segir meðal annars: „Dagskráin er ætíð fjölbreytt og eitthvað í boði fyrir hvert skólastig, bæði styttri fyrirlestur og kveikjur en einnig ritmiðjur sem geta spannað nokkra daga. Í dagskránni í ár má til dæmis finna fyrirlestur um „Veidilendur ævintýranna“, þar sem nemendur í 1.-4. bekk fá hjálp við að veiða hugmyndir og kveikjuna „Ef ég mætti ráða...“ þar sem nemendur í 5.-7. bekk fá hjálp við að búa til sína eigin myndasögubók. Öll erindin byggja þó á sama grunni: Skáldin ræða sögur og lestur, sköpun og skrif og hjálpa nemendum að fá hugmyndir að sínum eigin sögum.“

koma íslensku í tölvurnar en það skiptir ekki síður máli að fólk tali við börnin sín. Allar rannsóknir sýna að það skiptir langmestu máli. Framtíð íslenskunnar ræðst á máltökuskeiði. Ef við tölum ekki nógu við börnin okkar og lesum ekki fyrir þau þá er hættu á að mállærfi þeirra verði ekki nógu sterkt og öflugt til að standast ytri þrýsting.

En það er líka mikilvægt að heyrja baráttuna undir réttum formerkjum og viðurkenna að íslenska er alls konar – það er ekki til einhver ein rétt dauðhreinsuð íslenska sem allir verða að tala. Lifandi tungumál á sér ótal tilbrigði og er alltaf að breytast.“

*Ertu bjartsýnn á framtíð íslenskunnar?*

„Já, maður verður að vera það. Við getum alveg talað íslensku áfram en það gerist ekki af sjálfu sér. Þegar ég er spurður hvað sé brýnast að gera hef ég lengi sagt að við þurfum



Það er ekki til einhver ein rétt dauðhreinsuð íslenska, segir hinn nýi verðlaunahafi. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



## VIÐ MEGUM EKKI FESTA

## OKKUR Í ÞVI AÐ KOMA

## HÁMENNINGARLEGU EFNÍ

## TIL KRACKANNA, HELDUR

## EFNÍ SEM HÖFÐAR VERU-

## LEGA MIKIÐ TIL ÞEIRRA.

vitundarvakningu. Það þarf að útskýra fyrir fólk að það gerist ekki af sjálfu sér að við höldum áfram að tala íslensku og lesa á íslensku. Við verðum sérstaklega að sinna börnunum og unglingunum, það þarf að bjóða þeim upp á lefsemi og hvers kyns afþreyingu á íslensku.“

*Sérðu skáld og rithöfunda gegna þarna miklu hlutverki?*

„Það þarf að efla bókaútgáfu fyrir börn og unglinga og þar geta skáld og rithöfundar haft stórt hlutverk. Það er ekki svo langt síðan Harry Potter ætíð gekk yfir þar sem heil kynslóð barna fór allt í einu að lesa miklu meira en áður. Slíkt getur gerst aftur.

Við eigum mikinn fjölda af frábærum skáldum og rithöfundum en það verða ekki fagurbókmenntir sem halda íslenskunni lifandi. Þær eru frábærar fyrir íslenska menningu og góðar til útflutnings en þegar kemur að því að halda íslenskunni gangandi og lifandi eru þær ekki aðalatriði. Við megum ekki festa okkur í því að koma hámenningarlegu efni til krakkanna, heldur efni sem höfðar verulega mikið til þeirra. Við breytum ekki því hvað höfðar til þeirra en við getum haft áhrif á það hvort þau hafa kost á einhverju sem höfðar til þeirra á íslensku.“

Kolbrún Bergþórsdóttir



**euromarina**  
SÍÐAN 1972



## ALLT SEM ÞÚ ÞARFT AÐ VITA UM FASTEIGNAKAUP Á SPÁNI

Kynningarfundur á Nauthóli í Nauthólsvík 17. og 18. nóvember  
Laugardag 17. nóvember kl.11-18  
Sunnudag 18. nóvember kl.12-18



**euromarina**  
FASTEIGNIR



**Einkaviðtöl á Fasteignasölu Reykjavíkur**

Bókið skoðunarferð til Spánar eða viðtal  
í síma 699 3665 eða [birna@euromarina.es](mailto:birna@euromarina.es)  
[www.euromarina.com/is](http://www.euromarina.com/is)

# Heillaður af uppruna og eðli mannsins

**John-Rhys Davies** er nýfarinn frá Íslandi, en hér dvaldi hann við tókur á kvikmyndinni *Shadowtown*. Blámaður mælti sér mót við hann í Bíó Paradís þar sem framtíðarverkefni og mikilvæg gildi í lífinu voru rædd.

Gunnþórunn Jónsdóttir  
gunnthorunn@frettabladid.is



**L**eikarinn John Rhys-Davies hefur upp raust sína með því að fara með erindi úr dramatísku ljóði eftir enska leik- og ljóðskáldið John Dryden, *Beneath a myrtle shade*, frá 1670 eða þar um bil. Drynjandi röðin kallar fram gervi tortryggna dvergins úr þrileik J.R.R. Tolkien um *The Lord of the Rings* sem hann sló í gegn fyrir að túlka. Rhys-Davies er hins vegar nokkuð hávaxinn maður og hefur fallegan velskan hreim. Hann er ljóðelskur maður.

„Þetta er eitt af mínum uppáhaldsljóðum. Ég hef alltaf haft mikinn áhuga á ljóðlist,“ segir Rhys-Davies er við göngum í átt að bíósal númer þrjú. Við tyllum okkur í myrkrinu meðan hann lýkur einu erindinu: „Þú getur ei roðnað, því ég get ei séð,“ og við það kvikna ljósin í salnum. Það kæmi ekki á óvart að þessi velski listamaður lumaði á ljóði frá miðöldum fyrir hvert tilefni.

„Þetta er í fyrsta sinn sem ég kem til Íslands og mér líkar það alveg afskaplega vel. Þetta er elskuleg þjóð og hér hefur verið tekið vel á móti mér,“ segir hann.

„Íslendingar þekkjá sögu sína vel og vita mikið um forfeður sína. Það er sjaldgæft fyrir marga en afskaplega mikilvægt. Margir vita ekki hvaðan þeir koma en allir þeir Íslendingar sem ég hef hitt vita það og það er dásamlegt. Þið berið ekki með ykkur þau einkenni eyjar-skeggja að vera þröngsýn og andsnúin utanaðkomandi, heldur hly og vinalæg. Þið eruð nútímafólk og kraftmikil og svo ég vitni í T.S. Elliot, góð blanda af hinu gamla og nýja.“

## Kynntist Shakespeare ungur

John Rhys-Davies er fæddur árið 1944 í Salisbury í Wiltshire á Englandi en ólst upp að hluta í Wales. Móðir hans var hjúkrunarkona og faðir hans var vélaverkfræðingur og nýlendustjóri.

„Ég var sendur í heimavistar skóla í Cornwall á Englandi aðeins níu ára gamall. Ég var nýkominn heim frá Afríku þar sem fjölskyldan bjó á meðan faðir minn gegndi starfi nýlendustjóra. Ég ólst því upp að mestu í villtri náttúru. Í Afríku hafði ég verið frjálst og í raun aldrei lært að leika við önnur börn. En í skólanum voru aðrir nýlendudrengir sem ég tengdi við,“ segir Rhys-Davies.

„Ég var hins vegar uppreisnarnabarn og þóldi ekki þennan skóla. En þetta var góður skóli sem færði mér Shakespeare. Hið magnaða leyndarmál um börn er að finna það sem þau hafa ástríðu fyrir. Þegar ég kynntist Shakespeare öðlaðist ég orðaforðann fyrir reiði mína.“

## Fyrsta kvikmynd Jóns

*Shadowtown* er íslensk og kanadísk samframleiðsla en íslenskur framleiðandi myndarinnar er Hlin Jóhannesdóttir hjá Ursus Parvus. *Shadowtown* er fyrsta kvikmynd leikstjórans Jóns Gústafssonar sem skrifaði einnig handrit myndarinnar ásamt Karolinu Lewicka. Jón bjó í Kanada í átta ár og hefur tengingar þangað sem sem leiddu af sér samstarfið.

Myndin fjallar um unga konu sem erfir hús ömmu sinnar sem hún hittir aldrei, í borg sem hún hefur aldrei séð. Í trássi við vilja móður sinnar leggur hún í ferðalag til að öðlast skilning á sársauka fortíðarinnar, en með þeirri ákvörðun veldur hún uppnámi og róti sem hún kemst ekki lifandi frá nema með aðstoð látinna forfeðra og -mæðra. Með aðalhlutverk fer Brittany Bristow, en hún á ættir að rekja til Íslands.



## ÞETTA VAR GÓÐUR SKÓLI

## SEM FÆRDI MÉR SHAKESPEARE. HIÐ MAGNAÐA

## LEYNDARMÁL UM BÖRN

## ER AÐ FINNA ÞAÐ SEM ÞAU

## HAFNA ÁSTRÍÐU FYRIR.

Í skólaleikritum fór hann með stór hlutverk, meðal annars Óþelló og fleiri. Leiðin lá síðan í háskólann í Vestur-Engliu þar sem hann var einn af 105 nemendum sem fengu inngöngu. Þar stofnaði Rhys-Davies The Dramatic Society og eðlilega fékk hann þar öll bestu hlutverkin.

Hann giftist fyrri eiginkonu sinni, Suzanne Wilkinson, árið 1966 áður en hann kláraði námið í skólanum og kenndi á meðan í eitt ár við grunnskóla í Norfolk á meðan Suzanne kláraði sitt nám. Í kjölfarið fékk hann inngöngu í konunglega leiklistarskólann í London.

Leikarinn eignaðist tvo syni með Suzanne en þau skildu árið 1985. Suzanne fékk Alzheimer en hann annaðist hana þar til hún lést árið 2010. Í dag býr Rhys-Davies með fjölmiðlakonunni Lisu Manning og eiga þau 12 ára dóttur.

„Enginn ætti að gifta sig fyrir þriðugt,“ segir hann kímmin. „Ég fékk síðan vinnu í leikhúsinu og hóf störf á mánudagsmorgni 28. júlí 1969. Ég fagna því fimmtíu ára leiklistar-afmæli á næsta ári.“





**Hafnaði næstum því hlutverkinu** John Rhys-Davies hefur farið með ýmis hlutverk í sjónvarpi og kvikmyndum á borð við Shogun, The Naked Civil Servant, Sliders og Indiana Jones sem var lykkill hans að Hollywood. „Svo gerði ég þau mistök að fara til Hollywood,“ segir hann og hlær. „Þar átti ég reyndar 20 frábær ár og flestum leikurum líður eins og þeir eigi að vera þar. En gæði eru ekki endilega í forgrunni þar. Að sjálfsögðu eru ótalmargir frábærir brautryðjendur með stórkostlega hæfileika, en svo eru það hinir.“

En Lord of the Rings myndi þá falla undir gæðin í Hollywood?

„Já, vissulega, en Lord of the Rings er frá Nýja-Sjalandi.“

Stærsta hlutverk Rhys-Davies er án efa að túlka dverginn Gimli, son Glóins. Hann hefur sagt í viðtölum að hann hafi næstum því hafnað hlutverkinu en tók því svo á endanum og sér ekki eftir því. Einnig talaði hann fyrir Trjáskegg í myndunum.

„Ég held að það sem gerir Gimli áhugaverðan er að hann er tákngevingur allra okkar slæmu eiginleika. Þetta mikla vantraust, afbrýðisemi, vænisýki og hræðsla við „aðra“. Við þekkjum öll þessa eiginleika og viljum síður hafa þá. En hann er líka gæddur kostum sem við viljum öll tileinka okkur, hugrekki, hollustu og viljanum til að vernda þá sem minna mega sín,“ segir Rhys-Davies, sem þylur upp hina frægu setningu Gimlis: „Óumflyjanlegur dauði, lítill möguleiki á árangri. Eftir hverju biðum við?“



„Ég held að það sem gerir Gimli áhugaverðan er að hann er tákngevingur allra okkar slæmu eiginleika,“ segir leikarinn John Rhys-Davies.



## ÞVÍ LENGRA SEM VIÐ FÖRUM AFTUR Í TÍMANN OG KÖNNUM MANN- SKEPNUNA, ÞVÍ SKÝRARI VERÐUR HEÐUN OKKAR.

„Ég held að ég hafi uppgötvað eitt-hvað sem getur mögulega útskýrt ákveðna hegðun karla gagnvart konum. Sögulega hafa karlmenn ekki gefið skoðunum kvenna mikinn gaum í gegnum aldirnar. Hvers vegna? Nú, það er mikill þroskamunur á 17 ára gömlum ungum manni og 34 ára eða fimmtugum manni. Og konur eru ekki undantekning. Konur náðu ekki háum aldri fyrr en fyrir kannski um 1-2.000 árum. Ég held að ástæðan fyrir ákveðnum viðhorfum sumra manna gagnvart konum og því að þeir taki þær ekki alvarlega, sé meðal annars vegna þess að þeir

hittu aldrei neinar. Það voru svo fáar konur sem náðu fullorðinsaldri á þessum tímum og þetta hefur fylgt kynslóðunum í gegnum tíðina.“

### Mikilvægt að halda í góð gildi

Leikarinn var róttækur vinstrimaður á háskólaárum sínum í kringum 1960 og segist hafa haft sterk gildi um lýðræði, jafnrétti, tjáningarfrelsi og frelsi einstaklingsins til að hafa rétt á og viðra skoðanir sínar, svo lengi sem það skaði ekki aðra.

„Öll þau gildi og skoðanir sem ég hafði þá hef ég enn í dag. Þegar ég byrjaði á þessu verkefni vildi ég finna eitthvað sem við gætum öll tengt við og kannski jafnvel sammælt um. Því lengra sem við förum aftur í tímann og könnum mannskepnuna, því skýrari verður hegðun okkar,“ segir hann.

„Ég veit ekki tilganginn með þessu lífi en ég get sagt þér hver ásetningur okkar er út frá uppruna okkar. Ásetningur okkar er einfaldur, í fyrsta lagi að lifa af og í öðru lagi að vera betri útgáfa af foreldrum okkar og undirbúa börnin okkar fyrir það að vera betri útgáfa af okkur sjálfum. Ef við missum sjónar á þessu, missum við sjónar á því sem hefur leitt mannskepnuna áfram frá upphafi vega.“



## ÉG HELD AÐ ÉG HAFI UPP- GÖTVAÐ EITTHVAÐ SEM GETUR MÖGULEGA ÚT- SKÝRT ÁKVEÐNA HEÐUN KARLA GAGNVART KONUM.

### Skoðar sögu frumbyggja

„Eftir að hafa dreymt um það í þrjátíu ár er ég við það að stofna mitt eigið framleiðslufyrirtæki. Ég fann aldrei réttu aðilana til að vinna með. En hingað er ég kominn, ekki aðeins til að leika í kvikmynd, heldur einnig til þess að líta í kringum mig,“ segir hann. Ekki er komið nafn á fyrirtækið en Rhys-Davies vinnur nú að verkefni um frumbyggja, Homo sapiens og Neanderdalsmenn. Um er að ræða kvikmynd sem gerist fyrir um 18-20 þúsund árum þegar forfædur- og mæður okkar voru öll eins.

Rhys-Davies hefur mikinn áhuga á sögu mannkyns og því sem tengist mannskepnunni.

„Heilinn í okkur var um 10 prósent stærri þá en nú. Það leikur einnig vaxandi grunur á því að við höfum verið gáfaðri þá en nú. Þau komust lífs af í alls konar aðstæðum sem myndu drepa flesta í dag. Þeirra ógæfa var hins vegar sú að bráð þeirra var stærri, sterkari og hraðskreiðari og kunnir ýmist að fljúga eða synda. Yfirburðir þeirra fólust í heilanum og hæfni þeirra til að hugsa og greina aðstæður,“ segir leikarinn.

„Lífslíkur kvenna voru þó afar litlar. Meðalkonan náði aðeins um 21 aldursári og ástæðan var einna helst barnsburður. Jafnvel á tímum Rómaveldis var meðalaldurinn aðeins 25 ár. Að sjálfsögðu voru konur sem náðu 60, 70 árum en það voru þá gjarnan konur sem höfðu aldrei eignast börn. Það er fyrir þessar ungu, mögnuðu konur á þessum tíma sem gerðu allt sem í þeirra valdi stóð til að halda lífi í börnum sínum og þar með viðhalda arfleifð okkar.“

Rhys-Davies segist hafa orðið fyrir uppljómun þegar hann skrifaði handritið að kvikmynd sinni.



# Tímamót

## 100 ár frá Spænsku veikinni Hólavallagarður 180 ára

Í lok nóvember verður minnst tvennra tímamóta í lífi landsmanna. Annars vegar eru 180 ár frá því að Hólavallagarður, kirkjugarðurinn við Suðurgötu, var tekinn í notkun í nóvember 1838. Í Hólavallagarði liggja saman háir sem lágir, alþýðufólk og helstu listamenn og stjórnmálamenn 20. aldar. Persónur og leikendur í fullveldis- og sjálfstæðisbaráttu Íslendinga.

Hins vegar er þess minnst að öld er liðin frá því mannskæð farsótt, spænska veikin, barst hingað til lands. Talið er að á þremur vikum í nóvember 1918 hafi veikin lagt að velli hátt í 300 íbúa Reykjavíkur sem voru jarðaðir í Hólavallagarði. Allt athafnalíf í bænum lamaðist og prestar, lækmar og annað hjúkrunarfólk vann myrkranna á milli. Það gerðu einnig þeir sem önnuðust greiftranir í Hólavallagarði í vetrarhörkum við ótrúlega erfiðar aðstæður.

Þessara tímamóta verður minnst sunnudagana 18. og 25. nóvember.

### 18. nóvember

Málþing í Iðnó kl. 14:00-16:00 um spænsku veikina á vegum Borgarsögusafns Reykjavíkur í samvinnu við Ráðhús Reykjavíkur.

Erindi flytja: Bragi Þorgrímur Ólafsson sagnfræðingur, Magnús Gottfredsson smitsjúkdómalæknir og Erla Dóris Halldórsdóttir sagnfræðingur. Boðið verður upp á tónlistarflutning og kaffiveitingar. Fundarstjóri: Alma D. Möller, landlæknir

Að loknu málþingi mun Gunnar Þór Bjarnason sagnfræðingur leiða göngu frá Iðnó að Hólavallagarði þar sem Heimir Björn Janusarson umsjónarmaður garðsins og Sólveig Ólafsdóttir sagnfræðingur taka við hópnum og fjalla um spænsku veikina og Hólavallagarð.

Að lokum mun Elinborg Sturludóttir dómkirkjuprestur leiða minningarstund.

### 25. nóvember

Söguganga í tilefni af því að 180 ár eru frá því að Hólavallagarður var tekinn í notkun.

Safnast saman kl. 14:00 við Vikurgarð (Fógetagarð) á horni Aðalstrætis og Kirkjustrætis.

Heimir Björn Janusarson umsjónarmaður Hólavallagarðs mun stikla á stóru í sögu Vikurgarðs.

Síðan mun hann leiða sögugöngu í slóð líklyfgda upp Suðurgötu í Hólavallagarð þar sem farið verður yfir sögu og þróun garðsins og áhrif ólíkra hugmynda á skipulag hans og útfararsíði.



# Við dettum öll úr tísku

Sif Sigmarsdóttir rithöfundur og Halldór Baldursson teiknari segja Íslandssöguna á frumlegan hátt með húmorinn að vopni í nýrri bók fyrir ungt fólk, Sjúklega súr saga.

Kristjana Björg Guðbrandsdóttir kristjana@frettabladid.is



Við erum mjög súr saman, við Halldór," segir Sif Sigmarsdóttir rithöfundur sem ræðir við blaðamann frá höfuðstöðvum sínum í London. Höfuðstöðvarnar eru reyndar hlýlegt heimili hennar þar sem hún stundar ritstörf af kappi.

Út er komin ný bók eftir hana og Halldór Baldursson teiknari þar sem Íslandssögunni eru gerð skil á frumlegan og fjórlegan hátt.

"Við byrjuðum að vinna í þessari bók árið 2015. Hún hefur verið lengi í smíðum. Tilgangurinn með bókinni er í raun þrjúþættur. Í fyrsta lagi þá langaði mig að skrifa þessa bók af því að ég er orðin svo ótrúlega leið á fólk sem segir að allt hafi verið betra, fallegra og saklausara í gamla daga. Þegar við vorum öll á sauðskinnsskóm eða þegar það var ekkert sjónvarp á fimmtudögum. Ég held til dæmis að ekkert okkar hafi viljað vera uppi á Sturlungaöld þegar það ríkti stríðsástand á Íslandi," segir Sif.



Sif Sigmarsdóttir rithöfundur

Sif segir markmið með samvinnu þeirra Halldórs að kveikja söguáhuga hjá börnum og ungmennum. „Ég held að mörgum börnum finnst Íslandssagan leiðinleg. Það er skiljanlegt. Við förum illa með hana. Látum hana rykfalla inni í kompu og drögum hana helst fram á tyllidögum og klæðum hana þá í þjóðtöningu og helgislepju og syngjum Ó, guð vors lands," segir Sif.

"Allt sem er svona hátíðlegt er leiðinlegt og gelt. En þegar sagan er svipt hátíðleikanum þá vaknar hún til lífins. Hlutirnir eru ekki lengur tvíviðir – annaðhvort svartir eða hvítir – og fólk færist okkur nær. Verður breyskara, mennskara og líkara okkur. Það er miklu skemmtilegra.

Ég vildi líka sýna hversu myndin sagan er. Saga okkar er alltin sameiningartákn þjóðarinnar. Það er þá iðulega á einhverjum skritnum hetjulegum forsendum. En það sem mér finnst sameina okkur er húmorinn, að við getum hlegið saman að sjálfum okkur. Húmorinn verður til við sameiginlega reynslu okkar," segir Sif sem segir að það sem henni hafi fundist einna erfðast við að aðlagast því að skrifa og tala ensku hafi verið að vera myndin.

"Mér fannst erfitt að vera myndin á ensku. En á íslensku er það einhvern veginn náttúrulegra. Íslendingar eru með ákaflega súran húmor. Þeim er ekkert heilagt og ég elska það."

Hvað eruð þið að fjalla um? Þetta er auðvitað stórt verkefni.

"Já, verkefnið var ansi stórt. Við fjöllum um Íslandssöguna frá upphafi. Frá Ingólfi Arnarssyni alla leið að internetinu. En við stíklum á stóru og reynum að rekja stór- atburði sem allir þekkjа en gerum það með okkar hætti," segir Sif og

segir mannkynssöguna oftara mega vera frá sjónarhorni almennings sem lifði hana.

"Þegar ég segi þetta þá er ég viss um að félagar mínir í sagnfræðinni ranghvolfa sumir augum. Í dag þykir fint að læra hagsögu og rýna í tölur og eitthvað sem er hægt að mæla. Mér finnst reynsla fólks svo miklu skemmtilegri.

Syn mín á fortíðina breytist við það að skoða Íslandssöguna í einum rykk. Þegar við leggjum mat á söguna er erfitt að skilja frá gildi samtíans, okkar eigin fordóma, siðferði og skoðanir. Við þurfum að sýna fortíðinni meiri skilning, dæma hana út frá andrúmslofti og skoðunum þess tíma sem horft er á. Við eigum það til að dæma gjörörf fólks í fortíðinni hart," segir Sif.

"Og við höldum auðvitað að við munum ekki hljóta sömu örlög. Að framtíðin muni ekki dæma okkur.

Að við séum á einhverri sögulegri endastöð. Við neglðum þetta! En það er auðvitað ekki rétt. Við getum ekki vitað fyrir hvað við verðum dæmd í framtíðinni. Ég imynda mér að það muni tengjast meðferð okkar á dýrum eða menntamálum. Við gætum þótt hafa beitt börn miklu harðræði með því að láta þau sitja kyrr á rassinum í skólum að læra," segir Sif og segir að þegar hún hugsi svo langt inn í framtíðina þá finni hún fyrir eigin dauðleika.

"Ég er enn þá þrjátíu og eitthvað. Mér líður samt eins og ég sé nú þegar farin að úreldest þegar kemur að skoðunum og siðferði. Ég er komin yfir síðasta söludag! Ég elskaði einu sinni vinsæla þætti sem heita Friends. Mér finnst þeir myndir enn en þeir þykja ekki viðeigandi lengur. Ég er svona eins og karlarnir sem skilja bara ekkert í því af hverju þeir mega ekki klípa í rassinn á konum á vinnustaðnum lengur. Það mátti einu sinni. Við dettum öll úr tísku einhvern tímann, það er eins og að horfast í augu við eigin dauðleika."

Fannst þér saga spennandi þegar þú varst sjálf í skóla?

"Ég féll ekki fyrir sögu fyrr en byrjaði í MR og fór að læra um Gríkkland og Rómaveldi hið forna. Þar lásum við um skrautlegar persónur, ástir þeirra og örlög, sem minntu helst á sápuoperurnar sem maður horfði á í sjónvarpinu. „Það sem heillaði mig síðar og varð til þess að ég ákvað að leggja stund á sagnfræði í háskóla var saga tuttugustu aldarinnar."

Er eitthvað sem þér sérstaklega hugstætt úr sögunni?

"Það er eitt sem mér finnst alltaf jafnmærkilegt – og óhugnanlegt – þegar ég horfi á söguna: Hugmyndaflugi mannsins virðast engin takmörk sett þegar kemur að því að heya öfrið."

Það er eitt sem mér finnst alltaf jafnmærkilegt – og óhugnanlegt – þegar ég horfi á söguna: Hugmyndaflugi mannsins virðast engin takmörk sett þegar kemur að því að heya öfrið."



ÉG ER ENN ÞÁ ÞRJÁTÍU OG EITTHVAÐ. MÉR LÍÐUR SAMT EINS OG ÉG SÉ NÚ ÞEGAR FARIN AD ÚRELDAST ÞEGAR KEMUR AÐ SKOÐUNUM OG SIÐ FERDI. ÉG ER KOMIN YFIR SÍÐASTA SÖLUDAG.

FRÉTTABLAÐIÐ +PLÚS Lesið fleiri skrautleg brot úr Sjúklega súr saga á +Plús síðu Fréttablaðsins. Fréttablaðið +Plús er eingöngu í Fréttablaðs-appinu eða í PDF-útgáfu blaðsins sem er aðgengileg á frettabladid.is.

# KRONAN



Sjáðu úrvalið á kronan.is



Föröunartrít fyrir áramótin

**3390** kr. pk.



Revolution jóladagatal  
Allt fyrir vaðinnar

**5990** kr. pk.



Technic baðvöru jóladagatal

**2990** kr. pk.



Technic jóladagatal, allt fyrir neglurnar

**3590** kr. pk.



Jóladagatal með súkkulaði og lakkrisbólum

**1999** kr. pk.



Osta jóladagatal

**3999** kr. pk.

## Fæst í:

Bíldshöfða, Flatahrauni,  
Garðabæ, Grafarholti,  
Granda, Lindum og Vallakór

og Akranesi,  
Mosfellsbæ, Reyðarfirði,  
Reykjanesbæ, Selfossi og  
Vestmannaeyjum



Afgreiðslutímar á [www.kronan.is](http://www.kronan.is)

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eda myndabrengl.

ATH. vöruúrval er misjafnt eftir verslunum




# Fjölbreytt úrval af fallegum gjafavörum



2.

NORDAL




3.

b  
BROS  
COPENHAGEN




4.

RALPH LAUREN



5.

PTMD



6.



7.

FRANSEN

evasolo



9.



10.



b  
BROS  
COPENHAGEN



11.

iittala



bodum



12.

evasolo



13.

iittala

1. Broste Salt matarstell, verðdæmi: Diskur  $\varnothing 22$  cm 2.290 kr, krús/bolli með haldi 1.390 kr, skál  $\varnothing 14$  cm 1.390 kr, diskur  $\varnothing 28$  cm 3.290 kr. Broste hnifapör 4x4 stk, verð 18.990–22.990 kr. Broste smoke hvítvínsglas á fæti 1.790 kr. Broste smoke rauðvínsglas á fæti 1.990 kr. Broste smoke tumbler glas 1.790 kr • 2. Nordal kristalsstjaki, h:19 cm 6.990 kr • 3. Broste Elef lukt  $\varnothing 31$  cm. Hæð: 30 cm 11.990 kr • 4. Ralph Lauren Bradford ilmkerti 7.990 kr stk • 5. PTMD vínrekki 15.900 • 6. Nordal Downtown spegill  $\varnothing 55$  cm 7.490 kr • 7. Frandsen Cool Chandelier loftljós 31.900 kr • 8. Nordal hnifur 13x18 cm 2.990 kr • 9. Eva Solo hitakanna í ljósgráum jakka 1L 13.990 kr • 10. Nordal Bamboo ferðamál úr bambus með sílikonloki 10x9 cm 1.290 kr • 11. Bodum Eileen pressukanna 8 bolla, svört 11.990 kr stk • 12. Eva Solo Nordic pottur 3L 23.990 kr • 13. iittala Kasthelmi krukka með loki, desert eða grá 4.690 kr stk (einnig til minni á 3.790 kr)

Reykjavík  
Bíldshöfði 20

10 – 18 virka daga  
11 – 17 laugardaga  
13 – 17 sunnudaga

Akureyri  
Dalsbraut 1

10 – 18 virka daga  
11 – 16 laugardaga

Ísafjörður  
Skeiði 1

www.husgagnahollin.is  
558 1100



Hátíð í Höllinni

Pú finnur nýjstu bækling

# Notalegur nóvember fyrir lifandi heimili



## CLEVELAND

Tungusófi. Hægri eða vinstri tunga. Dökkgrátt slitsterkt áklæði. Stærð: 231 x 140 x 81 cm

**86.243 kr.** ~~114.990 kr.~~

IDdesign



## JOHN

Hægindastóll. Slitsterkt áklæði, 4 litir; gulur, blár, ljós- og dökkgrár.

**22.493 kr.** ~~29.990 kr.~~



## EMBRACE

Hægindastóll. Svart eða grátt PU-leður og svart sléttfael.

**26.243 kr.** ~~34.990 kr.~~

## NORDIC

Vandað borðstofuborð frá Skovby. Olúborin eik allan hringinn eða hvítuð olúborin eik og svart nano yfirborð Stærð: 100 x 183/274 x 74 cm.



Stækkanlegt í 274 cm með innbyggðri stækkun.

Olúborin eik **185.069 kr.** ~~198.999 kr.~~

Hvítuð, olúborin eik með svörtu nano yfirborði

**227.384 kr.** ~~244.499 kr.~~



## YORK

Borðstofustóll. Þrjú litir í PU-leðri; svartur, koníaksbrúnn og kúrekagrár.

**11.992 kr.** ~~14.990 kr.~~



3ja sæta: 212 x 87 x 83 cm

**263.992 kr.** ~~329.990 kr.~~

## DUSART

3ja sæta sófi úr svörtu gæðaleðri. Einnig fánlegur með hægri eða vinstri tungu

Tungusófi: 273 x 153/87 x 83 cm

**399.992 kr.** ~~499.990 kr.~~



## LAKE

Borðstofustóll. Svartir fætur og kúrekagrátt PU-leður.

**19.992 kr.** ~~24.990 kr.~~



Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstríkað verð sýnir fullt verð vöru.

# JÓLABÆKURNAR 2018

**N**ý skáldsaga Þórdísar Gísladóttur, rithöfundar og þýðanda. Horfið ekki í ljósið, hefur hlotið góðar viðtökur. Í skáldsögunni leikur hún sér að því að flétta raunverulegum atburðum og persónum við skáldaða atburði. Bláðamaður sem hefur nýlökkið lestri á bókinni getur ekki á sér setið.

*Fannst þessi beinagrind í alvöranni í Hafnarfirði? Og þessi njónsari? Þessar mögnuðu konur? Hvernig eignlega?...*

Þórdís brosir og gefur ekkert upp. „Nei, ég get ekki svarað þessari spurningu um beinagrindina. En ég get sagt þér að þegar ég var að skrifa þessa sögu þá var það leikur hjá mér að fá lesandann til að trúa henni. Ég nota umhverfið sem ég ólst upp í, Hafnarfjórð rétt við klaustrið og Reykjavík líka. Sögusviðið er níundi áratugurinn og raunverulegar persónur og atburðir fléttast inn í framvinduna.“

*Skáldsagan Horfið ekki í ljósið. Þetta er ekki glæpasaga, ekki ástar-saga. En þarna er ráðgáta sem er leyst í lokin?*

„Það stendur á kápunni að hún fjalli um svefnleysi, kjarnorkuvá og beinagrind sem leynist. Og það gerir hún bókstaflega. En svo eru margir aðrir þræðir í sögunni. Hún fjallar til dæmis líka um bækur sem aðalsöguhetjan er að lesa og rifjar upp. Hvernig þær hafa áhrif á hana og hugsanir hennar. Þá er ákveðið þema undirliggjandi um hvernig fólk gerir ekki það sem því er best. Og þaðan kemur heiti sögunnar; Horfið ekki í ljósið. Fólk sem horfir á kjarnorkusprengringu. Breytir það einhverju? Skiptir það einhverju máli hvort maður er ofan í kjallara eða horfir á hana.“

Þórdís hefur sinnt ritstörfum um langa hríð en fyrsta ritverk sitt. Leyndarmál annarra, gaf hún út árið 2010 og hlaut fyrir handritið að því Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar. Þá hefur hún þrisvar sinnum verið tilnefnd til íslensku bókmenntaverðlaunanna.

*Þú ert augljóslega á réttri hillu, hvernig byrjaði þetta allt saman?*

„Já, það er rétt. Fyrsta bókinn mín kom ekki út fyrr en ég var orðin 45 ára. Ég vann áður í fimm ár sem verkefnastjóri hjá Háskóla Íslands. Mér fannst ég ekki góð í því. Ég var alltaf að gera eitthvað til hliðar, var í alls kyns verkefnum tengdum ritstörfum. Ég hugsaði oft, æi af hverju er ég að þessu? Life is a bitch and then you die! Ég ákvað að segja upp. Hætta bara í vinnunni.“ segir Þórdís frá og segir samstarfsfélaga sína í háskólanum varla hafa trú að því. „Enda gótt starf. Og frábærir félagar.“ segir hún.

„Ég vann á auglýsingastofnu um tíma. Vann í ýmsum verkefnum fyrir ráðuneyti og svo fór ég að þýða glæpasögur fyrir Forlagið. Ég þýddi verk Hennings Mankell sem er einn af mínum uppáhaldshöfundum. En eftir þrjár bækur var ég reyndar búin að fá nóg, glæpasögur eru líka ákveðinni forskrift. Ég þýddi líka skemmtilegar chick-lit bækur. En árið 2010 var ég í ákveðnu millibils-ástandi. Ég var bara frekar blönk. Ég sá auglýst bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar. Ég hafði lengi skrifað blogg og átti efni til sem voru nokkurs konar prósar. Ég tók til efni og sendi inn. Þetta var litil bók,“ segir Þórdís en hún á við sína fyrstu ljóðabók, Leyndarmál annarra.

„Svo gleymdi ég þessu bara, það liðu einhverjir mánuðir og þá var mér tilkynnt að verkið hefði verið valið. Ég fékk útgáfana og allt var sett í gang. Svo fór boltinn að rúlla,“ segir Þórdís frá.

*Og hvernig er líf rithöfundarinnar?*  
„Það er besta lífið. Þetta eru forréttindi. Ég sé ekki eftir þessari ákvörðun,“ segir Þórdís sem segir þó að hún geti vel hugsað sér að gera eitthvað annað. „Ef enginn læsi bækurnar sem ég skrifa þá sé ég fyrir mér að ég gæti unnið í blómabúð,“ segir hún.

*Hvernig list þér svo á að vera í jólabókafloðinu?*



„Ég sé ekki eftir þessari ákvörðun,“ segir Þórdís um það þegar hún ákvað að leggja fyrir sig ritstörf. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Boltinn fór að rúlla

**Þórdís Gísladóttir** um líf sitt sem rithöfundur og ýmsar ráðgátur í nýrri skáldsögu sinni, Horfið ekki í ljósið. Fréttablaðið birtir brot úr skáldsögunni þar sem njónsarin Karin Lannby kemur við sögu.

„Mér finnst það skemmtilegt. Stundum óska ég þess reyndar að markaðurinn verði meira en gjafamarkaður og að fólk kaupi sér bækur í auknum mæli. En kannski er fólk farið að gera það. En mér finnst full-orðið fólk stundum niskt. Fólk timir að kaupa sér nýjustu Dan Brown bókina en ekki góða barnabók eða vandaða ljóðabók. Auðvitað eru þetta peningar ef fólk á þá ekki til, en bækur fylgja börnum fram á full-orðinsár. Þær hitta mann og lifa með manni,“ segir Þórdís.

Henni stendur málaflökurinn nærri því Þórdís skrifar jöfnum höndum fyrir börn og fulloröna. Þekktar eru barnabækur hennar um Randalinu og Munda.

„Fulloröna fólkíð er alltaf að ýta að krökkum bókum sem það las sjálf. Skólaþjóðum og Gagn og gaman, af því að það telur það gera þeim gott. En þau hafa engan áhuga á þessum bókum og það eru bara til miklu betri bækur. Þau vilja lesa fantasibókmenntir eða eitthvað úr sínum eigin samtíma,“ segir Þórdís sem hefur skrifað unglingsbækur í samstarfi við Hildi Knútsdóttur, Doddi, bók sannleikans og Doddi, ekkert rugl.

Ráðið verður í starfið til fimm ára með möguleika á ótímabundinni ráðningu að þeim tíma liðnum sbr. 3. mgr. 31. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009.

Nánari upplýsingar veitir Ingi Rúnar Eðvarðsson, deildarforseti Viðskiptafræðideilda á netfanginu [ingire@hi.is](mailto:ingire@hi.is) eða í síma 525 5176.

Umsóknarfrestur er til og með 3. desember 2018.

Nánari upplýsingar um starfið má finna á vefsíðu Háskóla Íslands.

Háskóli Íslands er alþjóðlegur rannsóknaháskóli og stærsta kennslu-, rannsókn- og vísindastofnun landsins. Um 1.500 starfsmenn starfa í fóstum störfum við skólann og um 2.200 eru lausráðnir. Nemendur við skólann eru um 12.500. Skólinn skiptist í sex grunneiningar, miðlæga stjórnsýslu og fimm fræðisvið. Háskóli Íslands býður fjölbreytt nám á öllum stigum og er eini háskóli landsins sem býður grunnnám og framhaldsnám á öllum helstu fræðisviðum.

Á Félagsvísindavíði starfa á þriðja hundrað manns að kennslu og rannsóknum. Vísindafólk sviðsins stundar grunnrannsóknir, hagnýtar rannsóknir og þjónusturannsóknir og lögð er mikil áhersla á fjölbreytta miðlum þekkingar, öflugar samræður við íslenskt samfélag og alþjóðlega fræðasamfélagið.



HÁSKÓLI ÍSLANDS  
VIÐSKIPTAFRÆÐIDEILD

## HÓTELSTJÓRI

Óskum að ráða hóteltjóra að Hótel Dalvík frá vormánuðum 2019.

Umsækjendur skulu hafa reynslu af hóteltjórnum eða úr ferðaþjónustu. Þeir þurfa m.a. að búa yfir góðri þjónustulund, reynslu af mannaússtjórnum, þekkingu á tölvukerfum og markaðssetningu.

Umsóknir sendist fyrir 28. nóvember til Hótel Dalvík, Skíðabraut 18, 620 Dalvík.

HÓTEL  
DALVÍK  
- Aurora Leisure -

Hótel Dalvík  
Aurora Leisure ehf  
Skíðabraut 18, 620 Dalvík  
kt. 460307-0900  
sími 466 3395  
[www.hoteldalvik.is](http://www.hoteldalvik.is)

## Seltjarnarnesbær Leikskóli Seltjarnarness

### Leikskóli Seltjarnarness

Við óskum eftir að ráða leikskólakennara eða þroskaþjálfara í fullt starf.

Nánari upplýsingar um störfín og skil umsókna má finna á Ráðningarvef Seltjarnarnesbæjar [www.seltjarnarnes.is](http://www.seltjarnarnes.is) – Störf í boði

Umsóknarfrestur er til 30. nóvember næstkomandi.

Í samræmi við jafnréttisáætlun Seltjarnarnesbæjar eru karlar jafnt sem konur hvött til að sækja um störf. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og hlutaðeigandi stéttarfélagi.



Jafnréttisáætlun  
P+G  
2018



SELTJARNARNESBÆR

[seltjarnarnes.is](http://seltjarnarnes.is)

## Blaðamaður

Viðskiptablaðið óskar eftir blaðamanni í fullt starf á ritstjórn blaðsins.

### Helstu verkefni:

- Skrif í Viðskiptablaðið
- Skrif á vefinn vb.is

### Hæfniskröfur:

- Reynsla af blaðamennsku æskileg
- Þekking og áhugi á viðskiptum skilyrði
- Háskólamenntun, s.s. á sviði hagfræði, viðskipta eða lögfærði æskileg.
- Geta til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku og ensku
- Frumkvæði, sjálfstæði, metnaður og öguð vinnubrögð eru nauðsynlegir eiginleikar.

Hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um.

Umsóknarfrestur er til og með 25. nóvember nk. Umsókn þarf að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf. Umsóknir sendist á [starfsumsokn@vb.is](mailto:starfsumsokn@vb.is).

Viðskiptablaðið



## BAADER-MANN vantar á Vigra

Ögurvík óskar eftir að ráða Baader-mann á Vigra í næstu veiðiferð sem hefst þriðjudaginn 27. nóvember n.k.

### Nánari upplýsingar gefa:

Árni Gunnólfsson skipstjóri í síma 848-2749  
Pálmi Hafþór Ingólfsson starfsmannastjóri í síma 849-0261



## Sérfræðingar í ráðningum

Ánægðir viðskiptavinir eru okkar besta auglýsing



lind@fastradningar.is  
mjoll@fastradningar.is

**FAST**  
Ráðningar

www.fastradningar.is



## Rafvirki á Selfossi

RARIK ohf auglýsir eftir rafvirkja til starfa á starfsstöð fyrirtækisins á Selfossi. Hér er um fjölbreytt starf að ræða í öflugum vinnuflokki sem vinnur við dreifikerfi RARIK á Suðurlandi. Við hvetjum bæði konur og karla til að sækja um.

### Helstu verkefni

- Viðhald á dreifikerfi RARIK
- Eftirlit með tækjum og búnaði
- Viðgerðir
- Nýframkvæmdir
- Vinna samkvæmt öryggisreglum

### Hæfniskröfur

- Sveinspróf í rafvirkjun
- Öryggisvitund
- Almenn tölvukunnátta
- Drifkraftur og geta til að vinna sjálfstætt
- Bílpróf

Nánari upplýsingar veitir Guðlaugur Valtýsson, deildarstjóri framkvæmdasviðs á Suðurlandi eða starfsmannastjóri RARIK í síma 528 9000. Umsóknarfrestur er til 6. desember 2018 og skal skila umsóknum með ferilskrá á netfangið atvinnuumsokn@rarik.is.

RARIK ohf. er rekið sem opinbert hlutafélag í eigu ríkisins. Hlutverk RARIK er að dreifa raforku auk þess að afla, dreifa og annast sölu á heitu vatni. Starfsmenn RARIK eru um 200, aðalskrifstofa er í Reykjavík og um 20 starfsstöðvar eru dreifðar vítt og breitt um landið.



RARIK ohf • Dvergshöfða 2 • 110 Reykjavík • Sími 528 9000 • www.rarik.is



Nánari upplýsingar um fyrirtækið á [www.tgverk.is](http://www.tgverk.is).

## TÆKNIMENN

PG Verk óskar eftir að ráða öfluga og reynsluríka tæknimenn á framkvæmdasvið.

### Helstu verkefni

- Verkefnastjórnun
- Ábyrgð á tíma- og verkáætlunum
- Úttektir
- Magntaka
- Önnur tilfallandi verkefni á verkstað

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Menntun í verk- eða tæknifræði á byggingarsviði eða nám í byggingafræði
- Haldbær reynsla af stýringu verkefna
- Hæfni í mannlegum samskiptum og skipulagsfærni
- Reynsla af byggingarstarfsemi
- Góð almenn tölvuþekking
- Þekking á AutoCAD



### Nánari upplýsingar veitir:

Rannveig J. Haraldsdóttir, rannveig@hagvangur.is

### Umsóknarfrestur er til og með 28. nóvember 2018.

Umsóknir óskast fylltar út á [www.hagvangur.is](http://www.hagvangur.is)

Umsóknum skal fylgja ítarleg ferilskrá og kynningarbréf.

## Fjármálastjóri

Laust er til umsóknar starf fjármálastjóra hjá Íþróttafélaginu Fylki. Leitað er að öflugum einstaklingi sem á auðvelt með að vinna sjálfstætt og í teymi og hefur brennandi áhuga á íþróttum. Starfshlutfall og upphafsdagur starfs er samkomulag.



### Helstu verkefni og ábyrgð

- Fjárhagsleg upplýsingagjöf til framkvæmdastjóra, aðalstjórnar og deilda í samráði við framkvæmdastjóra
- Skipulag bókhalds- og uppgjörsvinnu ásamt gerð ársreikninga.
- Ábyrgð á meðferð sjóða hjá félaginu
- Að félagið uppfylli kröfur laga og reglugerða um allt sem snýr að fjármálum, bókhaldi og endurskoðun
- Ýmis önnur verkefni sem falla undir skrifstofu og önnur verkefni samkvæmt ákvörðun yfirmanns

### Menntun- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði viðskipta- og/eða fjármála er æskileg
- Reynsla af bókhalds- og uppgjörsvinnu
- Þekking á helstu bókhaldskerfum, þekking á DK er kostur
- Almenn tölvuþekking
- Góð samstarfs- og samskiptahæfni
- Frumkvæði, skipulagshæfni og ögun í vinnubrögðum

Umsókn fylgi náms- og starfsferilskrá ásamt kynningarbréfi með rökstuðningi fyrir hæfni viðkomandi í starfið. **Umsóknarfrestur er til og með 30.nóvember 2018 og skulu umsóknir sendar á fylkir@fylkir.is.** Allar nánari upplýsingar veitir framkvæmdarstjóri Fylkis í tölvupóstfanginu hordur@fylkir.is

*Fylkir er eitt af öflugustu íþróttafélögum landsins með um 1500 iðkendum. Innan félagsins er rekin knattspyrnudeild, karateid, blakdeild, handknattleiksdeild og fimleikadeild. Mikil uppbygging hefur átt sér stað innan félagsins á undanförunum árum og stefnt er að enn frekari uppbyggingu á næstu árum. Félagið leggur metnað sinn í að skapa framúrskarandi umgjörð fyrir iðkendum.*

## LAUS STÖRF HJÁ HAFNARFJARÐARBÆ

### Fjölskylduþjónusta

- » Félagarsráðgjafi í barnavernd
  - » Störf hjá stoðþjónustudeild
- ### Grunnskólar
- » Aðst. verkefnastjóri tómtundam. - Áslandsskóli
  - » Frístundaleiðbeinandi - Áslandsskóli
  - » Kennari í upplýsingamennt - Lækjarskóli
  - » Bókasafns- og upplýsingafræðingur - Setbergsskóli
  - » Deildarstjóri í Berg - Setbergsskóli
  - » Faggreinakennari í unglingsdeild - Setbergsskóli
  - » Frístundaleiðbeinandi í Krakkaberg - Setbergsskóli
  - » Stuðningsfulltrúi í Krakkaberg - Setbergsskóli
  - » Grunnskólakennari - Skarðshlíðarskóli
  - » Frístundaleiðbeinandi - Víðistaðaskóli

### Málafni fatlaðs fólks

- » Starf á heimili fatlaðs fólks í Áslandshverfi
- » Hlutastarf á heimili fatlaðs fólks - Erluás
- » Stuðningsfulltrúi - Geitungarnir

### Leikskólar

- » Leikskólakennari - Álfasteinn
- » Sérkennslustjóri - Hvammur
- » Leikskólakennari - Vesturkot

Í samræmi við jafnréttisefnu Hafnarfjarðar eru karlar jafnt sem konur hvött til að sækja um.

Nánar á [hafnarfjordur.is](http://hafnarfjordur.is)



HAFNARFJARÐARBÆR  
585 5500  
[hafnarfjordur.is](http://hafnarfjordur.is)



## VERKEFNASTJÓRI

Jarðboranir leita að öflugum aðila í stjórnendateymi við borframkvæmdir félagsins. Í dag eru borframkvæmdir í gangi í Afríku, Nýja Sjálandi og Íslandi og fyrirliggjandi frekari verkefni á þessum stöðum og fleirum. Í starfinu felast fjölbreytt verkefni sem snúa meðal annars að undirbúningi borverkefna, rekstri og áætlanagerð, innkaupum og aðfangastjórnun auk samskipta við stjórnvöld og hagsmunaaðila í viðkomandi landi. Starfð felur í sér ferðalög og búsetu í viðkomandi landi meðan á verkefni stendur. Viðkomandi er hluti af þverfaglegu stjórnendateymi þar sem fyrir er sérfræðipækning á sviði borframkvæmda.

### Menntun- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf í verkfræði, tæknifræði, viðskiptafræði eða skyldum greinum
- Mjög gott vald á íslensku og ensku og færni til að tjá sig í ræðu og riti
- Reynsla af áætlanagerð
- Reynsla af verkefnastjórnun
- Reynsla af fjármálum, rekstri og starfsmannahaldi
- Góð samskiptahæfni og hæfni til að vinna í krefjandi vinnuumhverfi
- Sjálfstæð, traust og vönduð vinnubrögð

## VÉLFRÆÐINGUR

Jarðboranir leita að öflugum aðila í starf vélfræðings. Um er að ræða krefjandi og spennandi starf á framkvæmdasvæðum við djúpboranir eftir jarðhita sem og aðrar borframkvæmdir, hér á landi og erlendis. Helstu verkefni vélfræðings eru viðhald og viðgerðir véla og tækjabúnaðar sem tilheyrir borflota félagsins. Um er að ræða vökvakerfi, rafbúnað, loftþrýstikerfi sem og annan búnað. Viðkomandi kemur til með að sinna vaktavinnu.

### Menntun- og hæfniskröfur:

- Hafa lokið 4. stigi vélfræðings
- Sveinspróf í vélvirkjun eða rafvirkjun
- Gott vald á íslensku og ensku og færni til að tjá sig í ræðu og riti
- Reynsla af viðhaldi og viðgerðum stórra tækja og/eða vinnuvéla
- Góð samskiptahæfni og hæfni til að vinna í krefjandi starfsumhverfi
- Sjálfstæð, traust og vönduð vinnubrögð

## RAFVIRKI

Jarðboranir leita að öflugum aðila í starf rafvirkja. Um er að ræða krefjandi og spennandi starf á framkvæmdasvæðum við djúpboranir eftir jarðhita sem og aðrar borframkvæmdir, hér á landi og erlendis. Helstu verkefni rafvirkja eru viðhald og viðgerðir véla og tækjabúnaðar sem tilheyrir borflota félagsins. Um er að ræða vökvakerfi, rafbúnað, loftþrýstikerfi sem og annan búnað. Viðkomandi kemur til með að sinna vaktavinnu.

### Menntun- og hæfniskröfur:

- Sveinspróf í rafvirkjun
- Háspennuréttindi eru kostur
- Reynsla af iðnstýringum og rekstri stórra iðnaðarrakerfa
- Gott vald á íslensku og ensku og færni til að tjá sig í ræðu og riti
- Góð samskiptahæfni og hæfni til að vinna í krefjandi starfsumhverfi
- Sjálfstæð, traust og vönduð vinnubrögð

Upplýsingar um störfín veitir Torfi Pálsson, starfsmannastjóri í síma 585-5290 eða [torfip@jarðboranir.is](mailto:torfip@jarðboranir.is).

Sækja skal um starfið á [www.jarðboranir.is](http://www.jarðboranir.is) fyrir 28. nóvember næstkomandi.

Jarðboranir er leiðandi hátæknifyrirtæki á heimsvísu sem sérhæfir sig í djúpborunum eftir jarðhita. Félagið á og rekur flota hátæknibora og er með starfsemi víðsvegar um heiminn. Nánari upplýsingar um fyrirtækið er að finna á [www.jarðboranir.is](http://www.jarðboranir.is).

## Laus störf hjá Kópavogsbæ

### Kópavogsbær auglýsir eftirtalin störf laus til umsóknar:

#### Grunnskólar

- Forfallakennari í Hörðuvallaskóla
- Forfallakennari í Smáraskóla
- Skólalíðar í Kópavogsskóla
- Skólalíðar í Smáraskóla

#### Leikskólar

- Deildarstjóri í Austurkór
- Deildarstjóri í Álfatún
- Deildarstjóri í Fífusölum
- Deildarstjóri í Kópahvol
- Leikskólakennari í Baug
- Leikskólakennari í Grænatún
- Leikskólakennari í Núp
- Leikskólakennari í Urðarhól
- Leikskólakennari í Álfaheiði
- Leikskólasérkennari í Austurkór
- Leikskólasérkennari í Baug
- Leikskólasérkennari í Fífusölum
- Leikskólasérkennari í Læk

#### Velferðarsvið

- Proskapjálfi á áfangahemili

Umsóknir ásamt upplýsingum um störfín eru á vef Kópavogsbæjar, [kopavogur.is](http://kopavogur.is).



Kópavogsbær

[kopavogur.is](http://kopavogur.is)

# Tryggðu þér líflega jólavinnu

Skemmtilegt vinnuumhverfi fyrir tvítuga og eldri



## AFGREIÐSLA Í VÍNBUÐUM Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

Við leitum að jákvæðum og röskum einstaklingum sem eru tilbúnir að veita framúrskarandi og ábyrga þjónustu.

### Helstu verkefni

- Sala og þjónusta við viðskiptavini
- Framstilling á vöru og vörumeðhöndlun
- Umhirða búðar

### Hæfniskröfur

- Jákvæðni og rík þjónustulund
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Reynsla af verslunarstörfum er kostur

Vinsamlega skráið óskir um staðsetningu í umsókn. Starfshlutföll eru breytileg eftir staðsetningu Vínbúðar.

## STARFSMENN Á LAGER, DREIFINGARMÍÐSTÖÐ ÁTVR

Við leitum að jákvæðum og drífandi einstaklingum í fullt starf í desember.

### Helstu verkefni og ábyrgð

- Almenn lagerstörf
- Móttaka og tiltekt vöru
- Önnur tilfallandi verkefni

### Hæfniskröfur

- Reynsla af sambærilegu starfi er kostur
- Lyftarapróf er kostur
- Jákvæðni, stundvísi og dugnaður

Dreifingarmiðstöð sér um vörumóttöku frá birgjum og dreifingu vara í Vínbúðir. Vinnutíminn er frá kl. 7.30-16.30 alla virka daga. Unnið er einhverja laugardaga.

Umsækjendur þurfa að hafa náð 20 ára aldri og sakavottorðs er krafist.

Umsóknarfrestur er til og með 16. desember nk. Umsóknir óskast fylltar út á [vinbudin.is](http://vinbudin.is)

Nánari upplýsingar veitir: Thelma Kristín Snorradóttir, starf@vinbudin.is, 560 7700

Gildi ÁTVR eru LIPURÐ – ÞEKINGU – ÁBYRGÐ.

Ráðningar í stöður hjá fyrirtækinu taka mið af þessum gildum.

ÁTVR rekur 51 Vínbúð um allt land. Stefna ÁTVR er að vera eitt af fremstu þjónustufyrirtækjum landsins og fyrirmynd á sviði samfélagsábyrgðar. Lögð er áhersla á að vinnustaðurinn sé öruggur, heilsueflandi og skemmtilegur þar sem samskipti einkennast af lipurð, þekkingu og ábyrgð.



Ráðgjafar okkar búa yfir viðtækri þekkingu á atvinnulífnum og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

**Ef þú ert með rétta starfið  
– erum við með réttu manneskjuna**

Capacent\_

[capacent.is](http://capacent.is)

## FRAMKVÆMDASTJÓRI FJÁRMÁLASVIÐS

Landspítali leitar að kraftmiklum og reyndum stjórnanda sem hefur brennandi áhuga á að stýra fjármálum á stærstu ríkisstofnun landsins og vinna að stefnu, markmiðasetningu og framtíðarsýn spítalans. Framkvæmdastjórinn er hluti af framkvæmdastjórn spítalans og heyrir beint undir forstjóra.

Velta Landspítala er um 70 milljarðar króna og traustur fjárhagur er ein af grunnundirstöðum í stefnu spítalans. Megináherslur í starfinu eru sterk og stefnumiðuð stjórnun fjármála, í nánú samstarfi við aðra stjórnendur og sérhæfð teymi fjármálasviðs, m.a. á sviði fjárhagsbókhalds, reikningsskila, fjárstýringar og greininga.

Ráðningartímabil er 5 ár, í samræmi við 9. gr. laga nr. 40/2007 og stefnu Landspítala í ráðningum stjórnenda.

**Umsóknafrestur er til 10. desember 2018.**

**Nánari upplýsingar er að finna á [www.landspitali.is/maannaudur](http://www.landspitali.is/maannaudur)**

Landspítali er fjölmennasti vinnustaður landsins með um 6.000 starfsmenn. Hlutverk Landspítala er að vera þjóðarsjúkrahús og hann er miðstöð þjónustu, menntunar og vísindastarfs á heilbrigðisviði. Megináherslur í stefnu Landspítala eru öryggismenning, góð þjónusta, uppbygging mannaúts og stöðugar umbætur.



LANDSPÍTALI

UMHYGGJA • FAGMENNSKA • ÖRYGGI • FRAMPRÓUN



**Starfsmaður í ræstingu**

Skrifstofa Alþingis auglýsir eftir starfsmanni í ræstingu í fullt starf. Sjá nánari upplýsingar á [starfatorg.is](http://starfatorg.is).

**Sóltún**  
HJÚKRUNARHEIMILI

### Sjúkraþjálfari eða íþróttafraeðingur

Sóltún hjúkrunarheimili óskar eftir sjúkraþjálfara eða íþróttafraeðingi frá og með miðjum desember eða eftir samkomulagi. Um er að ræða stöðugildi upp á 70%-100%. Einnig er möguleiki á hlutastarfi meðfram stöðugildinu sem sjálfstætt starfandi sjúkraþjálfari í Sóltúni með hagstæð aðstöðugjöld. Vinnutími er eftir samkomulagi.

Allar frekari upplýsingar veitir Anna Heiða Gunnarsdóttir yfirsjúkraþjálfari í síma 590-6122 eða í tölvupósti: [annah@soltun.is](mailto:annah@soltun.is)

Umsóknir sendist rafrænt á [www.soltun.is](http://www.soltun.is)

## SÉRFRÆÐINGUR Í UT-ÁHÆTTU

► Bankasvið leitar að öflugum sérfræðingi.

Bankasvið Fjármálaeftirlitsins leitar að sérfræðingi í upplýsingatækniáhættu (e. IT risk) í teymi áhættugreiningar til að styrkja enn frekar góðan hóp starfsmanna.

Hlutverk bankasviðs er að starfækja áhættumiðað eftirlit með starfsemi fjármálafyrirtækja. Eftirlitið felur m.a. í sér reglubundna vöktun á starfsemi fyrirtækjanna á grundvelli gagnaskila og mat á áhættu og áhættustýringu þeirra.

Um er að ræða fjölbreytt starf sem snýr að mati á og eftirliti með upplýsingatækniáhættu fjármálafyrirtækja, en upplýsingatækniáhættu er hluti af rekstraráhættu þeirra. Leiðar er að einstaklingi sem hefur góðan skilning á hönnun og uppbyggingu tölvukerfa og býr yfir mikilli færni í mannlegum samskiptum.

### Starfssvið

- Eftirlit með umgjörð og áhættu í rekstri upplýsingatækni kerfa eftirlitsskyldra aðila
- Þróun á aðferðafræði Fjármálaeftirlitsins við mat á upplýsingatækniáhættu og gerð tilmæla
- Framkvæmd og yfirferð á áhættumati
- Þátttaka í vettvangsathugunum sem tengjast upplýsingatækni
- Yfirsýn yfir þróun upplýsingatækni á fjármálamarkaði
- Samskipti við eftirlitsskylda aðila og aðra hagsmunaaðila
- Þátttaka í alþjóðlegu samstarfi

### Hæfniskröfur

- Víðeigandi háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af fjármálamarkaði eða rekstri tölvukerfa er kostur
- Þekking á rekstraráhættu eða á uppbyggingu tölvukerfa
- Rík greiningarhæfni, nákvæmni og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Góð færni í ritun og framsetningu texta á íslensku og ensku
- Góð hæfni í samskiptum og teymisvinnu sem og í miðlun upplýsinga

Umsjón með starfinu hafa Elmar Ásbjörnsson, forstöðumaður á bankasviði ([elmara@fme.is](mailto:elmara@fme.is)) og Árni Ragnar Stefánsson, mannaútsstjóri ([arni@fme.is](mailto:arni@fme.is)). Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins, [www.fme.is](http://www.fme.is) eða á [www.starfatorg.is](http://www.starfatorg.is).

Umsóknafrestur er til og með 3. desember nk. Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg ferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni viðkomandi til að gegna starfinu rökstudd.

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

# LAUSAR STÖÐUR

**Sinfóníuhljómsveit Íslands  
auglýsir lausar til umsóknar  
tvær leiðarastöður.**

### STAÐA LEIÐARA Í KONTRABASSADEILD

**Hæfnispróf fer fram 5. febrúar 2019 í Hörpu**

#### Einleiksverk:

- 1) Dittersdorf: Konsert í D-dúr (original E-dúr) (Útg. Schott).  
1. kafli, Allegro moderato, með kadensu (Gruber).  
2. kafli, Adagio, með kadensu (Gruber).
- 2) Bottesini: Konsert nr. 2 í a-moll (original h-moll) (Útg. York Ed.).  
1. kafli, Moderato með kadensu.  
2. kafli, Andante.

### STAÐA LEIÐARA Í TROMPETDEILD

**Hæfnispróf fer fram 6. febrúar 2019 í Hörpu**

#### Einleiksverk:

- 1) Joseph Haydn: Trompetkonsert í Es-dúr leikinn á Bb trompet:  
1. kafli, með kadensu.  
2. kafli.
- 2) Arthur Honegger: Intrada.

Umsóknafrestur er til og með **9. desember 2018**. Umsóknir, ásamt ferilskrá og fylgiskjölum, skulu berast til Unu Eyþórsdóttur, mannaútsstjóra ([starf@sinfonia.is](mailto:starf@sinfonia.is)).

Hljómsveitarpartar verða aðgengilegir þátttakendum að minnsta kosti tveimur vikum fyrir hæfnispróf.

Nánari upplýsingar er að finna á vefsvæði Sinfóníuhljómsveitar Íslands [www.sinfonia.is](http://www.sinfonia.is) og hjá mannaútsstjóra ([starf@sinfonia.is](mailto:starf@sinfonia.is)) í síma 898 5017.



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ  
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND



## Lausar kennarastöður vegna forfalla

Staða umsjónarkennara í 1. bekk og umsjónarkennara í 9. bekk þar sem aðalkennslugreinar eru íslenska og danska.

Umsóknarfrestur er til 1. desember en ráðið er í stöðurnar frá 1. janúar 2019 og út skólaárið.

Skólinn er heildstæður, einsetinn grunnskóli, með 510 nemendum í tveimur starfsstöðvum. Í Grunnskóla Grindavíkur er starfað eftir Uppbyggingarstefnunni og lögð áhersla á að skapa námsumhverfi í samráði við foreldra þar sem allir eru virkir, að öllum líði vel og allir læri að bera virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfi sínu.

Allur aðbúnaður og umhverfi skólans er til fyrirmyndar. Sjá nánar á heimasíðu skólans <http://www.grindavik.is/grunnskolinu>.

- Við leitum að einstaklingum með réttindi til kennslu í grunnskóla sem eru metnaðarfullir, og góðir í mannlegum samskiptum, með skipulagshæfileika, eru sveigjanlegir og tilbúni að leita nýrra leiða í skólalastarfi.

Karlar jafnt sem konur eru hvött til að sækja um starfið.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands.

Umsóknir skulu berast Grunnskóla Grindavíkur Ásbraut 2, 240 Grindavík eða sendist á netfangið [gudbjorgms@grindavik.is](mailto:gudbjorgms@grindavik.is)

Nánari upplýsingar veitir Guðbjörg M. Sveinsdóttir skólalastjóri í síma 420-1200.

## Starfsmannastjóri skrifstofu Alþingis



Skrifstofa Alþingis auglýsir eftir starfsmannastjóra. Leitað er að einstaklingi sem hefur áhuga á starfsmannastjórn og mannauðsmálum og hefur þekkingu og reynslu af starfssviðinu.

Starfsmannastjóri heyrir beint undir skrifstofustjóra Alþingis og situr fundi forstöðumanna skrifstofunnar. Starfsmannastjóri veitir starfsmannaskrifstofu forstöðu, en þar vinna þrír starfsmenn. Starfið er fjölbreytt og krefjandi í lífandi umhverfi þar sem vinna um 100 manns.

### Helstu verkefni

- Dagleg stjórn og ábyrgð á faglegu starfi starfsmannaskrifstofu ásamt fjármála- og áætlanagerð fyrir skrifstofuna.
- Þátttaka í starfi stjórnenda skrifstofu Alþingis og forusta um mótun og framkvæmd stefnu í mannaúðsmálum.
- Ráðgjöf til stjórnenda og starfsmanna skrifstofunnar í mannaúðsmálum.
- Umsjón með ráðningarferlum, móttöku nýrra starfsmanna og starfslokaferli.
- Umsjón með starfsþróun og fræðslu starfsmanna ásamt umsjón með starfsmannahandbók og miðlun upplýsinga til starfsmanna um réttindi þeirra og skyldur.
- Virk þátttaka í gerð og framkvæmd kjara- og stofnana-samninga ásamt innleiðingu jafnlaunavottunar.
- Ábyrgð á launavinnslu og aðkoma að launasetningu ásamt umsjón með tímaskráningu og réttindum starfsmanna.
- Umsjón með öryggis- og velferðarmálum starfsmanna.

### Aðrar upplýsingar

Laun eru samkvæmt kjarasamningi forseta Alþingis og Félags starfsmanna Alþingis.

Sótt er um starfið í gegnum ráðningarkerfi ríkisins. Umsókn skal fylgja ítarleg ferilskrá ásamt prófskráeinum og kynningarbréfi þar sem umsækjandi gerir grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstyður hæfni sína í starfið. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir. Umsóknir gilda í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út.

Skrifstofa Alþingis hvetur konur jafnt sem karla til að sækja um starfið. Gildi skrifstofu Alþingis eru: Þjónustulund – Fagmennska – Samvinna.

Starfshlutfall er 100%.

Umsóknarfrestur er til og með 3.12.2018.

### Menntunar- og hæfnikröfur

- Meistaragráða sem nýttist í starfi; viðbótarnám í mannaúðsstjórnun eða sambærilegum greinum er æskileg.
- Þekking og marktæk starfsreynsla á sviði mannaúðsmála er skilyrði.
- Þekking á kjarasamningum er æskileg.
- Reynsla af teymisvinnu, stefnumótun og breytingastjórnun er kostur.
- Leiðtoga- og tjáningarhæfni, jákvæðni, drifkraftur og færni í mannlegum samskiptum.
- Skipulagshæfileikar, frumkvæði og sjálfstæði í starfi.
- Gott vald á íslensku máli, bæði í ræðu og riti, er skilyrði.
- Góð þekking á ensku og einu Norðurlandamáli er æskileg.

Nánari upplýsingar um starfið veitir:

Þorsteinn Magnússon, varaskrifstofustjóri Alþingis, [tm@althingi.is](mailto:tm@althingi.is), s. 5630500.

# TÆKNILEGUR ÖRYGGISSTJÓRI

Við leitum að öflugum einstaklingi með mikla öryggisvitund í samhengi UT teymi okkar til að bregðast við aukinni ógn á sviði net- og upplýsingaöryggis.

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Menntun sem nýtist í starfi
- Mjög góð reynsla af rekstri mikilvægra innviða í stærri fyrirtækjum
- Mjög góð þekking á upplýsingaöryggi
- Þekking og reynsla af öryggis- og eftirlitsbúnaði í net- og stýrikerfum
- Góð þekking á og reynsla af öryggisstöðlum (s.s. ISO27001) og ferlamálum í rekstri
- Þekking á og reynsla af Secure architecture og dulköðunarstöðlum
- Reynsla í verkefnastjórn með innri og ytri aðilum

### Starfssvið

- Gerð tillagna að öryggisumbótum byggðum á áhættumati
- Umsjón með umbótaverkefnum
- Ráðgjöf varðandi öryggi innviða
- Ábyrgð á kerfishögum (aðskilnaður neta, auðkenningar, aðgangsmál, tvöföldun kerfa og samskipti milli kerfa)
- Umsjón með viðbúnaðaráætlun vegna netárása og krísustjórnun
- Rótargreining öryggisfrávika

Upplýsingatækni gegnir veigamiklu hlutverki í allri starfsemi Landsnets og gerir okkur kleift að stýra og vakta flutningskerfi raforku með öryggi að leiðarljósi.

Við flýttum rafmagn og stýrum uppbyggingu flutningskerfisins. Við sjáum fyrir okkur rafvædda framtíð, höfum sett okkur það markmið að tryggja örugga endingu á raforku til framtíðar með tilliti til þarfa samfélagsins á hverjum tíma og sýnum ábyrgð í umgengni við náttúruna.

Við berum umhyggju hvert fyrir öðru, sköpum góðan vinnustað með spennandi verkefnum, með gildin okkar – **samvinnu, ábyrgð og virðingu – að leiðarljósi.**

Umsóknarfrestur er til og með 2. desember 2018.

Nánari upplýsingar veita Ásmundur Bjarnason, forstöðumaður upplýsingatækni, og Ólafur Kári Júlíusson mannaúðssérfræðingur, sími: 563-9300, netfang: [mannauður@landsnet.is](mailto:mannauður@landsnet.is). Umsækjendur eru beðin um að sækja um starfið á heimasíðu Landsnets, [www.landsnet.is](http://www.landsnet.is). Umsóknum þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

# LANDSNET

## Upplýsingatækni Strætó

Strætó leitar að öflugum einstaklingi með brennandi áhuga og skarpa sýn á þróun og uppbyggingu upplýsingatækni.

Starfið hentar framsýnum og metnaðarfullum einstaklingi.

### Starfsvið:

- Yfirumsjón með rekstri upplýsingamála
- Stefnumótun upplýsingatæknimála
- Þróun og innleiðing nýjunga í upplýsinga- og tæknimálum
- Samskipti við hýsingaraðila og birgja
- Önnur tilfallandi verkefni

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Þekking og reynsla af rekstri upplýsingatæknimála
- Þekking og reynsla af stefnumótun
- Hæfni og þekking til að þróa og innleiða nýjungar
- Frumkvæði, góð samskiptahæfni og metnaður til að ná árangri í starfi.

Vinsamlegast sækjið um starfið á **radningar.straeto.is**. Við hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um. Umsóknarfrestur er til og með **1. desember 2018**.

Strætó bs. er þjónustufyrirtæki á sviði almenningssamgangna þar sem starfa um 300 manns sem mynda sterka líðsheilid. Strætó bs. er byggðasamlag, í eigu sex sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, sem hefur það meginmarkmið að veita viðskiptavinum góða þjónustu með öflugum og víðtæku leiðakerfi og gefa þeim kost á að komast leiðar sinnar á hagkvæman og umhverfisvænan hátt.

Þú finnur  
draumastarfið á

**Job.is**



lónaðarmenn



Heilbrigðisþjónusta



Veitingastaðir



Kennsla



## Sérfræðingur í heimilislækningum Heilsugæslan Efstaleiti

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins auglýsir laust til umsóknar starf sérfræðings í heimilislækningum Heilsugæslunni Efstaleiti. Starfshlutfall er 100% og verður ráðið í starfið frá og með 1. janúar nk. eða eftir nánara samkomulagi. Um er að ræða ábyrgðarmikið og krefjandi starf og spennandi vettvang fyrir heimilislækni sem áhuga hefur á nýsköpun og framþróun í heimilislækningum.

Öflug kennsla sérnámslækna í heimilislækningum, kandidata og læknanema fer fram á stöðinni í akademísku umhverfi þar sem mikil áhersla er lögð á rannsóknir og gæðastarf. Við stöðina starfar doktor í heimilislækningum sem og lektorar við læknadeild Háskóla Íslands.

**Umsóknarfrestur er til og með 3. desember 2018**

Heilsugæslan Efstaleiti leggur áherslu á þverfaglega teymisvinnu. Góður starfsandi er á stöðinni, öflug félagslíf og starfsaðstaða til fyrirmyndar.

Við stöðina starfa sérfræðingar í heimilislækningum, hjúkrunarfræðingar, sálfræðingur, ljósmóðir, hreyfistjóri, heilsugæsluritarar og móttökuritarar. Mikil þróunarvinna er í gangi og stöðugt er unnið að því að bæta þjónustu við skjólstæðinga sem hefur fjölgað mikið undanfarin ár.

Á stöðinni eru að jafnaði tveir læknar í sérnámi í heimilislækningum og einn kandidat í starfsnámi.

### Helstu verkefni og ábyrgð

- Heimilislækningar
- Heilsuvernd
- Vaktþjónusta
- Kennsla lækna í sérnámi, kandidata og læknanema
- Leiðbeinandi (mentor) lækna í sérnámi
- Þátttaka í vísindarannsóknnum, gæða- og umbótaverkefnum

### Hæfniskröfur

- Sérfræðimenntun í heimilislækningum
- Skipulagshæfni, sjálfstæði í starfi og öguð vinnubrögð
- Reynsla af kennslu er æskileg
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Reynsla af og vilji til þverfaglegrar teymisvinnu
- Áreiðanleiki, faglegur metnaður, jákvæðni og sveigjanleiki
- Íslenskukunnátta skilyrði

### Nánari upplýsingar:

Alma Eir Svavarsdóttir, svæðisstjóri - 513 5350 [alma.e.svavarsdottir@heilsugaeslan.is](mailto:alma.e.svavarsdottir@heilsugaeslan.is)

Sjá nánar á [www.heilsugaeslan.is](http://www.heilsugaeslan.is). Sækja skal um á vef Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins [www.heilsugaeslan.is](http://www.heilsugaeslan.is) undir laus störf eða á Starfatorgi [www.starfatorg.is](http://www.starfatorg.is).

## SKRIFSTOFUSTARF

Fyrirtæki í byggingargeiranum vantar manneskju á skrifstofu félagsins. Óskað er eftir lípnum starfsmanni með þekkingu á bókhaldi og færni í mannlegum samskiptum.

Áhugasamir hafi samband á [atvinna@frettbladid.is](mailto:atvinna@frettbladid.is) merkt *Skrifstofa-1711*



StofnFiskur

## Framtíðarstarf

StofnFiskur hf. óskar eftir að ráða starfsmann í framtíðarstarf í hrognkelsældi fyrirtækisins í Höfnun, Reykjanesi

### Menntun og hæfniskröfur:

- Fiskeldismenntun æskileg en ekki skilyrði
- Áhugi og reynsla af fiskeldi er mikill kostur

### Starfssvið og ábyrgð:

- Almenn eldisstörf við eldi á hrognkelsum:
  - Fóðrun og umhirða á fiski, seiðum og hrognum
  - Príf á eldiskerum og ýmiskonar viðhald
- Ýmis ábyrgðarverkefni samkvæmt fyrirætlunum stöðvarstjóra/ aðstoðar stöðvarstjóra

Skrifleg umsókn ásamt ferilskrá skulu berast á netfangið [vidar@stofnfiskur.is](mailto:vidar@stofnfiskur.is) fyrir **26. nóvember** næstkomandi. Frekari upplýsingar um StofnFiskur hf. má nálgast á heimasíðu fyrirtækisins [www.stofnfiskur.is](http://www.stofnfiskur.is). Frekari upplýsingar um starfið má nálgast á [vidar@stofnfiskur.is](mailto:vidar@stofnfiskur.is)

Í boði er spennandi starf hjá framsæknu fyrirtæki í örur vexti sem hefur á að skipa metnaðarfullu og samhentum starfsfólki

Hagstofa Íslands er miðstöð opinberrar hagskýrslugerðar á Íslandi. Hlutverk hennar er að vinna hlutlæggar hagskýrslur, hafa forystu um samhæfingu hagtalna, stunda rannsóknir og stuðla þannig að upplýstri umræðu og faglegum ákvörðunum.

# Hagstofa Íslands

Hagstofa Íslands óskar eftir því að ráða metnaðarfullan og áhugasaman starfsmann til starfa.

## Sérfræðingur á félagsmálasviði

Hagstofa Íslands óskar eftir að ráða starfsmann til starfa við gerð hagtalna um menningu og listir á Íslandi. Í starfinu felst að safna gögnum, vinna og birta hagfélur um menningu og listir, þar með talið hagrænar mælingar, þar sem horft verður til sambærilegra talna á alþjóðlegum vettvangi. Um er að ræða nýtt starf innan stofnunarinnar og mun starfsmaðurinn taka þátt í þróun þess.

### HÆFNISKRÖFUR

- Háskólapróf sem veitir þekkingu og færni í tölfraeðilegri úrvinnslu
- Menntun eða reynsla á sviði menningar og lista
- Reynsla af tölfraeðilegri úrvinnslu og framsetningu tölulegra upplýsinga
- Þekking á skipulagi menningar og lista
- Þekking á íslenskum fjölmiðlum er kostur
- Góð kunnátt á tölfraeðiforritum (s.s. R og SPSS)
- Reynsla af gagnagrunnsvinnslu (t.d. SQL) er kostur
- Góð samskipta- og samstarfsfærni
- Skipulögð og öguð vinnubrögð
- Geta til að tjá sig í ræðu og riti, bæði á íslensku og ensku

Um er að ræða fullt starf og er æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Laun eru skv. kjarasamningi fjármálaráðuneytisins og hlutadeigandi stéttarfélags.

Umsóknarfrestur er til og með 3. desember 2018 og skulu umsóknir berast til: Starfsumsókn, Borgartúni 21a, 105 Reykjavík eða rafrænt á netfangið [starfsumsokn@hagstofa.is](mailto:starfsumsokn@hagstofa.is). Öllum umsóknum verður svarað og umsækjendum tilkynnt um ráðstöfun starfsins þegar ákvörðun hefur verið tekin. Umsóknir gilda í sex mánuði frá því umsóknarfrestur rennur út.

Nánari upplýsingar um starfið veitir **Helga Hauksdóttir** í síma 5281000

## VÍNBUÐIRNAR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

# Óskum eftir góðu og öflugum starfsfólki

Við leitum að jákvæðum og röskum einstaklingum sem eru tilbúnir að veita framúrskarandi og ábyrgja þjónustu.

### Helstu verkefni

- Sala og þjónusta við viðskiptavinum
- Framstilling á vöru og vörumeðhöndlun
- Umhirða búðar

### Hæfniskröfur

- Reynsla af verslunarstörfum er kostur
- Jákvæðni og rík þjónustulund
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Almenn tölvukunnátt

### Tvö mismunandi starfshlutföll eru í boði:

- 100% starfshlutfall – mánudaga til fimmtudaga 10.00-18.30 og föstudaga 10.00-19.30.
  - 68,75% starfshlutfall – mánudaga til fimmtudaga 13.00-18.30 og föstudaga 13.00-19.30.
- Í Vínbúðunum er unnið að jafnaði annan hvern laugardag frá 10.30-18.30.

Umsækjendur þurfa að hafa náð 20 ára aldri og sakavottorðs er krafist.

Umsóknarfrestur er til og með 3. desember nk. Umsóknir óskast fylltar út á [vinbudin.is](http://vinbudin.is). Nánari upplýsingar veitir: Thelma Kristín Snorradóttir, [starf@vinbudin.is](mailto:starf@vinbudin.is), 560 7700

ÁTVR rekur 51 Vínbúð um allt land. Stefna ÁTVR er að vera eitt af fremstu þjónustufyrirtækjum landsins og fyrirmynd á sviði samfélagsábyrgðar. Lögð er áhersla á að vinnustaðurinn sé öruggur, heilsuelfandi og skemmtilegur þar sem samskipti einkennast af lípurð, þekkingu og ábyrgð.

Gildi ÁTVR eru LÍPURÐ – ÞEKINGU – ÁBYRGÐ. Ráðningar í stöður hjá fyrirtækinu taka mið af þessum gildum.



## Félagsráðgjafi

Félags- og skólaþjónusta Snæfellinga auglýsir stöðu félagsráðgjafa lausa til umsóknar. Um er að ræða 100% starf.

Félags- og skólaþjónusta Snæfellinga (FSS) annast félags- og skólaþjónustu sveitarfélaganna á Snæfellsnesi, Snæfellsbæjar, Stykkishólmsbæjar, Grundarfjarðarbæjar, Helgafellssveitar og Eyja- og Miklaholtshrepps. Í sveitarfélögunum búa tæplega 3.900 íbúar.

Hjá FSS starfa auk forstöðumanns, skólasálfræðingur, tveir félagsráðgjafa, tveir þroskabjálfar, náms- og starfsráðgjafi, talmeinafræðingur auk starfsfólks dagþjónustu- og hæfing- arstöðva og stuðningsþjónustu sveitarfélaganna.

Umsækjandi hafi starfsréttindi félagsráðgjafa.

Verkefni félagsráðgjafa taka til almennrar félags- og skólaþjónustu, barnaverndar og stuðningsþjónustu sveitarfélaga.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félagsráðgjafafélags Íslands.

Skrifleg umsókn er tilgreini menntun, starfsferil, 1-2 umsagnaraðila ásamt prófskírteinum, starfsleyfi og sakavottorði berist Sveini Þór Elinbergssyni, forstöðumanni sem jafnframt veitir frekari upplýsingar um starfið í síma 430-7800, 861-7802 og tölvupósti [sveinn@fssf.is](mailto:sveinn@fssf.is). Klettsbúð 4, 360 Snæfellsbæ

Umsóknarfrestur er til 15. desember







## SAMSTARFSAÐILAR UM GÆÐA- OG UMHVERFISÚTTEKTIR

Ferðamálastofa auglýsir eftir óháðum skoðunar- eða vottunarstofum til að annast úttektir hjá þátttakendum í Vakanum, gæða- og umhverfiserkni ferðaþjónustunnar.

Viðkomandi fyrirtæki þurfa:

- Að vera sérhæfð í úttektum og vottunum og starfa samkvæmt eftirfarandi stöðlum: ISO 17021 eða ISO 17065.
- Að geta tryggt hlutleysi, trúverðugleika og fagmennsku úttektaraðila.
- Að hafa burði til að taka út ferðaþjónustufyrirtæki alls staðar á landinu.
- Að hafa nægjanlega marga úttektaraðila með viðeigandi hæfni og þekkingu á ferðaþjónustu á Íslandi.


Úttektaraðilar þurfa að sitja námskeið Ferðamálastofu um Vakann og gildandi gæða- og umhverfisviðmið kerfisins.

Verkefnið verður nánar skilgreint í samningi á milli aðila þar sem nákvæm lýsing á fyrirkomulagi mun koma fram.

Umsókn ásamt vandaðri greinargerð um hæfni umsækjenda og sýn á verkefnið skal senda til Áslaugar Briem hjá Ferðamálastofu á netfangið [aslaug@ferdamalastofa.is](mailto:aslaug@ferdamalastofa.is), eigi síðar en 23. nóvember n.k.

Ferðamálastofa áskilur sér rétt til að sýnja umsóknum sem ekki teljast uppfylla ofangreindar kröfur.

Geirsgata 9 | 101 Reykjavík | Sími 535 5500  
Hafnarstræti 91 | 600 Akureyri | Sími 535 5500



## Við ráðum

Ráðum býður upp á ráðgjöf og ráðningaráþjónustu sniðna að þörfum viðskiptavinarins.

### Stjórnendaleit

Reynsla og gott tengslanet sérfræðinga. Ráðum skilar árangri þegar finna þarf æðstu stjórnendur eða fólk í stjórnir fyrirtækja.

### Ráðningar millistjórnenda og sérfræðinga

Góður gagnagrunnur, gott tengslanet og áralöng reynsla á ráðningarmarkaði eykur líkurnar á því að finna hæfasta einstaklinginn í starfið.

### Almennar ráðningar á markaði

Öflun umsækjenda í almenn störf er ein helsta áskorun fyrirtækja í dag. Þekking á markaðnum er því mikilvæg og þar skiptir reynslan miklu máli. Með leit í gagnagrunni eða auglýsingu í viðeigandi miðlum aðstoðar Ráðum fyrirtæki við að finna hæfasta einstaklinginn í starfið.

### Sveigjanleg nálgun

Sérstaða Ráðum liggur í sveigjanlegri nálgun á ráðningarverkefnið. Fyrir utan að sjá um allt ráðningarferlið komum við til móts við þarfir fyrirtækja með því að sjá um hluta þess ef þörf krefur, t.d. bakgrunnskannanir, hæfnismat eða starfstengdar æfingar.

### Matstækji

Ráðum notast við nýjustu aðferðir við að meta hæfni og persónuleikabætti sem geta skipt sköpum í ráðningum. Ráðum er í samstarfi við bandaríska mannaútslausnafyrirtækið CEB sem er í fararbroddi í persónuleikapröfum og öðrum matstækjum sem eru sérstaklega hönnuð til að greina sérstöðu og hæfileika einstaklinga áður en ráðning fer fram.

Þannig er hægt að finna hæfasta einstaklinginn með talsverðri nákvæmni. Persónuleikamatíð OPQ32 og DSI (Dependability & Safety Index) skimunarprófið hafa t.d. verið stöðluð og staðfærð að íslenskum markaði.

### Ráðgjöf við starfslok

Viðskilnaður fyrirtækis við starfsmann skiptir höfuðmáli þegar fyrirtækið á frumkvæðið að starfslokum. Ráðum býður upp á viðtal við ráðgjafa sem felur m.a. í sér upplýsingar um atvinnuarkæðinn, ráðgjöf varðandi starfsferilskrá og kynningarbréf og hagnýt atriði varðandi starfsleit og atvinnuviðtöl.

**ráðum**  
ráðningarstofa

WWW.RADUM.IS | 519 6770 | RADUM@RADUM.IS



Sveitarfélagið Vogar er staðsett á Suðurnesjum, í u.þ.b. 20 mínútna akstursfjarlægð frá höfuðborgarsvæðinu. Stutt er í Reykjanesbæ og á Keflavíkurflugvöll. Íbúar sveitarfélagsins eru nú um 1.300 talsins, og hefur fjölgað talsvert að undanförmum. Búist er við áframhaldandi vexti og mikilli uppbyggingu í sveitarfélaginu næstu árin, með tilheyrandi fjölgun íbúa. Nemendur í grunnskólum eru um 175 talsins, og rúmlega 60 börn eru í leikskólum. Áhersla er lögð á fjölbreytt og metnaðarfullt félagsstarf eldri borgara í samstarfi við félag eldri borgara í Vogum. Sveitarfélagið starfrækir einnig félagsmiðstöð unglinga, þar sem börn og ungmenntu finna ýmsa afþreyingu og tómstundastarf við sitt hæfi. Ungmennafélagið Þróttur rækir öflugt íþrótta- og ungmennastarf í sveitarfélaginu. Fjölmörg frjáls félagsamtök starfa í sveitarfélaginu, m.a. á vettvangi líknamála, menningarmála og tómstunda. Sveitarfélagið skerpir nú áherslur í starfsemi, og leitar að traustum og öflugum liðsaka til að takast á við þau fjölmörgu og krefjandi verkefni sem framundan eru.

## Viltu vaxa með okkur?

Sveitarfélagið auglýsir nú laust til umsóknar ný störf menningarfulltrúa og íþrótta- og tómstundafulltrú.

### Menningarfulltrúi

#### Verksvið:

Menningarfulltrúi hefur yfirumsjón með menningar- tengdri starfsemi á vegum sveitarfélagsins. Hann undirbýr, skipuleggur og sér um framkvæmd árlegra fjölskyldudaga, í nánu samstarfi við starfandi félagsamtök í sveitarfélaginu. Menningarfulltrúi veitir jafnframt félagsstarfi eldri borgara forstöðu, og er næsti yfirmaður starfsfólks félagsstarfsins. Hann ber ábyrgð á að starfsemi sem undir hann heyrir sé í samræmi við fjárhagsheimildir og innan samþykkrar fjárhagsáætlunar. Menningarfulltrúi annast samskipti við félagsamtök á vettvangi menningarmála og er tengiliður við félögin á grundvelli samstarfssamninga við þau. Menningarfulltrúi er starfsmaður Fristunda- og menningarnefndar og kemur að undirbúningi mála í samstarfi við formann nefndarinnar ásamt íþrótta- og tómstundafulltrúa sveitarfélagsins. Menningarfulltrúi hefur starfsaðstöðu á bæjarskrifstofu, auk þess sem hann hefur aðstöðu í Álfagerði þar sem félagsstarf eldri borgara hefur aðstöðu sína. Næsti yfirmaður er bæjarstjóri.

#### Hæfniskröfur:

- Gerð er krafa um háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Menntun á sviði menningarstjórnunar er kostur.
- Frumkvæði, metnaður og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Áhersla á færni og lipurð í samskiptum.
- Góð almennt tölukunnátt og tölvufærni.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum Sambands íslenskra sveitarfélaga og Starfsmannafélags Suðurnesja. Um fullt starf er að ræða í báðum tilvikum. Hreint sakavottorð er skilyrði fyrir ráðningu.

Æskilegt er að umsækjendur geti hafið störf sem fyrst. Nánari upplýsingar um starfið veitir Ásgeir Eiríksón bæjarstjóri, netfang [asgeir@vogar.is](mailto:asgeir@vogar.is) Umsóknarrestur er til 1. desember 2018. Umsóknum skal skilað á netfangið [skrifstofa@vogar.is](mailto:skrifstofa@vogar.is). Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og þeim svarað þegar gengið hefur verið frá ráðningu.

### Íþrótta- og tómstundafulltrúi

#### Verksvið:

Íþrótta- og tómstundafulltrúi veitir félagsmiðstöð unglinga forstöðu. Hann er næsti yfirmaður starfsfólks félagsmiðstöðvarinnar og ber ábyrgð á rekstur hennar sé í samræmi við fjárhagsheimildir og innan samþykkrar fjárhagsáætlunar. Íþrótta- og tómstundafulltrúi starfar jafnframt náði með stjórnendum grunnskólans, um málefni ungmenna. Íþrótta- og tómstundafulltrúi annast samskipti við íþrótta- og æskulýðsfélög innan sveitarfélagsins og er tengiliður við félögin á grundvelli samstarfssamninga við þau. Íþrótta- og tómstundafulltrúi situr fundi Fristunda- og menningarnefndar og kemur að undirbúningi mála í samstarfi við formann nefndarinnar og menningarfulltrúa sveitarfélagsins (starfsmanns nefndarinnar). Íþrótta- og tómstundafulltrúi hefur starfsaðstöðu bæði í félagsmiðstöð unglinga og í grunnskólum. Næsti yfirmaður er bæjarstjóri.

#### Hæfniskröfur:

- Gerð er krafa um háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Menntun á sviði tómstunda- og félagsmálafærða er kostur.
- Frumkvæði, metnaður og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Áhersla á færni og lipurð í samskiptum, ekki sist við börn og unglinga
- Góð almennt tölukunnátt og tölvufærni.



## Veitustjóri á umhverfissviði

Laust er til umsóknar starf veitustjóra sveitarfélagsins Húnaþings vestra. Um er að ræða 100% starf í stjórnábyrgð sveitarfélagsins. Starfið heyrir beint undir sveitarstjóra Húnaþings vestra. Leitað er að öflugum og metnaðarfullum einstaklingi í starf veitustjóra. Veitustjóri ber ábyrgð gagnvart sveitarstjóra og sveitarstjórn í öllum störfum sínum og ákvörðunum.

### Starfssvið

- Starfar á umhverfissviði við hlíð rekstrarstjóra og umhverfisstjóra.
- Ber ábyrgð á framkvæmdum og rekstri fráveitu, hitaveitu og vatnsveitu en vinnur jafnframt að öðrum tilfallandi verkefnum í samráði við rekstrarstjóra og umhverfisstjóra.
- Er yfirmaður annarra starfsmanna veitna
- Vinnur að undirbúningi fjárhagsáætlana fyrir veitur í samvinnu við framkvæmdaráð og aðra starfsmenn sveitarfélagsins eftir því sem við á.
- Ber ábyrgð og eftirlit með öryggismálum sem snerta veitur.

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla á sviði framkvæmda er nauðsynleg
- Reynsla af áætlanagerð, s.s. verk-, kostnaðaráætlunum.
- Góð almenn tölvukunnátta
- Geta til að tjá sig í ræðu og riti
- Sjálfstæði í vinnubrögðum, þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Þekking og reynsla af stjórnun og rekstri er æskileg
- Þekking og reynsla af opinberri stjórnábyrgð er æskileg

Umsóknnum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Umsóknarfrestur um starf veitustjóra Húnaþings vestra er til og með **26. nóvember** nk. Umsóknir skulu vera skriflegar og skal senda þær til skrifstofu Húnaþings vestra, Hvammstangabraut 5, 530 Hvammstangi. Öllum umsóknum verður svarað skriflega. Áhugasamir geta kynnt sér starfsemi Húnaþings vestra á heimasíðu sveitarfélagsins [www.hunathing.is](http://www.hunathing.is). Nánari upplýsingar um starfið veitir Guðný Hrund Karlsdóttir, sveitarstjóri í síma 455-2400

Hvammstangi í Húnaþingi vestra er stærsti þéttbýliskjarni sveitarfélagsins með um 600 íbúa en íbúar í Húnaþingi vestra eru um 1200. Hvammstangi er í alfaraleið, aðeins 6 km. frá þjóðveggi 1 og í u.þ.b. tveggja klst. akstursfjarlægð frá Reykjavík og Akureyri. Í Húnaþingi vestra er til staðar öll almenn opinber þjónusta auk annarrar fjölbreyttrar þjónustu. Möguleikar til útivistar, íþróttar, afþreyingar og félagsstarfa eru fjölmargir og því er Húnaþing vestra góður búsetukostur fyrir fjölskyldufólk.

Þú finnur draumastarfið á

Job.is

GLÆNÝ OG  
FERSK STÖRF  
Í HVERRI VIKU



## Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

verði að senda ungmenni í kommúnískar sumarbuðir, ungt fólk fékk slíkar ferðir í fermingargjöf," segir Grímur sem ræðir við Ingibjörgu Þórðardóttur í heimildarmyndinni um hennar reynslu af því að fara í sumarbuðir í Austur-Þýskalandi.

Grímur hefur nýlökkið við að klippa næstu leiknu kvikmynd sína í fullri lengd, Héraðið, sem verður frumsýnd næsta vor. Enn er sögu-sviðið íslensk sveit og bændur í aðalhlutverki. En nú er aðalper-sónan kona sem fer í uppreisn. Með hlutverk hennar fer Arndís Hrónn Egilsdóttir. „Þetta er kona sem gerir uppreisn gegn kaupfélaginu sem öllu ræður. Um leið berst hún gegn

karlægum gildum sem eru ráðandi. Þetta er pólitísk mynd, ádeila," segir Grímur og útilokar ekki að Litla Moskva hafi smitað frá sér í kvikmyndina.

Grímur hefur sópað til sín verð-launum og viðurkenningum fyrir kvikmyndina Hruta. „Hrutar opnuðu ýmsar dyr fyrir mér erlendis. Eg er kominn með umboðsmann í Los Angeles og London og er að þreifa fyrir mér að gera mynd á ensku. Eg er að vinna með sögu sem ég skrifa með áströlskum handritshöfundum, þetta gæti orðið mín næsta mynd en ég get lítið sagt um það á þessu stigi. Það verður bara að koma í ljós," segir Grímur.

# KANARÍEYJARNAR

## Tenerife & Gran Canaria í janúar

**BÓKAÐU SÓL**  
**ALLUR PAKKINN**

Íslensk fararstjórn,  
taska og handfarangur  
innifalið.

Frá kr.  
**86.495**



**Gran Canaria** 22. janúar í 7 nætur



**Jardín del Atlántico Apartments** ★★

Hagkvæmur og vinsæll gistivalkostur í sínum stjörnuflökki sem býður fjölbreytta þjónustu.

Jardín del Atlántico er vel staðsett íbúðahótel á Ensku ströndinni en hótelið stendur rétt við Kasbah-torgið og við hliðina á Broncemar sem margir þekkja.

Frá kr. **86.495**

Verð á mann m.v. 2 fullorðna

**Innifalið:**

Flug, Gisting, Án fæðis.

**Tenerife** 2. janúar í 12 nætur



**Globales Tamaimo Tropical** ★★

Hér er um að ræða góðan íbúðavalkost í bænum Puerto de Santiago, sem er í um 40 mínútna akstursfjarlægð frá Playa de las Americas.

Globales Tamaimo Tropical er meðal gistivalkostanna okkar fyrir fjölskyldur 4+.

Frá kr. **99.995**

Verð á mann m.v. 2 fullorðna

**Innifalið:**

Flug, Gisting, Án fæðis.

**Tenerife** 4. janúar í 10 nætur



**Iberostar Grand Hotel Mency** ★★★★★

Eitt af glæsilegustu fimm stjörnu lúxushótelum á Tenerife staðsett í höfuðborg eyjunnar Santa Cruz de Tenerife.

Hér er svo sannarlega hægt að njóta alls þess besta sem bestu hótelið býður upp á og hvílast í fallegum herbergjum með frábærum rúmum og aðstöðu sem allir ættu að njóta.

Frá kr. **179.780**

Verð á mann m.v. 2 fullorðna

**Innifalið:**

Flug, Gisting, Morgunverður.



595 1000 • **Bókaðu þína ferð á** heimsferdir.is



# BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS

**LED**  
PERUR

LÍFTÍMI  
**25.000**  
KLUKKUSTUNDIR

**200**  
LUMENS

**E27**



**LJÓASERÍUR**  
samtengjanlegar

**3.598**  
kr. stk.

LED Ljósasería  
10 hvítar LED perur  
6,3 m, E27, samtengjanleg



**5.998**  
kr. stk.

LED Ljósasería  
20 rauðar eða hvítar LED perur  
9,3 m, E27, samtengjanleg

**10m**



**259**  
kr. 10 m

Hoomark Jólappír  
10 m



**198**  
kr. stk.

LED Ljósaperur  
2,5W, E27, 5 litir

**259**  
kr. stk.

LED Ljósaperur  
5W, E27, 5 litir



**198**  
kr. stk.

Diana Kubbakerti  
12x6 cm, rautt eða hvítt.



**259**  
kr. stk.

Diana Kubbakerti  
12x7 cm, rautt eða hvítt.



**ILMUR**  
af jólum

**998**  
kr. stk.

Ilmkerti Grenilykt  
3ja þráða, 368 g



**459**  
kr. stk.

Only Stollenbrauð  
500 g



**295**  
kr. 400 g

Bónus Piparkökur  
400 g



**295**  
kr. 400 g

KW Pipardropar  
400 g



**198**  
kr. 200 g

Kókosstoppar  
200 g



Verð gildir til og með **18. nóvember** eða meðan birgðir endast.



**Haut slátrun**  
**2018**

**1.398**  
kr. kg

**SS Lambalæri**  
Krydduð, haustslátrun 2018



Norðlenskt  
**KOFAREYKT**  
hangikjöt

**1.995**  
kr. kg

**KF Hangiframpartur**  
Kofareyktur, úrbeinaður

**2.995**  
kr. kg

**Kjarnafæði Hangilæri**  
Kofareykt, úrbeinað

**ÚR LÆRI**



**998**  
kr. kg

**Stjörnugrís Bayoneskinka**  
Nýreykt, úr læri



**598**  
kr. kg

**Stjörnugrís Grísabógur**  
Ferskur, af nýslátrou



**259**  
kr. 80 g

**Abba Kaviar**  
80 g, 3 tegundir



**259**  
kr. 220 g

**Abba Sild**  
220-240 g, 4 tegundir





Eiginmaður minn,  
faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Jón Rafnar Hjálmarsson**  
fv. fræðslustjóri,  
Dalbraut 14, Reykjavík,

lést á Landspítalanum við Hringbraut  
laugardaginn 10. nóvember. Útförin fer  
fram frá Neskirkerju mánudaginn 19. nóvember klukkan 13.

**Guðrún Ó. Hjörleifsdóttir**  
Halldóra, Hjálmar Andrés, Hjörleifur Rafn,  
Oddný Sigurrós, Guðrún Helga,  
tengdasynir, barnabörn og langafabarn.



Á erfiðum stundum er gott að finna  
nærveru, styrk, hlý orð og hugsanir  
kærra vina. Við þökkum fyrir  
ómetanlegan stuðning við fráfall  
elskaðs drengsins okkar,

**Egils Daða Ólafssonar**

**Ólafur Vigfússon**  
Andri Ólafsson  
Vigfús Ólafsson  
Sif Sigþórsdóttir  
Marsibil Tómasdóttir  
Vigfús Ólafsson

**Maria Anna Clausen**  
Sigurlaug Jónsdóttir



„Fólk fer betur með bilinn sinn en röddina,“ segir Valdis sem berst gegn þekkingarleysi fólks um röddina. MYND/AUDUNN NIELSSON

## Kennslubók – ekki krimmi

Talandinn – Er hann í lagi? er titill nýrrar bókar eftir dr. Valdís Jónsdóttur, talmeina- og raddfræðing. Þar fjallar hún um framburð, framsögn og ekki sist röddina.

Þriðjungur þjóðarinnar er að vinna störf sem þarf að beita röddinni við, algerlega óvarinn. Þetta tæki, röddin, hefur ekki verið tryggt svo fólk ber sjálfst kostnað og skaða ef röddin klikkar, fyrir utan þá greiðsluþátttöku sem Sjúkrtryggingar Íslands leggja fram. Fólk hefur bara oft tekið því þegjandi, í orðsins fyllstu merkingu, ef röddin fer og veit ekki hvað það á að gera. Þess vegna tel ég að fræðsla um röddina þurfi að vera fyrirbyggjandi, númer eitt, tvö og þrjú. Þetta er forvarnar- og lýðheilsuátt.“ segir Valdis Ingibjörg Jónsdóttir, talmeina- og raddfræðingur. Hún er höfundur nýrrar bókar, Talandinn – Er hann í lagi?

Valdis segir söngvara líkast til þá einu sem verulega þjálfun hljóti í beitingu raddarinnar. En nefnir kennara, stjórnmalamenn, presta og starfsfólk ljósvakamiðla sem dæmi um stettir sem einnig byggja afkomu sína á því að rödd þeirra berist til annarra. Því verði beiting raddar að vera námsgrein í skólum, sérstaklega kennaraháskólum. „Fólk getur ekki boðið fram röddina sína ef hún nær ekki að bera skýrt fram öll

### Línur úr bókinni:

... Talfæri og raddfæri þurfa að vera liðug til þess að geta gefið frá sér hljómmikla, blæbrigðarika rödd og skýran framburð. Fyrir langt mál skyldi alltaf byrja á því að hita upp radd- og talfæri. Að loknu löngu máli ætti að venja sig á að ná í burtu þreytu úr tal- og raddfærum með sömu æfingum og notaðar voru til upphitunar. Þessu er svipað farið og hjá íþróttafólki sem reynir á líkamann í íþröttunum.

talhljóð, það segir sig sjálf. Til dæmis í leikskólum þar sem hávaðinn er það mikill að börn eiga erfitt með að heyra sér til gagns og eru þó á máltökuskeiði.“

Til að vernda raddir kennara telur Valdis líka brýnt að skapa þeim boðlegar aðstæður. „Það er vitað að kennarar geta rústað röddinni í kennslustofu með alltof mörgum börnum, alltof miklum erli og alltof litilli agastjörnun. Hugsum um Písarannsóknirnar. Hvað

vitum við hvað börnin hafa heyrt sér til gagns í skólunum? Ef rödd kennarans er ekki í lagi fer fræðslan ekki eðlilega fram en hann getur lifað í sjálfsblekkingu því hann heyrir svo vel til sjálfs sín.“ segir hún og telur alltof litíð um að magnarakerfi séu notuð. „Það er ekki einkamálið eins eða neins að leigja út röddina sína. Fólk mundi aldrei vilja leigja bil sem væri ekki í lagi.“

Valdis telur möguleika á að einhverjir kunni að hafa dottið út af þingi af því kjósendur hafi ekki þolað raddir þeirra. Viðurkennir að ekki sé öllu fólk gefin óskaröð heldur sitji uppi með þá sem það fái úthlutað. „En það talar enginn tímunum saman að þess að skaða röddina, ef henni er ekkert sinn. Þetta er líffræði og ég skrifaði þessa bók í von um að hún geri gagn. En þá þarf einhver að lesa hana. Þetta er enginn krimmi heldur kennslubók. Það er þetta almenna þekkingarleysi um röddina sem ég vil berjast gegn, því efni um hana hefur aldrei verið boðið upp sem fræðigrein hér á landi,“ segir Valdis. „Fólk fer betur með bilinn sinn en röddina.“

gun@rettabladid.is

Meirgæmi, hlýja og virðing Við andlát ástvinar



Ísleifur Jónsson Steinunn Magnúsdóttir  
Útfararstjóri Útfararþjónusta  
Farsími 821 5353 Farsími 861 3441 Þjónusta allan sólarhringinn

Álfheimum 35, 104 Reykjavík  
Sími 553 5353 og 821 5353  
www.usr.is  
isleifur@usr.is

**Athöfn**  
ÚTFARARÞJÓNUSTA

Vönduð og persónuleg þjónusta  
Inger Steinsson

ATHÖFN ÚTFARARÞJÓNUSTA - s. 551 7080 & 691 0919  
athofn@athofn.is - www.athofn.is

Við erum til staðar þegar þú þarft á okkur að halda

Jón G. Bjarnason, umsjón útfara

### Útfararþjónusta & lögfræðiþjónusta

Við önnumst alla þætti undirbúnings og framkvæmd útfara ásamt vinnu við dánarbússkiptin. Við þjónum með virðingu og umhyggju að leiðarljósi og af faglegum metnaði.

Með kærleik og virðingu

Útfararstofa Kirkjugarðanna  
Vesturhlíð 2 Fossvogi | Sími 551 1266 | útför.is



Eiginmaður minn, faðir okkar,  
tengdafaðir, afi og langafi,  
**Örn Evarr Markússon**  
lyfjafræðingur,

lést á Landspítalanum  
miðvikudaginn 7. nóvember.  
Útförin fer fram frá Langholtskirkju  
mánudaginn 19. nóvember kl. 15.

Halla Valdimarsdóttir  
Ragnheiður Elfa Arnardóttir Guðjón Ketilsson  
Snorri Björn Arnarson Aðalheiður Sveinbjörnsd.  
Halla Sigrún Arnardóttir Hannes Birgir Hjálmarsson  
og fjölskyldur.



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda  
samúð og hlýhug vegna fráfalls  
ástkærs eiginmanns míns,  
föður okkar, tengdafaður,  
afa og langafa,

**Þorkels Skúlasonar**  
endurskoðanda.

Ólafía Katrín Hansdóttir  
Valdis Brynja Þorkelsdóttir  
Ingríður H. Þorkelsdóttir  
Elsa Sigurveig Þorkelsdóttir Már Guðmundsson  
Indriði Þorkelsson Anna María Soffiudóttir  
barnabörn og barnabarnabörn.



4. bekkur Árbæjarskóla fékk verðlaun fyrir verkefnið Hafhjálpar sem þau beittu tungumálinu óþart. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

## Verndarar íslenskunnar

Frú Vigdís Finnbogadóttir afhenti lestrarhestum, upplesurum og öðrum málsnillingum í reykvískum skólum Íslenskuverðlaun unga fólksins í gær, á degi íslenskrar tungu.

Það voru þrúð og frjálsleg börn sem stigu, eitt af öðru, á svið Norðurljósasalar Hörpu í gær, að taka við Íslenskuverðlaunum unga fólksins. Þau eru öll nemendur í grunnskólum Reykjavíkur enda eru verðlaunin veitt á vegum skóla- og frístundaráðs í samstarfi við Reykjavík bókmenntaborg UNESCO.

Gaman var að heyra vitnisburðina sem börnin fengu. Þau fengu verðlaunin fyrir „að sinna lestri af miklum áhuga“, „að skrifa sögur og vanda mál

sitt á hverjum degi“, „gott vald á íslenskrar tungu, skipandi skrif og mikla hæfileika í framsögn“, „ríkulegan orðaforða, góðan mál- og lesskilning“ og „þrautseigju og metnað við að ná góðum tókum á íslensku á skómmum tíma og færni í tjáningu í ræðu og riti“. Svo örfá dæmi séu tekin.

Vigdís forseti er verndari verðlaunanna. Hún rétti nemendum undirritað vidurkenningarskjál og bókina Ljóðaúrval með ljóðum Jónasar Hallgrímssonar í samantekt Bóðvars Guð-

mundssonar, ásamt bókamerki frá bókmenntaborginni.

Samkoman í Hörpu var skreytt tónlistaratriúð og að sjálfsgögu var sungið á íslensku. Söngur Dimmalimm eftir Atla Heimi Sveinsson var fluttur af stúlknað hóp úr Söngskóla Sigurðar Demetz og Orðin mín eftir Braga Valdómar Skúla-son voru sungin af stúlkum úr 5. og 6. bekk Laugarnesskóla. Lokalagið sungu allir salargestir saman – Á íslensku má alltaf finna svar. [gun@frettabladid.is](mailto:gun@frettabladid.is)



Þökkum auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og jarðarför sambyliskonu minnar, móður, ömmu og langömmu,

**Birnu Óskar Björnsdóttir**

**Ingvar Óskarsson**  
**Helena Valtýsdóttir**  
**Vala Valtýsdóttir**  
**Valtýr Björn Valtýsson**  
barnabörn og barnabarnabörn.

**Gisli Óskarsson**



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdafaðir, amma og langamma,  
**Margrét Helga Pétursdóttir**  
Garðatorgi 4a, Garðabæ,

lést í faðmi fjölskyldunnar á líknardeild Landspítalans mánudaginn 12. nóvember.

Útför hennar fer fram frá Garðakirkju í Garðabæ, miðvikudaginn 21. nóvember kl. 15.00.

**Hannes Grétar Helgason**

**Ragnar Pétur Hannesson**  
**Bryndis Helga Hannesdóttir**  
**Fríður Sólveig Hannesdóttir**  
barnabörn og barnabarnabörn.

**Margrét Sigurbjörnsdóttir**  
**Eggert Guðjónsson**  
**Ragnar Valur Björgvinsson**



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,  
**Sigurpáll Arnason**  
kaupmaður og bóndi, frá Lundi í Varmahlíð,

lést að hjúkunarheimilinu Boðþingi þann 12. nóvember 2018.

Útförin fer fram frá Sauðárkrókkirkju, mánudaginn 19. nóvember kl. 13.00.

**Kristján Páll Sigurpálsson**  
**Sigurbjörg Sigurpáldóttir**  
**Kolbrún Sigurpáldóttir**  
**Sigurlaug Sigurpáldóttir**  
**Árni Baldvin Sigurpálsson**  
barnabörn og barnabarnabörn.

**Sigríður Halldórsdóttir**  
**Sigvaldi Þorgilsson**  
**Freysteinn Sigurðsson**  
**Sigurjón P. Stefánsson**  
**Harpa Jóhannsdóttir**



Hugheilar þakkir til allra þeirra sem auðsýndu okkur samúð og vináttu við andlát og útför eskulegs eiginmanns minns, föður okkar, afa og langafa,  
**Ólafur Páll Lind Egilsson**  
bónda á Hundastapa.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Brákarhlíðar í Borgarnesi fyrir einstaklega góða umönnun og nærgætni.

**Ólöf Guðrún Guðmundsdóttir**

**Sigurbjörg Ólafsdóttir**  
**Guðmundur Ólafsson**  
**Hrafnhildur Ólafsdóttir**  
**Hanna Kristín Lind Ólafsdóttir**  
tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.



Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð vegna andláts og útfarar bróður okkar, mágs, frænda og vinar,  
**Karls Þórhalla Haraldsson**  
Breiðabólstað, Ölfusi.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki lyflækingadeildar Heilbrigðisstofnunar Suðurlands, Selfossi, fyrir umönnunina á síðustu ævistundum hans.

**F.h. aðstandenda,**

**Hallfríður Ólöf Haraldsdóttir og Pétur Ottósson**



Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,  
**Jón Örvar Skagfjörð**  
Dunhaga 17,

lést á hjúkunarheimilinu Grund, þriðjudaginn 30. október.

Útförin fer fram frá Neskirkju þriðjudaginn 20. nóvember klukkan 13. Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Grundar fyrir góða umönnun.

**Guðfinna Alda Skagfjörð**  
**Gisli Skagfjörð**  
**Karen Lilja Björgvinsdóttir**  
**Eva Björk Björgvinsdóttir**  
barnabörn og barnabarnabörn.

**Björgvin Gylfi Snorrason**  
**Christian Parisot Guterres**  
**Anders S. R. Ødum**  
**Tao Lilja og Soul Lilja**



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamaðir og amma,  
**Margrét Bragadóttir**  
Stóra-Hrauni,

andaðist í Brákarhlíð, Borgarnesi, þriðjudaginn 13. nóvember.

Útför hennar fer fram frá Kolbeinsstaðakirkju laugardaginn 24. nóvember kl. 14. Sérstakar þakkir til starfsfólks Brákarhlíðar fyrir góða umönnun og hlýju. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Minningarsjóð Brákarhlíðar, sjá heimasíðu: [www.brakarhlid.is](http://www.brakarhlid.is).

**Kristján Ariliusson**

**Bragi Einarsson**  
**Grétar Miller**  
**Ariillus Kristjánsson,**  
**Kristín H. Kristjánsdóttir**  
**Jón Þór Kristjánsson**  
barnabörn.

**Guðrún F. Stefánsdóttir**  
**Gunnlaug Björnsdóttir**  
**Anna Elsa Eggertsdóttir**

**Guðrún Hrefna Guðmundsdóttir**



Okkar ástkæri

**Viglundur Þorsteinnsson**

lést mánudaginn 12. nóvember. Útför hans fer fram frá Hallgrímskirkju miðvikudaginn 21. nóvember kl. 13. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Minningarsjóð Líknardeildar og heimahlynnningar Landspítalans.

**Kristín María Thorarensen**

**Jón Þór Viglundsson**  
**Þorsteinn Viglundsson**  
**Björn Viglundsson**  
**Axel Örn Ársællsson**  
**Ásdís María Thorarensen**  
barnabörn.

**Birna Ósk Björnsdóttir**  
**Lilja Karlsdóttir**  
**Helga Árnadóttir**  
**Sigríður Sveinsdóttir**  
**Þröstur Þórhallsson**  
og barnabörn.



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,  
**Haukur Sveinbjarnarson**  
Löngulínu 2a, Garðabæ,

andaðist á sjúkrahúsinu á Akranesi 31. október. Útförin hefur farið fram í kyrkju að ósk hins látna.

Sérstakar þakkir eru til starfsfólks Landakots og hjúkunarheimilisins Brákarhlíðar í Borgarnesi fyrir einstaka umönnun. Þeim sem vildu minnast hans er bent á Barnaspítala Hringins.

**Anna Jóna Hauksdóttir**  
**Sveinbjörn Grétar Hauksson**  
**Snorri Hauksson**  
**Sigríður Hauksdóttir**  
**Haukur Hauksson**  
barnabörn og barnabarnabörn.

**Matthías Ottósson**

**Anton Pétur Þorsteinnsson**  
**Thi Uyen Le**



Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar ástkærar eiginkonu minnar, móður, dóttur, systur og mágkonu,

**Elínar Helgu Hannesdóttir**

Tjarnalundi 11c,  
Akureyri.

**Eðvarð Þór Eðvarðsson**

**Anton Gauti og Guðrún Edda**  
**Hannes Haraldsson**  
**Haraldur Örn Hannesson**  
**Guðmundur Heiðar Hannesson**  
**Gauti Már Hannesson**  
**Sverrir Hannesson**  
**Hannes Rúnar Hannesson**  
barnabörn og barnabarnabörn.

**Guðrún Guðmundsdóttir**  
**Björk Birksdóttir**  
**Herdis Arnórsdóttir**  
**Brynja Eysteinsdóttir**  
**Vilborg Einarsdóttir**



Okkar innilegustu þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð, vináttu og hlýhug vegna fráfalls okkar ástkæra föður, tengdafaðir, afa og langafa,  
**Þórólfs Guðnasonar**  
Lundi, Fnjóskadal.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólkinu á öldrunarheimilinu Hlíð, Akureyri, fyrir hlýja og góða umönnun.

**Guðni Þórólfsson**  
**Aðalbjörg Þórólfsdóttir**  
**Ólafur Haukur Þórólfsson**  
**Sigríður Þórólfsdóttir**  
**Jón Þórólfsson**  
barnabörn og barnabarnabörn.

**Aðalheiður Pétursdóttir**  
**Guðlaugur Óli Þorláksson**  
**Pétur Gunnar Ringsted**  
**Hólmfríður Rúnarsdóttir**

# KROSSGÁTA & ÞRAUTIR




FORLAGID

## VEGLEG VERÐLAUN


Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafinn í þetta skipti eintak af bókinni **Þrjú dagar og eitt líf** eftir **Pierre Lemaitre** frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Gabriela Markús dóttir, Hafnarfróli**.

Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.



Lausnarorð síðustu viku var

## ÁVAXTAGARÐUR



**LAUSNARORÐ:** Ef bókstofnum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist eitt af undirstöðuferlum lífs á Jörðinni. Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 23. nóvember næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „17. nóvember“.

### LÁRÉTT

- 1 Bannfæra ógíftar fyrir áður óþekktar sakir (13)
- 11 Aðeins Jóna mun kveða um ókvænta arfdala-bændur (8)
- 12 Fæ rafmagn í allar mínar vélar frá þessu kompaní (13)
- 13 Dreifa bleiku grasi um akra (8)
- 14 Set inn sögn og sögupersónur sem andlag (11)
- 15 Frá transi til þess sem ráða má af honum (9)
- 16 Varpa ber að dyrum, sem svona peningabatteri hafa þó ekki (9)
- 18 Kyngja vömb að fullu

- (10)
- 19 Glæpur þessa svaka jaka var að gleypta hálfan klaka (9)
- 22 Dýrkar sönginn um mikilfengleikann (13)
- 28 Ég myndi kalla þetta hreinustu loftbólú! (8)
- 31 Þessi gaurar sem unnu halda engu – snúast bara hring eftir hring! (11)
- 32 Seiður þinn veldur mér yfirmáttúrulegum sársauka (10)
- 33 Nota eirinn til að einangra þennan ketil (11)
- 34 Eitt barn fyrir margar konur? Nei, mörg börn fyrir fáar konur (10)

- 35 Sællæg leita lunkinna og búsældarlegra lífsförunauta (11)
- 39 Ég raula sundurlaust rugl meðan þú stafar snöggar (11)
- 41 Fer gegn dauðum mönnum á móti (10)
- 42 Utan allra alvöru byggðað leita sum annarra byggðað (11)
- 43 Við voð fyrir digra (10)

### LÓDRÉTT

- 1 Sé bullið renna af vörum manns, nótt sem nýta daga/næstum eins og löður hans, upp úr skálum flaga (11)

- 2 Brottkast hins opinbera, er ekki rétt að einhver fjölmíðill taki á því? (11)
- 3 Leið fyrir bíbí og endurnar (9)
- 4 Fjármagn hörfar ef eyrar elta ár (9)
- 5 Prilar heit og ringluð í þessum voggara (10)
- 6 Sé heimikið bíl milli minnsta og næstminnsta (10)
- 7 Aðeins mestu myndardrykkir nægja mér á ferðalögum (10)
- 8 Má notast við kló til yfirborðslegar februnaraðgerðir? (10)
- 9 Kampar karla í Suð-

- 26 Klíndi á mig úrvals-góðum skít (5)
- 27 Grár eru þarmarnir – er það út af nikkelinu eða grályndinu? (11)
- 29 Sagan mun taka á, enda fjallar hún um stríð (10)
- 30 Á flötta frá fangavist (10)
- 36 Er Ægir með eitthvað utan um handleggina? (5)
- 37 Linu þjáfa egg og líkneski líka (5)
- 38 Kemst í uppnám og vælir í hvert sinn sem hann lógar skepnu (5)
- 40 Nýttist tvístur við að hifa troll? En mylla? (4)

### LÉTT

		2		6	4	8	
	4			1	3	5	6
				7	1	2	
4	1			8		9	5
		3	5				
8	9		6		1		
	3	8	1			6	
9	2						
				3	8	2	

### MIDLUNGS

	4						6	
		9	2	1				
1		8	3		6		5	9
6	5			7			8	
			9		3	4		
		3	1					
	7							2
2		4					9	
		5			4	1		

### PUNG

		5	6		9				1	
		1				4			7	
							1	7	3	2
		4	2					8		
		6	3		5				1	
									7	
		1			6	8				
				2		4			3	6

### Skák Gunnar Björnsson

#### Svartur á leik



Fabiano Caruana (2.832) átti leik gegn Magnúsi Carlsen (2.835) í sjöttu skák heimsmestaraevnisgj þeirra. Heimsmestarin lék síðast **7. Rd5 7.... Rd4!** Mikið var af riddaraleikjum í upphafi skákarinnar eins og sjá má í næstu leikjum **8. Rxe7 Rxe2 9. Rd5 Rd4 10. Ra3 Re6**. Þegar þessum pistli var skilað var skákin ennþá í gangi og Caruana að freista þess að vinna. Frídagur er í dag en áfram telft á morgun.  
**www.skak.is:** Allt um skák gærdagsins.

Þrautir felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 5x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

2	5	6	3	9	7	8	4	1
8	4	3	6	1	5	2	9	7
7	9	1	8	2	4	3	5	6
4	2	7	9	5	1	6	8	3
3	6	5	7	4	8	9	1	2
9	1	8	2	3	6	4	7	5
5	7	9	4	6	3	1	2	8
6	8	2	1	7	9	5	3	4
1	3	4	5	8	2	7	6	9

### Bridge Isak Örn Sigurðsson

#### FYRSTA SÆTIÐ FÓR Í LOKIN

Sveitin Astro náði besta sæti Íslendinganna á hinni fögru eyju Madeira undan strönd norðvesturlhuta Afríku í sveitakeppninni. Meðlimir í sveit Astro voru Sveinn Rúnar Eiríksson, Magnús Eður Magnússon, Kristinn Ólafsson og Jón Ingþórsson. Sveitinni gekk mjög vel framanaf og var í fyrsta sæti keppinnar í lokaferðinni (12. umferð) og mætti þá sveit Forfot. Allt gekk sveit Astro í óhag í lokaferðinni og leikurinn tapaðist með 4 ímpum gegn 34 sem gerir 1,63-18,37 í vinningsstigum. Sveit Forfot vann sveitakeppnina með 165,46 stigum en

Astro þurfti að sætta sig við sjötta sætið með 159,05 stig. Önnur íslensk sveit, VIP-Travel, endaði í 7. sæti með 158,55 stig. Alls kepptu 97 sveitir í sveitakeppninni og þátttaka Íslendinga hefur aldrei verið meiri (66 spilarar) á Madeira. Í 10. umferð mætti sveit Astro sveit Sara Silva (sem endaði í þriðja sæti). Sá leikur fór 12 ímpar gegn 6 fyrir Astro. Sveit Astro græddi mest á þessu spili í leiknum. Í Opnum sal sátu Danirnir Dennis Bilde og Mads Eyde (sem unnu tvímenninginn á Madeira) í NS en Kristinn Ólafsson og Jón Ingþórsson í AV. Vestur var gjafari og enginn á hættu:

**Vestur**

- ♣ G84
- ♥ D72
- ♦ D5
- ♠ A8543

**Norður**

- ♠ K10652
- ♣ G10986
- ♥ ÁK5
- ♦ -

**Austur**

- ♠ AD
- ♥ K43
- ♦ 107
- ♣ KDG1062

**Suður**

- ♠ 973
- ♥ Á5
- ♦ G98642
- ♣ 97

Þrjú grönd í austur voru spilað á báðum borðum. Bilde opnaði á einum spaða (í Opnum sal) í norður eftir pass Kristins í vestur. Jón sagði 1 grand í austur og Eyde 2 ♠ í suður. Kristinn lauk þá sögnum með því að stökva í 3 grönd á vestrhóndina. Útspil suður var spaðabristur og Bilde setti tíuna sem Jón átti á drottningu. Hann spilaði þá strax hjarta og þegar suður setti fimmuna og drottningin hélt, þá var lagt upp með 9 slag. Á hínu borðinu voru Sveinn Rúnar og Magnús Eður í NS. Þar gengu sagnir svipað. Munurinn var sá að vestur sagði 3 ♣ en ekki 3 grönd og austur lauk sögnum á 3 gröndum. Magnús gerði strax út um spilið með því að spila út tígulsexu og vörnin tók 7 fyrstu slagina.

# SEGJUM NEI

VIÐ ÓÞARFA OG JÁ VIÐ  
ÞVÍ SEM SKIPTIR MÁLI



HÚÐOFNÆMI,  
**NEI TAKK**



**Neutral**<sup>®</sup>  
HÚÐOFNÆMI, NEI TAKK

## KRAKKAR

## Konráð og félagar <sup>327</sup> á ferð og flugi

„Þetta er nú meira veggskriflið,“ sagði Kata, þar sem þau komu að hlaðinni steingirðingu. „Hér vantar nánast annan hvern stein,“ bætti hún við með fyrir-litningu. „En hann er nú bara orðinn gamall,“ sagði Konráð. „Það gerir hann ekki endilega að vondum vegg, bara laslegum,“ bætti

hann við. „Það vantar til dæmis ansi marga steina í þetta gat hérna fyrir framan okkur,“ sagði Kata og hélt áfram að úthúða veggnum. Konráð varð að viðurkenna að það vantaði jú ansi marga steina í þetta gat. „En við verðum að troða okkur í gegnum það ef við ætlum að komast eitthvað áfram,“ sagði Kata. „Spurning hvort það vanti það marga steina að við komumst í gegnum gatið,“

bætti hún við glottandi. Enda augljóst að auðvelt væri að komast í gegnum svona stórt gat án þess að þurfa að troða sér.

Getur þú hjálpað þeim að telja hvað vantar marga steina í vegginn?



### Skáldsagan

#### Skóladagur í Einelti

Höfundur: **Júlia Hilmarsdóttir**,  
9 ára, Háaleitisskóla við Alftamýri.

Þriðji hluti:

„Jæja krakkar, núna er nesti,“ kallaði Kristín yfir stofuna. Allir tóku nesti upp úr tóskum og byrjuðu að borða.

Þjallan hringdi. „Frimó!“ æptu krakkarnir og fóru út.

Mandy sat ein á bekk. Stefán kom og sparkaði í hana. „Ái!“ æpti hún. „Til hvers var þetta?“ spurði hún. „Fyrir að klaga, klöguskjóðan þín!“ svaraði hann. Hann ýtti henni aftur svo hún datt beint á jörðina. Svo kom önnur telpa og sagði við hann: „Hvað ertu að hugsa, þarna ... fávittinn þinn?“

Stefán leit hvass á stelpuna. „Hvað varstu að kalla mig?“ sagði hann. „Æ, þú ert of heimskur til að skilja, það eina sem þú þarft að gera er að snúa þér við og fara burt,“ sagði hún. „Af hverju ætti ég að gera það?“ sagði hann. Stelpa svaraði strax. „Ertu svo



MYND/GUÐRÚN HILMARSDÓTTIR

aumur að þú þarft að stríða miklu minni telpu en þú? Hví ferðu ekki að stríða einhverjum sem er jafn stór og þú?“ sagði hún.

Stefán varð eldraður í framan og fór í burtu.

Framhald í næsta blaði



Grímar Gauta langar í einn Marioleik í jólagjöf, þar sem maður safnar mánum.  
FRÉTTABLAÐID/ERNIR

## Langar að laga löggubíla

Grímar Gauti Ólafsson á sér mörg óskastörf. Hann langar til dæmis að verða kennari en líka skipstjóri og bílalagi.

**Hvað heitir þú fullu nafni og hversu gamall ertu?** Ég heiti Grímar Gauti Ólafsson og ég á afmæli 20. apríl og er sex ára gamall.

**Hvað heitir skólinn þinn?** Hann heitir Hólabrekkuskóli.

**Hvað finnst þér skemmtilegast að gera þar?** Að læra stærðfræði og smíði.

**En hvernig finnst þér mest gaman að leika þér?** Í Playmó, og perla. Líka gaman að setja saman Legó og spila draugaspilið.

**Hver er uppáhaldsbókin þin og um hvað er hún?** Emil í Kattholti. Þegar hann var sex ára í skólanum þá kyssti hann kennarann. Það var myndið. En það er bara ein saga. Það eru margar sögur í Emil í Kattholti.

**En eftirlætisefnið í sjónvarpinu?** Svampur Sveinsson. Hann er skemmtilegastur í heiminum. Skemmtilegustu þættirnir eru

þegar Svampur og Pétur fara á marglyttuveiðar og svo þegar Svampur var að byrja í vinnunni og gerði alls konar vitleysu. Setti pott í staðinn fyrir brauð og tómát í staðinn fyrir salat.

**Hvað finnst þér best að borða?** Hakk og spagetti.

**Erú einhver sérstök dýr í uppáhaldi hjá þér?** Hundar, já og hvolpar.

**Hver er uppáhaldstölvuleikurinn þinn?** Super Mario. Ég er búinn að ná svo mörgum stjörnum. Ég er orðinn mjög góður af því að ég er búinn að æfa mig svo mikið.

**Hvað langar þig að fá í jólagjöf?** Einn Marioleik þar sem maður safnar mánum, ég er oft að horfa á hann á YouTube.

**Hvað langar þig að verða þegar þú ert orðinn stór?** Mig langar að vera kennari. Mig langar líka að vera skipstjóri og bílalagi. Líka löggumaður og mig langar að laga löggubíla. Langar líka að keyra sjúkrabíla og laga þá.



Við bætum  
við bætum

*Heima* +  = 10×GB

**Heima** færir þér **tífalt gagnamagn** þegar þú skráir þig í farsímaáskrift hjá Vodafone. Fáðu allt í einum pakka fyrir heimilið og bættu við þig bætum í leiðinni!

Nánari upplýsingar veitir **Vodafone.is**


Framtíðin er spennandi.

**Ertu til?**

 **vodafone**

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Laugardagur



Hvöss sunnanátt og áfram vætusamt á sunnan- og vestanverðu landinu en þurr og bjart veður á köflum norðaustanlands. Hiti víða 8 til 13 stig.

### Heimurinn

Kaupmannh. Oslo 8°	Stokkhólmur 7°	Gautaborg 8°	Helsinki 8°	Þórshöfn 9°	Nuuk -4°
London 11°	Amsterdam 7°	Paris 9°	Berlin 6°	Brussel 9°	Róm 16°
Boston 2°	New York 1°	Orlando 9°	Moskva 2°	Singapúr 28°	Tókyó 11°
					Sydney 17°

### Reykjavík

	Sunnudagur 8° ↑9	Mánudagur 7° ↯16	Þriðjudagur 7° ↯13	Miðvikudagur 7° ↯12	Fimmtudagur 4° ↓4
--	---------------------	---------------------	-----------------------	------------------------	----------------------

### Ísafjörður

	Sunnudagur 6° ↑10	Mánudagur 4° ↯5	Þriðjudagur 1° ↯5	Miðvikudagur 4° ↑13	Fimmtudagur -1° ↯5
--	----------------------	--------------------	----------------------	------------------------	-----------------------

### Akureyri

	Sunnudagur 6° ↯4	Mánudagur 4° ↑5	Þriðjudagur 3° →5	Miðvikudagur 2° ↯8	Fimmtudagur 2° ↯3
--	---------------------	--------------------	----------------------	-----------------------	----------------------

### Egilsstaðir

	Sunnudagur 6° ↑15	Mánudagur 7° ↑8	Þriðjudagur 5° ↑6	Miðvikudagur 4° ↑6	Fimmtudagur 2° ↯1
--	----------------------	--------------------	----------------------	-----------------------	----------------------

### Kirkjubæjarklaustur

	Sunnudagur 8° ↯12	Mánudagur 7° ←7	Þriðjudagur 6° ←7	Miðvikudagur 4° ←6	Fimmtudagur 2° ↓4
--	----------------------	--------------------	----------------------	-----------------------	----------------------

### Pondus



Eftir Frøde Øverli

### Gelgjan



Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

### Barnalán



Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

## Verkfæri í miklu úrvali

ViAir 12V loftdælur í miklu úrvali. **17.995**

Jeppatjakkur 2.25t 52cm. **17.995**

METABO Bütsög KS216 **16.995**

Verðmætaskápur frá **4.995**

### Verkfæralagerinn

Smáratorgi 1, 201 Kópavogí, sími 588 6090, vl@verkfaeralagerinn.is  
Mán.-fim. kl. 9-18, fös. kl. 9-18:30, lau. kl. 10-18, sun. kl. 12-17

## Rafkaup

Ármúla 24 • S. 585 2800

# PIER



TORONTO velúr sófi  
~~149.900,-~~ 119.920,-



20%  
afsláttur af  
öllum sófum!



BUSBY velúr kollar, Þ35xH40cm  
12.990,-



CILLA velúr kollar, Þ35xH40cm  
9.990,-




COLOGNE sófaborð, 120x70xH45cm  
69.900,-



20%  
afsláttur af  
allri smávöru!



20%  
afsláttur af  
jólavörum!



[www.pier.is](http://www.pier.is)

SMÁRATORG - KORPUTORG - SELFOSS

\*Tilboð gildir 16. nóvember - 22. nóvember

\*Gildir ekki með öðrum tilboðum



# Heimur án tækni

**Ný barnabók Sigrúnar Eldjárn er fram-  
tíðarsaga. Byrjuð að grufna í framhaldi.  
Mikilvægt hlutverk að skrifa fyrir börn.**

Kolbrún  
Bergþórsdóttir  
kolbrun@frettabladid.is



**S**ilfurlykillinn er ný barnabók eftir Sigrúnu Eldjárn. Sagan segir frá Sumarliða og Sóldísi sem búa hjá þabba sínum í húsinu Strætó númer sjö, en móðirin er horfin. Einn dag birtist hin dularfulla telpa Karitas og við tekur spennandi atburðarás.

Sagan gerist í framtíðinni þar sem er ekkert rafmagn, engir símar og fátt um bækur. „Þessi saga lýsir framhaldi þess sem er byrjað að gerast í heiminum. Við erum svölitið að eyðileggja allt og þá er spurning hvað verður ef öll tækni sem við treystum á í dag hverfur skyndilega. Hvað ef það væru engir símar, engar tölvur og ekkert rafmagn? Það er áhugavert fyrir krakka að velta fyrir sér hvernig

verður ef það gerist. Í þessum heimi án allrar tækni er samt ýmislegt hægt að gera,” segir Sigrún. Spurð hvort hún sé svartsýn á framtíð þar sem heiminum er ógnað vegna loftslagsbreytinga segir hún: „Auðvitað er ég dálítið svartsýn. Ég held samt að við munum taka okkur á, það er slík bylgja í gangi.“

#### Lítið um bækur

Bækur koma við sögu í bókinni, en þar sem mannkynið hefur ekki gætt að því að passa upp á þær þá finnast þær vart. „Þær hafa verið notaðar í hitt og þetta, eldsneyti, einangrun í veggi og annað slíkt. Nema í einum kjallara, þar er fullt af bókum,” segir Sigrún.

Um bóklestur og ungt fólk segir hún: „Ég held að það sé mjög mikilvægt að krakkar lesi og þau vilja lesa og líka að það sé lesið fyrir þau. Þó að þau hætti að lesa á unglingsárunum þá byrja þau aftur ef þau hafa vanist því að lesa sem börn.“



„Mér finnst hlutverk mitt vera að skrifa fyrir börn,” segir Sigrún. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



## Fríkirkjan í Reykjavík

**Hátíðarmessa kl. 11  
og afmælistónleikar kl. 17  
sunnudaginn 18. nóvember**



FRÍKIRKJAN  
Í REYKJAVÍK

**Í tilefni af 119 ára afmæli Fríkirkjusafnaðarins  
sunnudaginn 18. nóvember verður hátíðarmessa  
kl. 11 og kaffisamsæti í safnaðarheimili á eftir.**

#### Afmælistónleikar kl. 17

Sönghópurinn við Tjörmina flytur tónverkið **Jazz Mass** eftir bassaleikarann og djassskáldið **Ike Sturm**, sem jafnframt leikur með í verkinu.

Einsöngvari er **Sara Grímsdóttir**. Hljómsveitina skipa **Ike Sturm, Ásgeir Ásgeirsson, Haukur Gröndal, Erik Övick og Gunnar Gunnarsson**.

Strengjakkvartett skipa **Sigrún Kristbjörg Jónsdóttir, Margrét Soffía Einarisdóttir, Eydís Ýr Rosenkjær og Þórdís Gerður Jónsdóttir**.

Hljóðmaður er **Hafþór Karlsson**.

Aðgangseyrir á tónleikana er kr. 3.000

Verið öll hjartanlega velkomin



#### Aldrei bók án mynda

Spurð hvort hún hafi hugsað sér framhald á Silfurlykkinum segir hún: „Ég byrjaði á henni sem stakri bók. Ég hef gert þetta áður, skrifað eina bók og síðan hafa komið tvær framhaldsbækur. Þegar maður er búinn að hafa fyrir því að búa til persónur og veröld og er tiltölulega ánægður með sköpunarverkið þá er ágætt að nýta það í fleiri bækur. Ég er aðeins byrjuð að grufna í framhaldi.“

Silfurlykillinn er að sjálfsögðu með myndum eftir Sigrúnu. „Í minni bókavinnu skipta myndirnar jafn miklu máli og textinn, líka í textameiri bókum. Ég myndi aldrei gera bók án mynda, það kæmi ekki til greina.“

Sigrún gerir myndirnar við barnaljóðabók bróður síns, Þórarins Eldjárn, Ljóðpundara, en þau hafa margt áður lagt saman í slíkar bækur. „Foreldrar og ömmur og afar tala mikið um þessar ljóðabækur því það er hægt að lesa þær fyrir börn frá 0 ára, það hafa allir gaman af þeim, líka þeir fullorönu,” segir Sigrún. „Það eru dæmi um börn sem kunna visurnar nánast utan að. Það er alltaf áskorun að myndskreyta ljóð Þórarins og mér finnst það óskaplega gaman.“

#### Mikilvæg bókmenntagrein

Spurð af hverju hún skrifi eingöngu fyrir börn segir Sigrún: „Ég er oft spurð hvort ég ætli ekki að skrifa fyrir fulloröna. Stundum hef ég hugsað: Ætti ég að prófa og skrifa byrjun á einhverju fyrir fulloröna? Ég hef fengið ágætari hugmyndir,



Karitas og kötturinn Branda eru meðal sögupersóna í Silfurlykkinum.

**ÉG VEIT HINS VEGAR  
AÐ BARNABÓK-  
MENNTIR ERU EKKI VIRTAR  
EINS OG ADRAR TEGUNDIR  
BÓKMENNTA.**

en mér finnst hlutverk mitt vera að skrifa fyrir börn. Mér finnst það afskaplega mikilvægt hlutverk en ég veit hins vegar að barnabókmenntir eru ekki virtar eins og aðrar tegundir bókmennta. Það er ekki borin jafn mikil virðing fyrir rithöfundum sem skrifa fyrir börn og unglínga. Ég held að það sama eigi við alla sem vinna með börnum, til dæmis leikskólakennara og kennara. Þetta er mjög skrytið vegna þess að börn eru tilvonandi fullorönd folk. Það á að gera allt til að þau verði góðir þjóðfélagsþegnir þannig að framtíðin sé í góðum höndum.“

# Unglingar, dauði og drepsóttir

BÆKUR

Rotturnar

★★★★★

Ragnheiður Eyjólfsdóttir

Útgefandi: Vaka-Helgafell

blaðsíður: 273

Rotturnar er þriðja skáldsaga Ragnheiðar Eyjólfsdóttur. Fyrri tvær sögurnar eru samtengdar fantasíu-sögur sem hefjast í raunheiminum og færast svo yfir í framandi veröld og í raun má segja það sama um þessa bók þó svo á allt annan hátt sé.

Bókin hefst á því að Hildisif sextán ára er að flytjast heim til Íslands með fjölskyldu sinni eftir að hafa búið erlendis um árabil. Það er vor og henni hefur boðist sumarvinna á afskekktum stað á vegum sama fyrirtækis og réð móður hennar í vinnu sem var ástæða þess að fjölskyldan flutti heim til Íslands. Þegar í sumarvinnuna er komið kynnist hún Flexa og fleiri krökkum og af stað fer hröð og spennandi atburðarás sem verður til þess að að lokum þarf Hildisif ásamt félögum sínum að berjast fyrir lífi sínu í bókstaflegri merkingu og á ýmsum vígstöðvum ásamt því að upplifa ástina kvikna.

Til að eyðileggja ekki fyrir væntanlegum lesendum skal söguþráðurinn ekki rakinn frekar hér en þó skal látið uppi að dularfullir áverkar og útdauðar drepsóttir koma við sögu. Margar óvæntar beygjur og hlykkir á söguþráðinum verða til þess að lesendur eru stöðugt á tánum og tilbúnir að hrökkva í kút.

Unnendur spennutrylla og vísindaskáldsagna ættu að fagna þessari bók ákaft því hún er skemmtilega skrifuð og haganlega fléttuð. Persónusköpunin er góð og samtöl raunveruleg og vel farið með vísanir enda augljóst að höfundur hefur lagt sig fram við að hafa bæði vísindalegar og sagnfræðilegar staðreyndir á hreinu við skrif bókarinnar.

Einnig má finna ákveðnar heim-



Ragnheiður Eyjólfsdóttir rithöfundur.

halda í hana. Það hefði reyndar alveg mátt gera meira úr þeim þætti fyrst komið var með hann inn í söguna á annað borð þar sem hann fjarar eiginlega út eftir að hafa komið sterkur inn um miðbik bókar.

Það er ástæða til þess að benda á að þó fyrri tvær skáldsögur höfundar geti talist barnabækur þá fellur þessi tvímælaust í flokkinn ungmennabók þar sem má finna í henni óhugnanlega spretti og grafískar ofbeldislýsingar og yrði kvikmynd gerð sem fylgdi bókinni vel eftir, sem væri reyndar mjög góð hugmynd því framvindunni er oft mjög vel myndlýst, væri sú mynd nokkuð örugglega bönnuð innan sextán.

Rotturnar er skemmtileg aflestrar, spennandi og vel skrifuð og gæti vel haldið lesendum að verki langt fram yfir háttatíma.

Brynhildur Björnsdóttir

**NIDURSTAÐA:** Vel skrifaður, haganlega fléttuður og nokkuð óhugnanlegur vísindaspennutryllir.



spekilegar og jafnvel trúarlegar pælingar í bókinni, sem tengjast voninni og því hvernig það að vona getur haft áhrif á andlega og jafnvel líkamlega heilsu, hvernig og hvort er hægt að gera út af við vonina og hvaða máli það skiptir að

## FROSTAVETURINN MIKLI



## 100 ÁRA FULLVELDI ÍSLANDS FAGNAÐ Á JÓLAFERNUM MS

Fullveldisárið 1918 var sannarlega sögulegt ár með heimsstyrjöld, frosthörkum, eldgosi og bráðsmitandi plágu sem geisadi um heiminn. Árið hófst á ógnarkulda og voru flóar og firðir svo íslagðir að meira að segja hvalir og selir festust í vökum. Talið er að 27 ísbirnir hafi gengið á land en ekki varð manntjón af þeirra völdum þetta ár. Fuglar, fé og hross frusu í hel og hafis fyllti hverja höfn í 3-4 vikur. Veturinn 1917-1918 hefur verið kallaður frostaveturinn mikli en nafnið er fyrst og fremst til komið vegna kuldans í janúar sem var kaldasti mánuður 20. aldarinnar.



Við birtum margvíslegan fróðleik um fullveldisárið 1918 á jólafernum í ár.

Lestu meira á [fullveldi1918.is](http://fullveldi1918.is)



## SAMTÖK SYKURSJÚKRA

SYKURSÝKI = GOTT LÍF

17. nóv 2018, í tilefni af alþjóðadegi sykursjúkra - á HOTEL REYKJAVÍK NATURA

KL. 12:30-16:00, VÖRUKYNNINGAR

ICEPHARMA

MEDOR

HEILSUBORG

INTER MEDICA

SJÖAN SPORTVÖRUR

MEDLYNC

ARTASAN

HEILSUFARSMÆLINGAR Á VEGUM VERKEFNISINS

„LÍF OG HEILSA“, sem er samstarfsverkefni Samtaka sykursjúkra, SÍBS,

Hjartaheilla og Samtaka lungnasjúklinga

KL. 13:00-15:00, MÁLÞING

Stuðningsnet sjúklingafélaganna – Helga Kolbeinsdóttir, félagsráðgjafi

Göngudeild sykursjúkra barna og unglunga – Ragnar Bjarnason, yfirlæknir

Stóra myndin í heilbrigðismálum – Guðmundur Löve, frkvstj SÍBS

Tækni og tækniþróun í meðferð sykursýki – Steinunn Arnardóttir, sérfræðingur á LSH

Kaffiveitingar

**Borgareikhúsið** 568 8000 • borgarleikhus.is

**Elly** Stóra sviðið

Lau 17.11.	Kl. 20:00	Fös 23.11.	Kl. 20:00	Lau 01.12.	Kl. 20:00	Fös 07.12.	Kl. 20:00
Sun 18.11.	Kl. 20:00	Sun 25.11.	Kl. 20:00	Sun 02.12.	Kl. 20:00	Sun 30.12.	kl. 15:00
Fim 22.11.	Kl. 20:00	Fim 29.11.	Kl. 20:00	Fim 06.12.	Kl. 20:00	Sun 30.12.	Kl. 20:00

**Allt sem er frábært** Litla sviðið

Lau 17.11.	Kl. 20:00	Fös 30.11.	Kl. 20:00	Fös 14.12.	Kl. 20:00
Fös 23.11.	Kl. 20:00	Lau 08.12.	Kl. 20:00		

**Kvenfólk** Nýja sviðið

Fim 22.11.	Kl. 20:00	Lau 01.12.	Kl. 20:00	Sun 16.12.	Kl. 20:00	Sun 30.12.	Kl. 20:00
Fös 23.11.	Kl. 20:00	Fös 07.12.	Kl. 20:00	Fim 20.12.	Kl. 20:00	Sun 06.01.	Kl. 20:00
Lau 24.11.	Kl. 20:00	Lau 08.12.	Kl. 20:00	Fös 21.12.	Kl. 20:00	Fös 11.01.	Kl. 20:00
Sun 25.11.	Kl. 20:00	Fim 13.12.	Kl. 20:00	Fös 28.12.	Kl. 20:00		
Fös 30.11.	Kl. 20:00	Fös 14.12.	Kl. 20:00	Lau 29.12.	Kl. 20:00		

**Tvískinnungur** Litla sviðið

Sun 18.11.	Kl. 20:00	Fim 22.11.	Kl. 20:00	Sun 25.11.	Kl. 20:00	Lau 01.12.	Kl. 20:00
------------	-----------	------------	-----------	------------	-----------	------------	-----------

**Jólaflækja** Litla sviðið

Lau 24.11.	Kl. 13:00	Lau 01.12.	Kl. 13:00	Lau 08.12.	Kl. 13:00	Lau 15.12.	Kl. 13:00
Sun 25.11.	Kl. 13:00	Sun 02.12.	Kl. 13:00	Sun 09.12.	Kl. 13:00	Sun 16.12.	Kl. 13:00

**Rocky Horror** Stóra sviðið

Fös 16.11.	Kl. 20:00	Fös 30.11.	Kl. 20:00	Fös 14.12.	Kl. 20:00
Lau 24.11.	Kl. 20:00	Lau 08.12.	Kl. 20:00		

**Þjóðleikhúsið** 551 1200 • leikhusid.is

**Ronja Ræningjadóttir** Stóra sviðið

Lau 17.11.	kl. 14:00	Sun 02.12.	kl. 14:00	Sun. 06.01.	kl. 16:00	Sun. 10.02.	kl. 13:00
Lau 17.11.	kl. 17:00	Sun 02.12.	kl. 17:00	Sun.13.01.	kl. 13:00	Sun.10.02.	kl. 16:00
Sun. 18.11.	kl. 16:00	Sun 09.12.	kl. 14:00	Sun. 13.01.	kl. 16:00	Sun. 17.02.	kl. 13:00
Sun. 18.11.	kl. 13:00	Sun 09.12.	kl. 17:00	Sun. 20.01.	kl. 13:00	Sun. 17.02.	kl. 16:00
Lau 24.11.	kl. 17:00	Lau 29.12.	kl. 13:00	Sun. 20.01.	kl. 16:00	Sun 24.02.	kl. 13:00
Sun. 25.11.	kl. 14:00	Lau 29.12.	kl. 16:00	Sun. 27.01.	kl. 13:00	Sun. 24.02.	kl. 16:00
Sun. 25.11.	kl. 17:00	Sun. 30.12.	kl. 13:00	Sun. 27.01.	kl. 16:00		
Lau. 01.12.	kl. 14:00	Sun. 30.12.	kl. 16:00	Sun. 03.02.	kl. 13:00		
Lau. 01.12.	kl. 14:00	Sun.06.01.	kl. 13:00	Sun. 03.02.	kl. 16:00		

**Samþykki** Stóra sviðið

Fös 23.11.	kl. 19:30	Fim 29.11.	kl. 19:30	Fös 30.11.	kl. 19:30	Fös 07.12.	kl. 19:30
------------	-----------	------------	-----------	------------	-----------	------------	-----------

**Leitin að jólnum** Leikhúslóftið

Lau 17.11.	kl. 11:00	Lau 01.12.	kl. 12:30	Fös 14.12.	kl. 17:30	Lau 22.12.	kl. 11:00
Lau 17.11.	kl. 12:30	Sun 02.12.	kl. 11:00	Fös 14.12.	kl. 19:00	Lau 22.12.	kl. 13:00
Lau 24.11.	kl. 11:00	Sun 02.12.	kl. 12:30	Lau 15.12.	kl. 11:00	Lau 22.12.	kl. 14:30
Lau 24.11.	kl. 13:00	Lau 08.12.	kl. 11:00	Lau 15.12.	kl. 13:00	Sun 23.12.	kl. 13:00
Lau 24.11.	kl. 14:30	Lau 08.12.	kl. 13:00	Lau 15.12.	kl. 14:30	Sun 23.12.	kl. 14:30
Sun 25.11.	kl. 11:00	Lau 08.12.	kl. 14:00	Sun 16.12.	kl. 11:00		
Sun 25.11.	kl. 12:30	Sun 09.12.	kl. 11:00	Sun 16.12.	kl. 13:00		
Lau 01.12.	kl. 11:00	Sun 09.12.	kl. 12:30	Sun 16.12.	kl. 14:00		

**Fly Me To The Moon** Kassinn

Lau 17.11.	kl. 19:30	Fös 23.11.	kl. 19:30	Sun 02.12.	kl. 19:30
Fim 22.11.	kl. 19:30	Lau 01.12.	kl. 19:30		

**Insomnia** Kassinn

Lau 24.11.	kl. 19:30	Fim 29.11.	kl. 19:30	Sun 09.12.	kl. 19:30
Sun 25.11.	kl. 19:30	Fös 30.11.	kl. 19:30		

**Pú finnur draumastarfið á Job.is**



GDRN og Auður taka lagið í Stúdentakjallaranum í kvöld, svona til að létta aðeins á stressuðum stúdentum.

**Hvað? Hvenær? Hvar? Laugardagur**

hvar@frettabladid.is

**17. NÓVEMBER 2018**

**Tónlist**

**Hvað?** Á móti sól  
**Hvenær?** 20.30  
**Hvar?** Alþjóðhúsið, Vestmannaeyjum  
 Á móti sól verður í tónleika- og söngurinum í Alþjóðhúsinu í dag, 17. nóvember. Hljómsveitin mun leika öll sin vinsælustu lög og segja sögnarnar á bak við þau, og einhverjar allt aðrar sögur líka. Til dæmis kemur örugglega eitthvað af göðum sögum af Þjóðhátíð þegar liður á kvöldið.

**Hvað?** GusGus | Stórtónleikar, Eldborg  
**Hvenær?** 20.00  
**Hvar?** Harpa  
